



Minnst níu eru látnir og 30 þúsund manns eru heimilislausir eftir að fellibylur gekk yfir Houston í Texas. Úrkoma hefur verið mikil síðustu daga og heilu hverfin eru á floti. Áætlað er að allt að þrjátíu sentimetra rigning hafi fallið í gær. Útlit er fyrir áframhaldandi úrkomu í dag og talið er að mesta úrkoman færist nú til Louisiana og jafnvel Mississippi. NORDICPHOTOS/AFP sjá síðu 6


## Sjálfstæðisflokkurinn í yfirburðastöðu

Sjálfstæðisflokkurinn fengi þriðjung atkvæða í kosningum til borgarstjórnar. Er næstum tvöfalt stærri en næstærsti flokkurinn. Núverandi oddviti segir fylgið á mikilli hreyfingu. Fjölmarginir hafa ekki tekið afstöðu til flokka.

**STJÓRN MÁL** Sjálfstæðisflokkurinn fengi mestan stuðning allra flokka í Reykjavíkurborg ef borgarstjórnarkosningar færu fram í dag. Þetta sýna niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Flokkurinn fengi 34,2 prósent atkvæða. Það er næstum tvöfalt meira en Vinstri grænir fengju, en þeir eru næststærsti flokkurinn samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Samfylkingin er með 13,7 prósent, Píratar 12,4 prósent. Flokkur fólksins kemur svo sterkur inn með 7 prósentu fylgi.

Halldór Halldórsson, núverandi oddviti Sjálfstæðisflokksins, segir fylgið á töluverðri hreyfingu. Hann

### Könnun Fréttablaðsins



bendir á að Sjálfstæðisflokkurinn hafi verið með 32 prósent fylgi í könnun í desember en síðan um 27 prósent fyrir um það bil mánuði.

Sveitarstjórnarkosningar fara fram í vor. Halldór segir að fylgið muni hreyfast þangað til ljóst verður hverjir bjóða fram. „En ég ætla að vona að þetta sé til marks um það að eitthvað af málflutningnum hafi skilað sér,“ segir Halldór, sem sjálfur hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér í næstu kosningum.

Könnunin var gerð þannig að hringt var í 1.063 manns í Reykjavík samkvæmt lagskiptu slembiúrtaki dagana 28. og 29. ágúst þar til náðist

í 791. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir aldri. Svarhlutfallið var 74,4 prósent. Alls tóku 46 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. Tölf prósent sögðust ekki ætla að kjósa eða skila auðu, tæp 18 prósent voru ekki búin að gera upp hug sinn og 24 prósent vildu ekki svara spurningunni.

Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk? – jhh

### Launakostnaður hækkað skarpt

**VIÐSKIPTI** Launakostnaður fyrir tækja hefur hækkað 40 prósentum meira hér á landi en í helstu samkeppnisríkjum Íslands á síðustu tveimur árum. Í fyrra var hlutfall launa á Íslandi af landsframleiðslu það hæsta á Norðurlöndum, eða 62,4 prósent í Svíþjóð og 54,6 prósent í Noregi.

Viðmælendur Markaðarins óttast að enn eitt höfrungahlaupið í launahækkunum fari af stað í komandi kjaraviðræðum vetrarins. Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, segir að samninganefndir hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga, verði að taka þeim skilaboðum sem búið er að gefa með kjarasamningum ASÍ og SA. – kij /sjá Markaðinn

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Katrín Jakobsdóttir skrifar um sveltistefnu og einkarekstur. **8**

**SPORT** Haukur Helgi Pálsson er klár fyrir fyrsta leik á EM. **10**

**LÍFIÐ** Ekkert um hæð og þyngd í samningum, segir Hafðís Jónsdóttir. **22**

**PLÚS 2 SÉR- BLÖÐ • FÓLK • ENDURSKOÐUN OG BÓKHALD**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



50% afsláttur  
Frír linsupokki

**Gríptu afsláttarkortið** næst þegar þú kaupir daglinsur í Augastað



**augastaður**

Glerúgnavverslunin þín

**MJÓDDIN | FJÖRÐUR**

**Dale Carnegie**



**Sýndu hvað í þér býr**  
Ókeypis kynningartími  
30. ágúst kl. 20:00

Ármúli 11, 3. hæð  
Skráning á [www.dale.is](http://www.dale.is)

## Veður



Vestlæg átt 3-8 í dag, skýjað og lítils háttar súld við vesturströndina en bjartvirði austanlands. Hiti 8 til 17 stig, hlýjast sunnanlands. **SJÁ SIÐU 14**

## Áslaug vildi streyma bardaganum

**FJÖLMIÐLAR** Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður allsherjar- og menntamálanefndar, auglýsti um helgina eftir slóð á ólöglegt streymi af bardaga Conors McGregor og Floyds Mayweather. Það var gert í tísti á Twitter. Tístinu hefur nú verið eytt en afrit af því má sjá á vef Stundarinnar.

Undir allsherjar- og menntamálanefnd heyrta meðal annars málefni fjölmiðla og starfsumhverfi þeirra.

Stöð 2 Sport hafði keypt réttinn að umræddum bardaga. Að auki bauð Síminn upp á að kaupa áskrift sem veitti eingöngu aðgang að bardaganum.

Áslaug Arna er með rúmlega 1,3 milljónir á mánuði í laun. – jõe

## Kveiktu á kerti fyrir Sverri



Minningarstund var haldin í Seljahverfinu í gærkvöldi vegna fráfalls Sverris Arnar Sverrissonar. Sverrir svipti sig lifi á geðdeild Landspítalans. Sverrir var ungur maður úr Breiðholti sem átti margar góðar stundir á hjólabretti með félögum sínum. Nokkrir af félögum hans sem voru mest að renna sér á hjólabretti með honum renndu sér honum til heiðurs. Hópurinn kveikti á útikertum til minningar um Sverri. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Vilja skoða endurgreiðslu á túrskatti á Íslandi

**VIÐSKIPTI** Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaups, segir það góða ábendingu frá breskum matvöruverslunum að afnema svokallaðan túrskatt á dömubindum og túrtöppum.

Verslanirnar veita viðskiptavinum afslátt sem nemur þeim fimm prósentu auka-skatti sem lagður er á vörurnar þar sem þær flokkast sem lúxusvörur. Gunnar Ingi segir að skoðað verði að gera svipað hjá verslunum Hagkaups.

„Mér finnst þetta góð ábending, þetta hefur ekki komið mikið til umræðu. Mér finnst þetta eitthvað sem mætti skoða frekar,“ segir Gunnar Ingi. Við munum örugglega skoða þetta, svo sjáum við hvað gerist. En mér finnst þetta fánæglegur



Túrtappar eru flokkaðar sem lúxusvörur samkvæmt skattlagningu.

skattur sem ætti ekki að vera til,“ segir Gunnar Ingi.

Túrskatturinn hefur verið umdeildur lengi og rætt hefur verið um það á Alþingi að afnema hann. – sg

## Veiðimenn kirkjunnar hrökklast frá Staðará

Framkvæmdastjóri Kirkjuráðs segir að menn sem hann bauð til veiða í Staðará um verslunarmannahelgina hafi ekki getað veitt vegna áreitni og hótana frá eiganda nágrannajarðarinnar Traða. Ósatt segir Gunnar Jónasson, eigandi Traða.

**DÓMSMÁL** Þótt Hæstiréttur hafi í mars dæmt í ágreiningi þjóðkirkjunnar og eiganda jarðarinnar Traða í Staðarsveit á Snæfellsnesi um veiðirétt í Staðará logar þar enn allt í illdeilum.

Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri Kirkjuráðs, lagði fram skýrslu um stöðu veiðiréttarmála í Staðará á fundi ráðsins fyrir í þessum mánuði. „Kom fram að framkvæmdastjóri hefði boðið tveimur mönnum að veiða í Staðará um verslunarmannahelgina en hvorugum hefði tekist veiðin vegna áreitni og hótana af hálfu Traðabónða,“ segir um málið í fundargerð Kirkjuráðs.

„Þetta er ósatt,“ segir Gunnar Jónasson, eigandi Traða frá 2013. Þar er rekin ferðaþjónusta. Gunnar kveðst vissulega hafa átt samskipti við veiðimann fyrir landi Traða um verslunarmannahelgina en alls ekki hafa haft í hótunum um líkamsmeiðingar eins og Oddur Einarsson haldi fram í bréfi til hans. Það hafi viðkomandi veiðimaður staðfest við sig í samtali og sagst hafa leiðrétt við Odd.

Gunnar viðurkennir hins vegar að hann hafi staðið yfir veiðimanninum sem þá hafi ekki nennt að hafa hann „hangandi yfir sér“ og horfið frá.

Nokkrum dögum fyrir verslunarmannahelgi sendi Oddur Einarsson lögmanni Gunnars bréf og kvaðst ætla að bjóða „nokkrum gestum sínum“ að veiða í Staðará þá um helgina. „Og vænti þess að ekki komi til árekstra þeirra á milli og Gunnars eða gesta hans,“ segir Oddur í bréfinu.

Miklar deilur hafa lengi staðið milli Traða og kirkjunnar fyrir hönd



Ágæt sjóbirtingsveiði er í Staðará og einnig bleikja og stöku lax. Illa gengur þó að stunda veiðar þar vegna ágreinings jarðaeigenda. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

**Kom fram að framkvæmdastjóri hefði boðið tveimur mönnum að veiða í Staðará um verslunarmannahelgina en hvorugum hefði tekist veiðin vegna áreitni og hótana af hálfu Traðabónða.**

Úr fundargerð Kirkjuráðs

prestsetursjarðarinnar Staðastaðar um veiðirétt í Staðará sem er fyrst og fremst góð sjóbirtingsá.

Í maí 2016 dæmdi Héraðsdómur Vesturlands að allur veiðiréttur í Staðará fyrir landi Staðastaðar, beggja vegna árinna skyldi til-

heyra Staðastað. Hæstiréttur komst hins vegar að annarri niðurstöðu í mars á þessu ári og synjaði kirkjumálasjóði um viðurkenningu á því að allur veiðirétturinn fyrir landi kirkjujarðarinnar tilheyrði óskiptur Staðastað. Var litid til þess að þegar Traðir voru ríkisjörð hafi ríkið lýst því yfir að býlinu fylgdi veiðiréttur.

Veiðin er því sameiginleg í óskiptu landi og koma aðilar sér ekki saman um hvernig þeir eiga að deila henni með sér. Tradamenn vilja sitja að veiðinni í sínu landi þar sem ós árinna er og hafa lagt til að kirkjujörðinni, sem er ofar í landinu, fylgi veiði ofan þjóðveggar. Um þetta er engin sátt.

Guðjón Ármannsson, lögmaður Gunnars, segist nú vinna að því ásamt lögmanni þjóðkirkjunnar að skipta landi jarðanna. Hann vill ekki tjá sig að öðru leyti um stöðu málsins. [gar@frettabladid.is](mailto:gar@frettabladid.is)

7. september í 11 nætur

Frá kr. 74.995

Vinsæla KRÍT

Stökktu

Netverð á mann frá kr. 74.995 m.v. 2 fullorðna í gistingu.

Heimsferðir



TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# GERÐU GOTT MÓT MEÐ AURIS

sérstakt tilboðsverð

í takmarkaðan tíma



Verðlistaverð frá:  
Auris – 2.970.000 kr.  
Auris Hybrid – 3.290.000 kr.

Einnig fylgja 40.000 Vildarpunktar Icelandair með Auris meðan tilboðið gildir ●●●●●●●●

Þegar mikið er í húfi er gulls ígildi að hafa samherja innan sinna raða sem dregur fram það besta í öðrum. Ef þú vilt finna leikgleði í liprum akstri skaltu bruna til næsta viðurkennda söluaðila og nýta þér sértíloboð á öllum gerðum Auris, hinum eina sanna óska-samherja. Jafnframt fylgja fjórfaldir Vildarpunktar með öllum gerðum Auris. Skelltu þér á hann áður en lokaflautið gellur.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

## VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000



Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)  
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.  
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Vegurinn að Seljavallalaug nánast ófær og versnar við rigningar

**FERÐAÞJÓNUSTA** Vegurinn að Seljavallalaug, sem er orðinn vinsæll ferðamannastaður, er orðinn afar holóttur eftir því sem umferð um hann hefur fæst í aukana. Til stendur að hefja hann á næstu dögum.

Hefillinn var í Landeyjum á leið austur á mánudag. „Ástandið versnar með hverjum deginum, sérstaklega þegar er farið að rigna. Það er svo ofboðsleg umferð þarna, hann ræður ekki við þetta, þessi vegur,“ segir

Ágúst Freyr Bjartmarsson, yfirverkstjóri hjá Vegagerðinni í Vik í Mýrdal. Hann segir að lítið hafi verið um kvartanir vegna vegarins. „Langmest fara þarna útlendingar sem heyrst ekkert í, þannig að þá verðum við bara sjálfir að fylgjast með,“ segir Ágúst.

Margir leggja leið sína í laugina að sögn Ármanns Fannars Magnússonar, formanns Ungmennafélagsins Eyfellinga, sem rekur laugina.

Ástandið versnar með hverjum deginum, sérstaklega þegar er farið að rigna.

Ágúst Freyr Bjartmarsson

„Fyrir tveimur eða þremur árum var talið að gamni hvað væri að koma yfir sumartímann. Það voru um 300 manns á dag og það hefur ekki minnkað síðan,“ segir Ármann. – sg



Holur hafa myndast í veginum vegna þungrar umferðar. MYND/SG

# Reyna að bjarga sætunum eftir úrsögn Sveinbjargar Birnu

Nái Framsókn og flugvallarvinir ekki samkomulagi um samstarf við Sveinbjörgu Birnu Sveinbjörnsdóttur, sem sagði sig úr Framsóknarflokknum í síðustu viku, mun flokkurinn missa öll sæti sín í nefndum og ráðum borgarinnar til meirihlutans. Fundað var í gær í leit að lausnum til þess að halda sætunum.

**STJÓRN MÁL.** „Þetta var góður fundur og við erum að tala saman,“ segir Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir borgarfulltrúi eftir fund með Guðfinnu Jóhönnu Guðmundsdóttur, borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, í gær. Verulega snúin staða er komin upp í borgarstjórn í kjölfar þeirrar ákvörðunar Sveinbjargar að segja sig úr Framsóknarflokknum og frá framboði Framsóknar og flugvallarvina í síðustu viku. Úrsögnin gæti kostað flokkinn öll sæti í nefndum og ráðum borgarinnar fari svo að ekki náist samkomulag milli Sveinbjargar og fyrrverandi samstarfsfólks hennar um áframhaldandi samstarf. Sætin renna annars til meirihlutans.

Ef niðurstaðan verður sú að Sveinbjörg sitji óháð og Guðfinna Jóhanna fyrir Framsókn og flugvallarvini án samkomulags um að standa saman að lista kemur upp sú staða að þegar reiknað verður inn í ráð og nefndir borgarinnar samkvæmt D'Hondt-reiknireglunni mun Framsókn og flugvallarvinir missa öll sín sæti.

Á móti kemur að flokkurinn mun eiga rétt á áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt í öllum sjö manna ráðum borgarinnar en engan atkvæðisrétt.

Þessi réttur til áheyrnar er bundinn við framboðsaðilann, í þessu tilfalli Framsókn og flugvallarvini, þannig að Sveinbjörg ætti ekki sjálfkrafa slíkan rétt sem óháður fulltrúi.

Ljóst yrði einnig að Sveinbjörg myndi missa sæti sitt í borgarráði sem færi þá til meirihlutans í borginni sem hefði þá fimm borgarráðsfulltrúa og Sjálfstæðisflokkurinn tvo. Sveinbjörg yrði frá að hverfa en



Sveinbjörg Birna og Guðfinna Jóhanna reyna nú að komast að samkomulagi vegna stöðunnar sem upp er komin í borgarstjórn í kjölfar úrsagnar Sveinbjargar úr Framsóknarflokknum. Snúin staða er komin upp í flokknum.

Framsókn og flugvallarvinir fengju áheyrnarfulltrúa.

Ef Sveinbjörg og Guðfinna hins vegar ná saman um að mynda blokk um óbreytt ástand í þessari reiknireglu, þrátt fyrir árekstra sína undanfarið, myndu sætin halda sér öröskuð. Sveinbjörg og Framsókn og flugvallarvinir yrðu þá væntanlega að skipta þeim einhvern veginn á milli sín. Þær hittust á fundum á þriðjudag til að ræða málin og reyna að finna farsæla lausn. Sveinbjörg segir fundinn hafa verið góðan þó að samkomulag hafi ekki legið fyrir

Það er ljóst að við viljum vinna að því að minnihlutinn haldi þeim styrk sem hann hefur haft

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir

þegar Fréttablaðið náði af henni tali. Frekari fundarhöld eru fyrirhuguð og undirstrikar Sveinbjörg að þær Guðfinna hafi ekki skilið í illu þegar hún hætti.

„Ég held að hvorug okkar hafi haldið því fram. Ég hef trú á að skynsemin verði einhverjum ágreiningi yfirstærkari. Það er ljóst að við viljum vinna að því að minnihlutinn haldi þeim styrk sem hann hefur haft.“

Meðan þær ræða málin í leit að samkomulagi bíður meirihlutinn eftir að staðan skýrist á undirbúningsfundum fyrir borgarstjórnarfund á föstudag, reiðubúinn að leggja þar til að kosið verði í ráð og nefndir næstkomandi þriðjudag og styrkja sig þannig á kostnað minnihlutans. [mikael@frettabladid.is](mailto:mikael@frettabladid.is)



## Hlauparar hafi á sér vegabréf

**DANMÖRK** Vegna herts landamæraeftirlits krefst nú danska lögreglan þess að þátttakendur í 12 km hlaupi yfir Þýsku landamærin hafi á sér vegabréf á hlaupunum til framvísunar á landamærunum eða önnur gild ferðaskilríki. Í þau 32 ár sem landamærahlaupið hefur verið haldið hafa þátttakendur getað hlaupið vegabréfslausir.

Lögreglan í Danmörku hefur neitað þátttakendum um undanþágu. Þýska lögreglan krefst ekki framvísunar vegabréfs, heldur aðeins lista með nöfnum þátttakenda og númerum sem þeir bera. Danskur þingmaður hyggst ræða við dómsmálaráðherrann og biðja hann um að Danir verði jafn sveigjanlegir og þjóðverjar.

Um 400 manns eru skráðir í landamærahlaupið. – ibs

## Danska stjórnin vill lækka skatta

**DANMÖRK** Það á að borga sig að vinna. Menn eiga að finna mun á því að vera í starfi og því að vera ekki á vinnumarkaðnum. Þetta sagði fjármálaráðherra Danmerkur, Kristian Jensen, þegar danska ríkisstjórnin tilkynnti tillögur sínar um lækkan á tekjuskatti auk fleiri skattalækkana.

Stjórnvöld leggja áherslu á að skapa fleiri atvinnutækifæri og fækka þeim sem eru á framfæri hins opinbera. – ibs

# 6.540 KR.

Á MÁNUÐI

## ENGIN BINDING

EFTIR HVERJU ERTU AÐ BÍÐA?

6 stöðvar · 3 sundlaugar · [reebokfitness.is](http://reebokfitness.is)

**Reebok**  
FITNESS

**HONDA**  
The Power of Dreams

# CR-V Sumarauki



Honda CR-V Elegance Navi  
4x4, bensín, sjálfskiptur kr. 5.590.000

Honda CR-V Elegance Navi  
4x4, dísil, sjálfskiptur kr. 5.990.000

Sumarauki að verðmæti  
**kr. 500.000**  
fylgir öllum Honda CR-V í ágúst\*

\*Gildir ekki með börum tilboðum.



[www.honda.is](http://www.honda.is)

Við lögðum af stað með meira. Meira pláss til að gera góða hluti, eiga góða daga, meira af góðum ferðum. Meiri bíl til að treysta á, aflmeiri, hagkvæmari, sparneytnari. Meira af því sem við gerum vel - gert enn betur.  
**Já, og meira fyrir peninginn.**



Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • [www.bernhard.is](http://www.bernhard.is)

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

Frá kr.  
**259.995**  
m/fæði skv.  
ferðaáætlun

9. október í 10 nætur



Gönguferð

# SORRENTO skaginn

**H**ið virta tímarit National Geography hefur útnefnt Amalfi-ströndina sem einn af þeim 50 stöðum sem mælt er með að heimsækja á lífsleiðinni. Komdu með okkur í gönguferð um Sorrentoskagann en við höfum sett saman ferð sem blandar saman útiveru og þægindum í þessu fallega umhverfi.

Í þessari ferð er flogið í leiguflugi Heimsferða til Palermo á Sikiley. Frá Palermo er flogið til Napolí en það er um 1 klst. flug. Dvalið er í Napolí í 2 nætur á góðu hóteli í miðborginni. Þá er dvalið í 4 nætur í fallega smábænum Amalfi á Amalfi-ströndinni og í lokin 4 nætur í Sorrento bænum.



POMPEI & VESÚVÍUS



RAVELLO & TORRELLO



GUÐASTÍGUR



EYJAN CAPRI

Farið verður í gönguferðir um Sorrentoskagann, Vesúvíus og Capri. Í sumum tilfellum er ekið að upphafstað göngustaðanna sem löngum hafa verið taldir til helstu náttúruperlna á Ítalíu. Gönguferðirnar eru fjölbreyttar og gefa kjörið tækifæri til að kynnast menningu og náttúru svæðisins í kringum Napolíflóann. Leiðir liggja jafnt um skógivaxnar hlíðar Amalfi-strandarinnar og ógnvænlegan hátind Vesúvíusar, sem ilmandi gróðurbreiðurnar á Capri. Gengið er innan um vínvið og ólífuviðarlundi er fela minjar ævaforrar menningar, þar sem villt blóm og síturstré fylla loftið af sætri angan.

Hér ríkja skærir litir Miðjarðarhafsins sem varpa draumkenndum blæ yfir náttúruna og útsýnið meðfram ströndinni er algjörlega einstakt. Draumaferð allra þeirra sem vilja blanda saman hæfilegri útiveru og þægindum í fögru og rómantísku umhverfi.

Frá kr. 259.995 m/fæði skv. ferðaáætlun

Netverð á mann frá kr. 259.995 m.v. 2 í gistingu.

**Innfalið:** Flug, skattar, innrituð 20 kg taska, gisting á 4\* hóteli í 10 nætur m/morgunmat, 3 kvöldverðir, akstur til og frá flugvelli ásamt ofangreindri dagskrá. Innlendir enskumælandi leiðsögumaður ásamt íslenskum leiðsögumanni miðað við lágmarkspáttöku 16 manns.

**Heimsferðir**  
- fáðu meira út úr fríinu



Um 30 þúsund manns eru heimilislausir eftir fellibylinn og flóðin. NORDICPHOTOS/AFP

## Úrkoman færirst frá Texas til næstu ríkja

Minnst níu eru látnir og 30 þúsund manns eru heimilislausir eftir að fellibylur gekk yfir Houston í Texas á föstudagskvöld. Útlit er fyrir áframhaldandi úrkomu í dag og talið er að mesta úrkoman færirst nú til Louisiana og jafnvel Mississippi.

**BANDARÍKIN** Áhrif fellibylsins Harvey sem gekk yfir Houston í Texas á föstudagskvöld hafa ekki látið á sér standa síðustu daga og heilu hverfin eru enn á floti í þessari fjórðu stærstu borg Bandaríkjanna.

Minnst níu eru látnir og 30 þúsund manns eru heimilislausir. Vatnsgurinn sem hefur fylgt Harvey er fordæmalaus. Áætlað er að allt að þrjátíu sentimetra rigning hafi fallið í Houston í gær. BBC greinir frá því að spáð sé að Harvey muni ganga á land aftur í Louisiana-ríki í dag.

Jafnvel þó að dragi úr úrhellinu sem hefur fylgt hitabeltsstorminum Harvey viðheldur hver millimetri rigningar hörmungunum í Texas, að sögn Elínar Bjarkar Jónasdóttur veðurfræðings. Áframhaldandi úrkomu er spáð út vikuna.

Elín Björk, sem nam við Háskólann í Oklahoma og starfar sem veðurfræðingur á Væðurstofu

» Donald Trump Bandaríkjaforseti kom í gær ásamt Melaniu Trump, eiginkonu sinni, til Corpus Christi í Texas þar sem þeim var

9

manns hið minnsta eru látnir vegna flóðanna í Houston í Texas.


Íslands, segir að spáin nú sé að Harvey hörfi suður á bóginn en hann eigi áfram eftir að veita rigningu yfir svæðið næstu fjóra daga þó að hún verði ekki í sama mæli og undanfarna daga. Mesta úrkoman færirst nú yfir til Louisiana og jafnvel Mississippi.

Rúmar sex milljónir manna

búa í Houston og hefur mörgum verið komið til bjargar á síðustu dögum. Almannaþarnir í Bandaríkjunum búast við því að 450.000 sæki um hjálp vegna hitabeltsstormsins.

Elín Björk nefnir til samanburðar að ársúrkomu í Reykjavík sé um 1.300 millimetrar að jafnaði. Um eftirmiðdaginn í gær hafi úrkomu í Texas frá því að Harvey gekk á land numið 1.700 millimetrum eða þar um bil.

BBC greinir frá því að Donald Trump Bandaríkjaforseti hafi komið ásamt Melaniu Trump, eiginkonu sinni, til Corpus Christi í Texas í gær þar sem þeim var gerð grein fyrir ástandinu. The Guardian greinir frá því að mikill þrýstingur sé á Trump að bregðast við náttúruhamförum á sem bestan hátt, en George W. Bush, síðasti forseti Repúblikana-flokksins, var harðlega gagnrýndur fyrir slægt viðbrögð þegar fellibylurinn Katrina gekk yfir Louisiana. [saeunn@frettabladid.is](mailto:saeunn@frettabladid.is)



Úr vöruhúsi Amazon í Bretlandi. NORDICPHOTOS/GETTY

## Bylting Amazon fyrir kennara komin á markað

**TÆKNI** Í síðustu viku tilkynntu forsvaramenn netverslunarrísans Amazon útgáfu nýs tóls fyrir kennara sem auðveldar þeim að þróa kennsluáætlanir fyrir grunnskólanema.

CNN greinir frá því að tólið sem nefnist TenMarks Writing sé fyrir kennara í fjórða til sjötta bekk en áform eru um að útvíkka hópinn sem getur nýtt sér tólið á næstunni. Tólið býður meðal annars upp á ritæfingar, kennsluáætlanir og verkfæri fyrir nemendur.

Kostnaður við tólið er fjórir dollarar, rúmlega fjögur hundruð krónur, á hvern nemanda á ári.

Amazon keypti fyrirtækið TenMarks árið 2013 og er talið að forsvaramenn fyrirtækisins vilji herja á menntakerfið með nýjungum sem þessum. Meðal annars í ljósi þess hve margir skólar nýta nú tölvur, spjaldtölvur og aðra tölvutækni. Amazon hefur verið í mikilli sókn á árinu en gengi hlutabréfa í fyrirtækinu hefur hækkað um 27 prósent á árinu. – sg

## Staðan við suðumark

**KÓREA** Spennan á Kóreuskaganum nálgast þölmörk. Þetta segir í yfirlýsingu frá kínverska utanríkisráðuneytinu.

Andað hefur köldu milli ríkjanna tveggja á skaganum frá því stríði þeirra lauk á sjötta áratug síðustu aldar. Nú síðast í fyrradag þegar eldflaug var skotið frá landinu yfir Japan. Vakti það litla lukku hjá Japan, Suður-Kóreu og Bandaríkjunum. Tvö síðarnefndu ríkin brugðust við með því að auka heræfingar við landamæri norður-ríkisins.

Í yfirlýsingunni kalla stjórnmöld í Peking eftir því að Norður-Kórea hætti eldflaugatilraunum sínum en einnig að Suður-Kórea og Bandaríkin láti af hernaðarbrótti fyrir sunnan 38. breiddargráðu.

„Við vonumst til þess að deiluaðilar ihugi hvernig unnt sé að lægja öldurnar á skaganum með það að markmiði að koma þar á friði og stöðuleika,“ segir í yfirlýsingunni. – jõe



## STUNDUM ERU AUGNABLIKIN SEM ALDREI VERÐA ÞAU MIKILVÆGUSTU

Sagt er að öryggi snúist um nýsköpun. Uppfinning okkar á sjötta áratugnum á þriggja punkta bílbeltinu er frábært dæmi. Bakvísandi barnabílstóllinn sem við kynntum á áttunda áratugnum er annað gott dæmi. Sumir segja að öryggi snúist frekar um tækni eins og þá sem við kynntum um aldamótin sem greinir og varar við öðrum bílum í „blinda punktinum“ eða sjálfvirka hemla sem við kynntum í fyrsta skipti árið 2008.

Nýsköpun og tækni skipta vissulega máli í bílaöryggi. Það sem skiptir þó mestu máli er áhersla okkar á fólk sem er grundvöllurinn að hvatningu okkar til aukins öryggis. Allt sem við gerum er drifið áfram af fólkinu í bílunum og þeim sem eru fyrir utan. Þegar áherslan fer af tækninni og yfir á fólkið þá áttum við okkur á því að ábyrgð okkar er ekki eingöngu gagnvart augnablikinu þegar alvarlegur árekstur verður eða er við það að verða. Ábyrgðin felst í að tryggja ógleymanlegar stundir í framtíðinni sem verða vegna þess að slysum var afstýrt. Þess vegna smíðum við bíla fyrir fólk. Fyrir fólk sem ber umhyggju fyrir öðru fólki.

Framtíðin í öryggi - kynntu þér nýjan Volvo XC60

MADE BY SWEDEN

Brimborg

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is

## SKOÐUN

## Hópurinn



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

**A**lveg er það merkilegt að það virðist vera sama á hverju gengur í íslensku efnahagslífi, alltaf eykst munurinn á milli þeirra sem hafa mest á milli handanna og hinna sem hafa minna. Reyndar alveg sérstaklega þeirra sem hafa minnst og í skýrslum eru kallaðir tekjulægsti hópurinn. Ný skýrsla hagdeildar ASÍ um þróun skattbyrði á launafólk sýnir þetta reyndar sérdeilis vel því þar er staðfest að á tímabilinu frá 1998 til 2016 jókst skattbyrði langmest hjá þeim tekjulægstu.

Þannig að á þessum tíma sáu stjórnvöld ástæðu til þess að ýmist halda í við eða léttja álogur á þá sem afla meiri tekna á kostnað þeirra sem eru á því sem í daglegu tali kallast skítakaup. Þannig að á umræddu átján ára tímabili hefur stjórnvöldum tekist að auka skattbyrði t.d. para á lágmarkslaunum með tvö börn og lágmarks eigið fé í húsnæði (20%) um 21%. Svona er nú lífið á Íslandi; sumir græða á daginn og grilla á kvöldin en aðrir þurfa að vinna bæði á daginn og á kvöldin til þess að eiga möguleika að sjá fyrir sér og sínum en það dugar vist ekki alltaf til. Þetta er svo dapurlegt að maður veit ekki almennilega hvort að maður á að hlæja eða gráta.

Þorsteinn Víglundsson velferðarráðherra kom að umræðu um þetta mál í Kastljósi RÚV í gærkvöldi og benti réttilega á að jöfnunarhlutverk skatt- og bóta-kerfisins hefur verið að minnka á Íslandi. Hins vegar hefur Þorsteinn líka á orði að hann telji vera nokkuð víðtæka samstöðu um þetta jöfnunarhlutverk og ef það er tilfellið þá mun það vonandi ekki standa í núverandi ríkisstjórn að bæta úr þessum ójöfnuði hið fyrsta. Ekki veitir af, því að það sem í skýrslum heitir tekjulægsti hópurinn er í raunveruleikanum fólk sem býr við eða undir fátæktarmörkum. Fólk sem á í vandræðum með að fæða og klæða börnin sín og sjálf sig, fólk sem getur ekki séð börnunum sínum fyrir tómstundum, hvað þá sjálf notið lífsins með eðlilegum hætti í vestrænu velferðarþjóðfélagi og þannig mætti áfram telja. Þetta er fólk sem festist mögulega í fátæktargildru sem getur varað kynslóð fram af kynslóð með ómurlegum afleiðingum fyrir bæði viðkomandi einstaklinga og samfélagið í heild.

Þessi þróun er mun alvarlegra mál en stjórnmalin virðast gera sér grein fyrir og á meðan virðist vandi þessa fólks vaxa frá ári til árs og því miður kemur það engum á óvart sem hefur eitthvað umgengist tekjulægri hópa samfélagsins á þessum tíma. Þetta er fólk sem Þorsteinn Víglundsson er að vinna fyrir í velferðarráðuneytinu og það er aðkallandi verkefni að vinda ofan af þessari þróun hið allra fyrsta. Til þess þarf róttækar aðgerðir til jöfnunar sem ríkisstjórnin öll, ekki aðeins velferðarráðuneytið, verður að koma að með fjölbættum hætti því vaxandi misskipting er samfélagsmeið sem varðar okkur öll. Okkur öll sem nú bíðum þess að Þorsteinn Víglundsson og félagar hans í ríkisstjórn gripri til aðgerða og stöðvi þessa mjög svo óheillavænlegu þróun ekki seinna en strax.

Þetta er fólk sem festist mögulega í fátæktargildru sem getur varað kynslóð fram af kynslóð með ómurlegum afleiðingum fyrir bæði viðkomandi einstaklinga og samfélagið í heild.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Vistvænn þingmaður**  
Theodóra S. Þorsteinsdóttir, þingflokksformaður Bjartrar framtíðar, ætlar að hætta á þingi um áramótin. Eflaust þykir mörgum það slæmt en það verður líkast til sérstaklega slæmt fyrir umhverfið. Á tæplega ársferli sínum sem þingmaður virðist Theodóra nefnilega hafa lagt sig fram við að draga úr pappírnotkun Alþingis. Stærstur hluti skjala sem lagður er fyrir þingið er prentaður út í mörgum eintökum og virðist formaðurinn hafa gætt að því að sem fæst tré verði þingmálum hennar að bráð. Óvist er að eftirmaður hennar hugsi jafn vel um umhverfið.

**Piratinn Áslaug**  
Formaður allsherjar- og menntamálanefndar, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, vaknaði upp við vandan draum um helgina þegar hún ætlaði að horfa á bardaga aldarinnar. Eitthvað basl var að nálgast útsendinguna með löglegum leiðum. Hún dó þó ekki ráðalaus heldur spurði hvort einhver vissi ekki um streymi af honum á veraldarvefnum. Slik streymi eru nær undantekningalaust illa fengin og kennd við sjóræningja eða pirata. Eitt sinn var gantast með að þetta væri svo til eina stefnumál Pirata. Það skyldi þó ekki fara svo að það fjölgi bráðum um einn Sjálfstæðismann í þingflokki þeirra á næstunni? [johannoli@frettabladid.is](mailto:johannoli@frettabladid.is)

## Sveltistefna og einkarekstur



Katrín Jakobsdóttir  
formaður  
Vinstri grænna

**H**eilbrigðisráðherra var á vorþingi þrjúspurður um það hvert hann hygðist stefna hvað varðar einkarekstur í heilbrigðiskerfinu. Ráðherrann margitrekadi að ekki stæði til að fara í neinar grundvallarbreytingar á heilbrigðiskerfinu eða að auka stórkostlega við einkarekstur í kerfinu.

Nú lítur hins vegar út fyrir að flokkur heilbrigðisráðherra, Björt framtíð, sem talaði mjög fyrir kerfisbreytingum á sviði sjávarútvegs og landbúnaðar fyrir kosningar, ætli sér fyrst og fremst kerfisbreytingar í átt til aukins einkarekstrar í heilbrigðiskerfinu. Aðrar kerfisbreytingar hafa gúfað upp. Þannig bærust í síðustu viku fréttir af því að Sjúkratryggingar Íslands hygðust semja við Klíníkina við Ármúlanum um brjóstnám og brjóstauppbýggingu á konum sem greinast með BRCA-genið. Hingað til hafa þessar aðgerðir sem krefjast innlagnar og kalla á sérhæfða þjónustu eingöngu verið gerðar á Landspítalanum en Klíníkin hefur lengi sóst eftir samningi um þessar aðgerðir eins og fjallað hefur verið um á opinberum vettvangi og vísað til langra biðlista á spítalanum. Því var hafnað af síðasta heilbrigðisráðherra, Kristjáni Þór Júlíussyni. En nú er ákveðið á vakt Bjartrar framtíðar að semja við einkaaðila og opna þar með á enn frekari einkavæðingu í heilbrigðisþjónustunni.

Fram undan eru fleiri stórar ákvarðanir. Hvað mun heilbrigðisráðherra gera þegar kemur að ákvörðun um rekstur sjúkrahótels sem nú er verið að reisa á lóð Landspítalans við Hringbraut? Mun hann fela Landspítalanum rekstur þess eins og spítalinn hefur sjálfur óskað eftir? Eða bjóða reksturinn út til að færa enn stærri hluta heilbrigðiskerfisins í hendur einkaaðila sem greiða sér svo arð úr rekstrinum? Sveltistefna gagnvart almannaþjónustu virðist vera helsta lim þessarar ríkisstjórnar.

Í stað þess að fylgja vilja meirihluta landsmanna sem vill sjá meira fé renna til heilbrigðiskerfisins og enn fremur að það sé félagslega rekið á að viðhalda sveltistefnunni sem birtist kýrskýrt í nýsamþykktu fimm ára fjármálaáætlun og standa fyrir enn frekari einkavæðingu á almannaþjónustu. Um það snýst þessi ríkisstjórn, þetta eru einu kerfisbreytingarnar sem hún stendur fyrir.

Það þarf líklega ekki að leita annarra skýringa á því hvers vegna hún er að loknu hálfu ári enn óvinsælli en sjálfur Donald Trump.



Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2

VIÐ ERUM AÐ  
TALA UM ÞIG

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 365



# Fossar til framtíðar í stað Hvalárvirkjunar



Tómas Guðbjartsson Ólafur Már Björnsson

læknar og áhugamenn um útivist og náttúruvernd

teljast að okkar mati í hópi tilkomumestu fossa landsins. Við höfum ákveðið að birta myndir okkar af 30 helstu fossunum á Facebook frá og með 1. september og kynna þannig einn foss á dag í 30 daga. Stuttur texti fylgir myndunum sem tala sínu máli og munu vonandi hjálpa fólki að taka upplýsta ákvörðun um fyrirhuguð virkjanaáform.

Fossamyndirnar ætlum við síðan að prenta út í lit og gefa út sem „Fossadagatal“ sem sent verður á alþingismenn, ráðherra, sveitar-

stjórnir á Vestfjörðum, landeigendur sem selt hafa vatnsréttindi sín í Ófeigsfirði og Eyvindarfirði, stjórnarmenn í HS Orku og Vesturverki, forsvarsmenn Landsnets, Umhverfisstofnunar, Orkustofnunar og Landverndar. Loks vinnum við að gerð stutts myndbands þar sem raskið af virkjuninni er útskýrt með privíddarhönnun. Kostnað berum við sjálfir – enda teljum við málefnið afar brýnt og mikilvægt: að vernda náttúru landsins svo komandi kynslóðir fái að njóta hennar.



Einn af tilkomumestu fossunum í Eyvindarfjarðará á Ströndum.

Nýlega ferðuðumst við undirritaðir fótgangandi með allt á bakinu um fyrirhugað virkjanasvæði Hvalár á Ströndum. Við skoðuðum virkjanasvæðið í heild sinni og gengum eftir þremur helstu vatnsföllunum endilöngum; Rjúkanda, Hvalá og Eyvindarfjarðará. Í þessum ám eru hundruð fossa og mörg tilkomumikil gljúfur. Við gengum einnig eftir heiðum sem stendur til að leggja undir risastórt uppistöðulón og gístum þar í tjaldi, áður en aftur var haldið niður eftir dölum og gljúfrum þar sem árnar renna í sjó fram. Náttúruvegurinn er erfitt að lýsa, en auk fossa í öllum stærðum og gerðum blöstu við okkur tjarnir með fuglum og flóru, afskekkt heiðavötn, og strendur þaktar rekaviði. Einstakt veður gerði upplifun okkar á fegurð svæðisins enn sterkari en ella.

## Hvalárvirkjun – úlfur í sauðagæru?

Við teljum að mikið skorti á að almenningur hafi fengið nauðsynlegar upplýsingar um fyrirhugaða virkjun í Hvalá og Eyvindarfjarðará. Þetta á sérstaklega við um neikvæð áhrif virkjunarinnar á viðernin á Ströndum, svæði sem teljast meðal helstu náttúruperla Vestfjarða. Ósnortin viðerni eru ekki ótæmandi auðlind enda hafa þau verið skert um 70% á Íslandi á síðustu 70 árum. Staðsetning virkjunarinnar er sérlega viðkvæm, rétt við þróskuld friðlandsins á Hornströndum. Við viljum einnig minna á að í náttúruverndarlögum njóta fossar sérstakrar verndar.

Hvalárvirkjun hefur sífellt verið að stækka á teikniborðinu, og er nú 55 MW, sem er langt umfram orkuþörf Vestfjarða. Nafnið er úlfur í sauðagæru, enda ljóst að auk þeirra 35 MW sem fást með virkjun Hvalár og Rjúkanda bætast 20 MW við með virkjun Eyvindarfjarðará. Réttara heiti væri því Hvalár-, Rjúkanda- og Eyvindarfjarðarárvirkjun, en í síðastnefndu ánni eru flestir af tilkomumestu fossunum – fossar sem heimamenn segja okkur að þeir myndu sjá mest eftir.

## Nýtt umhverfismat

Það er ótrúlegt að svo breyttri „Hvalárvirkjun“ hafi verið laumað í gegnum þarsíðustu Rammaáætlun, án nauðsynlegrar kynningar og umræðu. Það ferli virðist götött og kanna þarf hvort reglum hafi verið fylgt. Við teljum eðlilega kröfu að umhverfisáhrif virkjunarinnar verði metin að nýju, ekki síst fyrir þá staðreynd að nú er ljóst að tugir tilkomumikilla fossa í Eyvindarfjarðará munu að mestu þurrkast upp. Okkur hefur fundist umræðan um Hvalárvirkjun of einsleit og lítið rætt um aðra valkosti en virkjun til að styrkja byggð í Árneshreppi og efla atvinnulíf á Vestfjörðum. Við erum sannfærðir um að tækifæri framtíðar liggi fremur í aukinni ferðamennsku þar sem ósnortin viðerni eru í öndvegi.

## Fossadagatal í 30 daga og stuttmynd

Við mynduðum hátt í hundrað fossa í ferð okkar, suma úr lofti með dróna. Fossarnir hafa margir hverjir ekki sést áður á mynd en stærstu fossarnir, Drynjandi, Rjúkandi, Eyvindarfjarðarárfossar og Hvalárfossar,

# Skál fyrir skóla



LÍFFRÆÐI

EFNAFRÆÐI

NÆRINGARFRÆÐI

JARÐFRÆÐI

Cheerios

## Fyrsti titill tímabilsins í Mosfellsbæinn



**Óflugur á linunni** Afturelding bar sigurorð af Íslands- og bikarmeisturum Vals, 21-24, í Meistarakeppni HSÍ í gærkvöldi. Þessi árlegi leikur markaði upphaf keppnistímabilsins í handbolta hér á landi. Á myndinni hér fyrir ofan skorar Einar Ingi Hrafnsson eitt fjögurra marka sinna fyrir Aftureldingu. Einar Ingi er einn fjölmargra leikmanna sem hafa snúið aftur í Ólis-deildina eftir dvöl í atvinnumennsku erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Nýjast

## Meistarakeppni karla

## Valur - Afturelding 21-24

**Valur:** Anton Rúnarsson 5/2, Magnús Óli Magnússon 4, Vignir Stefánsson 4, Ásgeir Vignisson 3, Arnór Snær Óskarsson 2/2, Alexander Örn Júlíusson 1, Sveinn Jose Rivera 1, Stiven Tobar Valencia 1.

**Afturelding:** Ernir Hrafn Arnarson 5/2, Einar Ingi Hrafnsson 4, Gunnar Þórsson 4, Mikk Pinnonen 4, Elvar Ásgeirsson 2, Gestur Ólafur Ingvarsson 2, Árni Bragi Eyjólfsson 2, Þórgímur Smári Ólafsson 1.

## PÉTUR Í BANNI GEGN KR

Pétur Viðarsson var í gær úrskurðaður í eins leiks bann á fundi aganefndar KSÍ vegna rauða spjaldsins sem hann fékk eftir 1-1 jafntefli Stjórnunnar og FH á sunnudaginn. Pétur tekur út bannið þegar FH mætir KR á fimmtudaginn. Davíð Snorri Jónasson og Brynjar Björn Gunnarsson, aðstoðarþjálfarar Stjórnunnar, sem fengu einnig rauða spjaldið eftir leikinn á sunnudaginn voru sömuleiðis úrskurðaðir í eins leiks bann.

## Í dag

**17.20 Þór - Keflavík** Sport 2  
**17.50 Grindavík - Valur** Sport

**Pepsi-deild kvenna:**  
**18.00 Grindavík - Valur**  
**18.00 KR - Breiðablik**  
**19.15 Haukar - Fylkir**

## Inkasso-deildin:

**17.30 Þór - Keflavík**  
**17.45 Selfoss - Fylkir**  
**18.00 ÍR - HK**  
**19.15 Gróttá - Fram**

## Auðvelt að koma aftur inn í þetta lið

## CCG

As a christian church known by many from our internet page [ccg.org](http://ccg.org), we know there is considerable interest for our literature in Iceland. Because of this we would like to conduct a seminar for interested persons this autumn.

If anyone would like to meet with us, please contact us at [secretary@ccg.org](mailto:secretary@ccg.org)

Meiðslapésarnir Haukur Helgi Pálsson og Jón Arnór Stefánsson deila herbergi í fyrsta sinn en eiga það vonandi líka sameiginlegt að vera klárir í slaginn í fyrsta leiknum á EM á morgun.

**KÖRFUBOLTI** Þegar blaðamenn gengu inn í salinn í lok æfingar íslenska körfuboltalandsliðsins í Helsinki í gær sat Haukur Helgi Pálsson einn á varamannabekknun við hlið sjúkrapjálfa íslenska liðsins. Ekki var þó ástæða til að hafa neinar sérstakar áhyggjur af því þar sem hljóðið í Hauki sjálfum var gott eftir æfinguna.

„Staðan er þokkaleg á mér miðað við æfingu í dag. Ég kláraði æfinguna og var frekar góður,“ sagði Haukur sem missti af síðasta leik íslenska liðsins fyrir mótið.

Haukur Helgi er bjartsýnn á framhaldið. „Núna hef ég ekki spilað í viku. Pumpan er að komast af stað og ég er að venjast þessu aftur. Þetta er allt í góðu. Það er ennþá tími í fyrsta leik sem er mjög gott. Þetta lítur mjög vel út miðað við æfinguna í dag. Það er mikill spenningur og tilhlökkun í gangi núna.“

Jón Arnór Stefánsson tók líka þátt í æfingunni í gær á fullu en þeir hafa báðir verið að missa úr leiki í lokaundirbúningnum. Svo vill til að þeir eru nú orðnir herbergisfélagar. „Finnarnir eru alveg að sjá um okkur. Ég held að við Jón höfum fengið aðeins stærra herbergi því það vilja margir hanga þar. Þetta er í fyrsta skiptið sem við erum her-



Haukur Helgi Pálsson á æfingu landsliðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ

bergisfélagar. Hann er að kenna mér ýmsa hluti,“ segir Haukur léttur.

Þeir félagar voru einmitt tveir stigahæstu leikmenn íslenska liðsins á EM í Berlín fyrir tveimur árum, Jón Arnór með 13,6 stig í leik en Haukur með 12,8 stig í leik.

„Ég sé fyrir mér að mitt hlutverk verði svipað og fyrir tveimur árum. Mér fannst ég eiga frábært mót og ætla bara að halda því áfram núna í ár, ef ekki bara bæta við,“ segir Haukur en hann nýtti 56 prósent þriggja stiga skota sinna í Berlín.

„Núna eru við komnir með marga aðra sem geta tekið við boltanum og búið eitthvað til. Það léttir því aðeins á mér og opnar vonandi fyrir fleiri en mig sjálfan. Að fá Martin og Tryggva inn sem eru að fá stór hlutverk núna og eru báðir að gera mjög vel. Það gerir ekkert nema að hjálpa. Þetta lítur mjög vel út og ég hlakka til,“ segir Haukur.

Hann hefur ekki áhyggjur af

því að meiðslapésarnir og herbergisfélagarnir láti fjarveru sína að undanfögnu trufla sig eitthvað í fyrsta leik á móti Grikkjum á morgun.

„Ég er vanur að verða fyrir einhverju hnjaski og Jón líka. Þetta er nú þokkalega auðvelt fyrir okkur að koma aftur inn í þetta lið. Þetta breytist aldrei, það er alltaf sami mót og við spilum líka eins. Við vitum allir hvað hver og einn getur gert. Það er því aðeins þægilegra að koma inn í þetta lið eftir smá stopp heldur en í önnur lið,“ segir Haukur og bætti því við að liðsheildin hjá Íslandi sé sterk.

„Við erum búnir að spila saman í mörg ár og sérstaklega síðustu ár. Þetta er ennþá sama gamla góða formúlan; að berjast og gera það sem maður getur,“ sagði Haukur.

Fyrsti leikur Íslendinga er á móti Grikkjum klukkan 13.30 á morgun að íslenskum tíma. [ooj@frettabladid.is](mailto:ooj@frettabladid.is)



Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2

VIÐ ERUM AÐ TALA  
UM SPORTIÐ

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 365



Freyr Alexandersson og aðstoðarmaðurinn Ásmundur Haraldsson á blaðamannafundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Minn hugur er að klára þessa undankeppni

Einn nýliði er í íslenska landsliðshópnum sem mætir Færeyjum í undankeppni HM 14. september. Markmið Íslands er að ná 2. sæti riðilsins og komast í umspil.

**FÓTBOLTI** Freyr Alexandersson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta, valdi einn nýliða í íslenska landsliðshópnum sem mætir Færeyjum í undankeppni HM 14. september næstkomandi. Það er Anna Rákel Pétursdóttir sem hefur spilað vel með Þór/KA í sumar. Henni er ætlað að veita Hallberu Guðnýju Gísladóttur samkeppni um stöðu vinstri kantbakvarðar.

Fjórir leikmenn detta út úr hópnum frá EM; Sonný Lára Þráinsdóttir,

Arna Sif Ásgrímsdóttir, Málfríður Erna Sigurðardóttir og Harpa Þorsteinsdóttir sem hefur ekki spilað mikið með Stjórnunni eftir EM.

Leikurinn gegn Færeyjum er fyrsti leikur Íslands í undankeppni HM. Auk Íslands og Færeyja eru Þýskaland, Tékkland og Slóvenía í riðli 5. Fyrirfram má búast við því að Þjóðverjar vinni riðilinn og fari beint á HM. Þau fjögur lið sem eru með bestan árangur í 2. sæti riðlanna sjö fara svo í umspil um tvö laus sæti á EM.

„Þetta er erfitt en það hentar íslensku hugarfari ágætlega að takast á við erfiðleika. Við stefnum að því að tryggja okkur þetta 2. sæti og komast í umspil þar sem allt getur gerst. Á sama tíma ætlum við að stríða Þjóðverjunum aðeins og láta þá hafa fyrir hlutunum,“ sagði Freyr í samtali við íþróttadeild eftir blaðamannafundinn í gær.

Á dögunum jóði Freyr að því að hann gæti hætt þjálfun íslenska landsliðsins í haust. En miðað við orð hans í gær ætla hann að halda áfram.

„Minn hugur er að klára undankeppnina. Ég vil sjá til þess að allir séu að fara í sömu átt, vinni að sömu markmiðum og hugsji stórt. Ég finn ekki annað en að svo sé og ef það heldur áfram mun ég klára þessa undankeppni með landsliðinu,“ sagði Freyr. En hvaða lærdóm dró hann af frammistöðu Íslands á EM?

„Tæknileg þróun er búin að vera gríðarlega mikil á síðustu árum og við þurfum að spyrna við þar, alveg frá yngstu flokkum og upp í A-landsliðið. Við þurfum að halda í við þá þróun. Líkamlegt atgervi er fínt en við þurfum að bæta kraft leikmanna,“ sagði Freyr.

Landsliðshópin allan má sjá inni á visir.is. [ingvithor@365.is](mailto:ingvithor@365.is)

## JAFNRÉTTISRÁÐ

ÓSKAR EFTIR TILNEFNINGUM TIL JAFNRÉTTISVIÐURKENNINGAR FYRIR ÁRIÐ 2017



Viðurkenningu geta hlotið einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög, hópar eða félagasamtök, sem á einn eða annan hátt hafa skarað fram úr eða markað spor á sviði jafnréttismála.

### Rökstuðningur vegna tilnefningar skal fylgja með

Einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög, hópar eða félagasamtök geta tilnefnt sig sjálf eða verið tilnefnd af öðrum. Til að koma til álita við veitingu Jafnréttisviðurkenningarinnar þarf viðkomandi aðili að vera tilbúinn að taka á móti fulltrúum Jafnréttisráðs og svara spurningum þess.

Tilnefningum skal skila rafrænt eigi síðar en 18. september 2017 á netfangið [jafnretti@jafnretti.is](mailto:jafnretti@jafnretti.is)

Íslenskur ís með ítalskri hefð

Komdu og fáðu rjómaís og laktósafrían vegan ís

Bæjarhrauni 2 | Hafnarfirði | Sími: 4370000 | [hafis@hafis.is](mailto:hafis@hafis.is)

# GARÐ-SLÁTTUR

...í áskrift á tveggja vikna fresti á tíu daga fresti

**GARÐLIST**  
ALHLÍÐA GARÐÞJÓNUSTA

Tunguhálsi 7 - 110 Reykjavík - 554-1989 - [www.gardlist.is](http://www.gardlist.is)

Þú sendir hafa lifað án ástar. Ekki einn án vatns.

REYKJAVÍK RAINCOATS

ÚTSÖLUSTADIR: HÖRPU / LAUGAVEGI

REYKJAVÍK RAINCOATS - HVERFISGÖTU 82  
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM - SÍMI: 571 1177

## Þjónustumiðstöð tónlistarfólks

**TÓNASTÖÐIN**  
Allt fyrir tónlistarmanninn

# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**1720** Jón Vídalín Skálholtsbiskup andast 54 ára gamall á leið norður Kaldadal, er hann var kominn þar sem nú heitir Biskupsbrekka til minningar um þennan atburð.

**1779** Í Kaupmannahöfn stofna Íslendingar Hið íslenska lærdómslistafélag og er Jón Eiríksson forseti þess. Markmiðið var að fræða Íslendinga um bústjórn og bæta vísindapekkingu þeirra og bókmenntasmekk. Félagið starfaði til 1796.

**1966** Tvær trillur sigla fram á marsvínavöðu sem þær reka á undan sér upp í landsteina við Laugarnes í Reykjavík þar sem þrjú þeirra voru drepin.

**1967** Eldur kemur upp í vöruskemmum Eimskips við Borgartún í Reykjavík, en þar voru þúsundir tonna af vörum í geymslu. Slökkvilið barðist við eldinn í rúmlega sólarhring. Eignatjón varð meira en áður hafði orðið í eldsvoða á Íslandi.

**1990** Aserbaidsjan lýsir yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum.

## Krakkarnir læra mikið af dönsurum frá útlöndum

Stella Rósenkranz, dansari og deildarstjóri í Dansstúdíói World Class, segir skólann standa á tímamótum. Í fyrsta sinn halda erlendir kennarar námskeið en stoppa ekki yfir helgi. Skólinn nýtir sér stórt tengslanet til að hjálpa nemendum að kanna heiminn.

Við verðum í fyrsta skipti í skólanum með fasta erlenda kennara. Erlendir kennarar hafa komið yfir helgi og kennt á DWC Dance Camp, en það er stærsti dansviðburður sem er haldinn á Íslandi. Núna fáum tvo kennara sem eru í tíu daga í hvort skiptið,“ segir Stella Rósenkranz, danshöfundur og deildarstjóri í Dansstúdíói World Class.

Svo mikill var áhuginn á komandi námskeiðum að heimasíðan réð illa við álagið þegar skráning fór fram. Annar kennarinn heitir Antoine Troupe og hefur komið áður. Hann hefur unnið með Prince og var einn þeirra sem sáu um margrómaða frammistöðu Chris Brown í þætti Jimmy Fallon. „Svo kemur Ibuki Imata frá Japan í nóvember en hún sérhæfir sig í Waacking dansstílnum. Við höfum aldrei boðið upp á kennslu í þeim dansstíl,“ segir hún.

Stella segir að danssenan á Íslandi sé öflug og dansarar í dag séu með háleit markmið. „Þau vilja ná árangri og við viljum ýta undir það. Markmið okkar hjá DWC er að bjóða upp á vandaða danskennslu þar sem nemendur ná árangri og ná sínum persónulegu markmiðum. Dansararnir okkar eru orðnir það öflugir að við viljum alltaf gera meira og betur á hverri önn. Þess vegna erum við að fá inn erlenda kennara.“

Tengslanet dansskólans er stórt og þó heimurinn sé stór þá er unnið að því hörðum höndum að minnka hann. „Við erum að reyna að búa til brú yfir hafið. Dans er ekki stór heimur en hann virkar risastór. Við erum búin að byggja upp stórt tengslanet og reynum að greiða veginn fyrir krakkana. En fyrst og fremst bjóðum við upp á dansnám sem gerir viðkomandi vonandi betri dansara og manneskju. Áherslan í okkar starfi er að nemendur okkar séu þeir sjálfir, þori að sýna persónuleika sinn á meðan þeir dansa og efla þannig sinn persónulega stíl.“



Stella Rósenkranz, dansari og deildarstjóri í DWC, segir að ákveðin tímamót séu í starfi skólans þetta árið með komu erlendra kennara. MYND/GARDAR ÓLAFSSON

Áherslan í okkar starfi er að nemendur okkar séu þeir sjálfir, þori að sýna persónuleika sinn á meðan þeir dansa og efla þannig sinn persónulega stíl.

Stella Rósenkranz

Önnin byrjar af krafti með tveimur heimspekkum dönsurum. Annar þeirra er einn af danshöfundum Beyoncé en hann kallar sig Hollywood. Einnig er Matt Steffanina að koma en hann er einn vinsælasti kennari í heimi en 1,7

milljónir fylgja honum á Instagram. „Það eru margir geggjafir dansarar að koma upp núna á Íslandi. Ég er svo oft í sjokki í danstímum yfir þessum hæfileikaríku nemendum okkar.“

Með samfélagsmiðlum þá eru krakkar miklu móttækilegri fyrir dönsurum og auðvelt að nálgast myndbönd af dönsurum og pikka upp rútinur á netinu. Ég var að taka upp spor Michaels Jackson á VHS-spólu og stúdera þau. Krakkar eru með aðgang sem ég hafði ekki. Ég braut pinnann í vídeóspólu og merkti EKKI TAKA YFIR,“ segir hún og hlær. „Það var ekki mikið í boði þá en núna eru tækifærin nánast endalaus, hér heima og erlendis og ég elska það.“ benediktboas@365.is



Innilegar þakkir til allra sem sýndu vináttu og hlýju vegna andláts og útfarar

### Ásgeirs Bragi Ólafssonar

Sérstakar þakkir til starfsfólks heimahjúkrunar, heimahlyningar, Sigríðar Sveindóttur, læknis krabbameinsdeildar 11E, og líknardeildar Landspítalans.

Katla Helgadóttir og fjölskylda.



Ástkær móðir okkar, systir, tengdamóðir og amma,

### Jenný Samúelsdóttir

f. 21. 02. 1936,

lést mánudaginn 21. 08. 2017. Útför hennar fer fram í Gautaborg fimmtudaginn 21. 09. 2017.

Guðrún Holm  
Kim Mogensen  
Hulda Samúelsdóttir og aðrir aðstandendur.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### Þóra Þorleifsdóttir

Sóltúni 2, Reykjavík,

lést sunnudaginn 27. ágúst.

Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 1. september kl. 13.00.

Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Thorvaldsensfélagið, sími 551 3509.

Haldóra Margrét Helgadóttir  
Hörður Óskar Helgason

Þorbergur Atlason  
Sigrún Sigurðardóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir og amma,

### Bryndís Anna Rail

lést laugardaginn 26. ágúst. Útförin mun fara fram frá Vídalinskirkju þriðjudaginn 5. september kl. 15.

Innilegar þakkir til starfsfólksins á krabbameinsdeild 11E og líknardeild Landspítalans fyrir góða umönnun og hlýju. Sérstakar þakkir fá lækarnir Óskar Þór Jóhannsson og Eiríkur Jónsson. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnst Bryndísar er bent á minningarsjóð líknardeildar.

Októ Einarsson

Jakob Arnar Októsson  
Finnur Snær Októsson  
Ólóf Októsdóttir  
Egill Agnar Októsson  
Erla Dís Jakobsdóttir

Nína Sigurveig Björnsdóttir  
Ármann Ari Árnason



### Ólöf Magnúsdóttir Robson

22/2 Abercromby Place,  
Edinburgh EH3 6QE,

lést á St. Columba's Hospice í Edinborg 23. ágúst sl. Minningarathöfn í Reykjavík verður auglýst síðar.

Frank Robson  
Magnus Robson  
Michelle Robson  
Anna og Cara Robson



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar

### Skapta Ólafssonar

Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu í Mariuhúsi, á Landspítala og í Sóltúni fyrir frábæra umönnun.

Kolbrún Gunnarsdóttir  
Stella Skaptadóttir  
Sævar Skaptason  
Steinn Skaptason  
Ólöf J. Ólafsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.  
Ólafur Elisson  
Bryndís Óladóttir



Frændi okkar,

### Jóhannes Gestsson

bóndi, Giljum í Hálsasveit,

lést á dvalarheimilinu Brákarhlið í Borgarnesi sunnudaginn 20. ágúst. Útförin fer fram frá Reykholtskirkju 2. september klukkan 11. Ættingjar þakka starfsfólki Brákarhliðar fyrir einstaklega góða umönnun og hlýju.

Aðstandendur.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### Guðrún Eyjólfsdóttir

Blásölum 22, Kópavogi,

lést þriðjudaginn 22. ágúst. Útför hennar fer fram frá Lindakirkju föstudaginn 1. september kl. 13.00.

J. Ingimar Hansson  
Sigrún Ingimarsdóttir  
Björgvin Ingimarsson  
Dóra Ingimarsdóttir  
María Ingimarsdóttir  
barnabörn og barnabarnabarn.  
S. Árni Ingimarsson  
Helga Björg Helgadóttir  
Pétur Waldorff Karlsson  
Rickard Möller


# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 30. ágúst 2017

31. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



  
**ROLEX**  
OYSTER PERPETUAL  
SUBMARINER DATE



  
**MICHELSEN**  
ÚRSMÍÐIR  
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.michelsen.is

## Óttast enn eitt höfrungahlaupið

Raungengi launa nálgast sögulegar hæðir. Greinendur telja getu fyrirtækja til að taka á sig frekari kostnaðarhækkanir komna að endimörkum. Óttast er að enn eitt höfrungahlaupið fari af stað í komandi kjaraviðræðum. Framkvæmdastjóri SA segir fráleitt að opinberir starfsmenn séu leiðandi í launaþróun í landinu.

»6-7



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



### »2 Turninn við Höfðatorg til sölu

Fasteignafélag í eigu lífeyrissjóða undirbýr nú sölu á öllum eignum félagsins sem eru metnar á um 22 milljarða króna. Langsamlega stærsta eignin er turninn við Höfðatorg.

### »2 Eignast 88 prósent hlut í DV

Dalurinn ehf., sem er meðal annars í eigu Róberts Wessmann, hefur eignast 88,38 prósent hlut í Pressunni, móðurfélagi DV og Eyjunnar. Lánam var breytt í hlutafé.

### »10 Skortir skýrt umboð

„Horfa þarf til fleiri hagstjórnartækja en stýrivaxta ef árangur á að nást í peningastefnunni og fyrirbyggja þarf að kerfisáhætta byggist upp í fjármálakerfinu,“ segir Lilja Alfreðsdóttir í aðsendri grein.

## Ávallt FRÍAR sjónmælingar

### KAUPAUKI

Með öllum margskiptum glerjum fylgir annað par FRÍTT með í sama styrkleika.

Tímamantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind, 5288500

Optical Studio í Keflavík, 4213811

Optical Studio í Leifsstöð, 4250500



**Optical Studio**

SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK

## Dalurinn eignast 88 prósentu hlut í Pressunni

Eignarhaldsfélagið Dalurinn eignaðist í liðinni viku 88,38 prósentu hlut í fjölmiðlafyrirtækinu Pressunni, sem er meðal annars móðurfélag Vefpressunnar, DV og Eyjunnar. Félag í eigu Björns Inga Hrafnssonar, útgefanda Pressunnar, og Arnars Ægissonar, framkvæmdastjóra félagsins, eiga um ellefu prósentu hlut í félaginu.

Eigendur Dalsins eru þeir Árni Harðarson, Halldór Kristmannsson, Hilmar Þór Kristinsson, Jóhann G. Jóhannsson og Róbert Wessmann, en hver um sig á tuttugu prósentu hlut í félaginu. Fyrir í sumar keyptu þeir allt hlutfé í Birtingi, sem gefur meðal annars út Gestgjafann, Hús og híbýli og Vikuna.

Í apríl var tilkynnt að sex fjárfestahópar, þar á meðal Dalurinn, hefðu ákveðið að leggja Pressunni til fé. Var gert ráð fyrir að hlutfé yrði aukið um 300 milljónir. Áformin um hlutfjárfærðinguna gengu hins vegar ekki eftir.

Halldór Kristmannsson, einn af forsvarsmönnum Dalsins, segir í samtali við Markaðurinn að félagið hafi lagt Vefpressunni til umtalsverða fjármuni í tengslum við fyrirhugaða hlutfjárfærðinguna í vor. „Hún gekk hins vegar ekki eftir og aðrir

fjárfestar drógu sig út. Dalurinn lagði til fjármuni sem nýttust við greiðslu opinberra gjalda og vegna vanskila á lífeyrissjóðs- og stéttarfélagsgreiðslum starfsmanna.“

Þá útskýrir Halldór að félagið hafi ekki lagt aukið fé til rekstrarins frá því að tilkynnt var um að ekkert yrði af boðaðri 300 milljóna hlutfjárfærðingunni. „Staða Vefpressunnar og dótturfélaga er þung og stjórnendur hafa óskað eftir svigrúmi í sumar til að leita nýrra hluthafa til að bjarga rekstrinum en það hefur ekki gengið eftir,“ segir Halldór.

Á meðal þeirra fjárfesta sem drógu sig út úr hlutfjárfærðingunni var félagið Gufupressan í eigu Skúla Gunnars Sigfússonar, sem er oftast kenndur við Subway, og byggingarfélagið Eykt.

Dalurinn er þannig orðinn langsamlega stærsti eigandi Pressunnar með 88,38 prósentu hlut. Þar á eftir kemur félagið Kringlueignir ehf., í eigu Björns Inga, með 5,28 prósentu hlut og AB11 ehf., í jafnri eigu Björns Inga og Arnars Ægissonar, með 4,18 prósentu hlut. Fyrir umræddar breytingar áttu félög í eigu þeirra tveggja 82 prósentu hlut í Pressunni. Auk þess átti Steinn Kári Ragnarsson, framkvæmdastjóri DV, tíu prósentu hlut og Jakob Hrafnsson, bróðir Björns Inga, átta prósentu hlut. Þeir eru báðir farnir úr hluthafahópnum.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa skuldir Vefpressunnar og DV aukist undanfarna mánuði og nema heildarskuldir Pressusamstæðunnar nú rúmlega 700 milljónum króna. Eru vanskil við tollstjóra vegna opinberra gjalda og eins ógreidd gjöld í lífeyrissjóði og stéttarfélag yfir 400 milljónir króna. Tollstjórinn hefur lagt fram gjaldprotabeiðni á hendur Vefpressunni sem verður tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í næsta mánuði. Heimildir Markaðarins herma að stjórnendur Vefpressunnar hafi itrekað reynt að fresta úrskurðinum án árangurs og mun ekkert samkomulag vera í gildi um greiðslu ógreiddra gjalda. Að óbreyttu mun héraðsdómur því taka beiðni tollstjórans fyrir og úrskurða um hvort félagið verði tekið til gjaldprotaskipta. kristinningi@frettabladid.is



Róbert Wessmann

### MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Ritstjóri Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

**Sjónvarpsdreifikerfi**  
fyrir hótél, gistiheimili og skip.

**ÖREIND** – Tengir þig við framtíðina!

Auðbrekku 3 • Kópavogur • s. 564 1660  
oreind@oreind.is • www.oreind.is

**sart** SAMTÖK RÁFVERKTAKA



Fasteignafélagið FAST-1 keypti turninn við Höfðatorg af Íslandsbanka árið 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Lífeyrissjóðir að selja Höfðatorgsturninn

Fasteignafélag í eigu lífeyrissjóða undirbýr nú sölu á öllum eignum félagsins sem eru metnar á um 22 milljarða króna. Langsamlega stærsta eignin er turninn við Höfðatorg. Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hefur umsjón með söluferlinu.

Fasteignafélagið FAST-1 undirbýr nú sölu á öllum eignum samstæðunnar en langsamlega stærsta eign þess er Höfðatorgsturninn við Borgartún og Katrinartún sem var metinn á um 18 milljarða króna á árslok 2016. Samtals nema eignir félagsins hins vegar ríflega 22 milljörðum.

Gísli Reynisson, framkvæmdastjóri FAST-1, sem er samlagshlutfélag að mestu í eigu íslenskra lífeyrissjóða, segir í samtali við Markaðurinn að formlegt söluferli muni hefjast á allra næstu vikum. Það er fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka sem er ráðgjafi seljenda í ferlinu.

Aðspurður segir Gísli ekki hægt að segja fyrir um hvenær hann búist við að söluferlinu ljúki. Hann bendir hins vegar á það sé mat stjórnenda að nú sé góður tími til að selja fasteignasafn félagsins, meðal annars með hliðsjón af lækkandi vöxtum á markaði. Gísli er einn eigenda Contra eignastýringar sem hefur séð um rekstur eigna FAST-1 frá árinu 2012 og þá er fasteignafélagið í stýringu Íslandssjóða, dótturfélags Íslandsbanka.

# 1.274

milljónir voru leigutekjur félagsins sem á og rekur Höfðatorg á árinu 2016.

Heildarleigutekjur FAST-1 á árinu 2016 námu um 1.630 milljónum króna og jukust um líðlega 80 milljónir frá fyrra ári. Þar munaði mest um tekjur af leigustarfsemi dótturfélagsins HTO ehf., sem á og rekur atvinnuhúsnæði að Höfðatorgi, en þær voru samtals 1.274 milljónir í fyrra. Hagnaður félagsins fyrir matsbreytingu fjárfestingareigna var um 970 milljónir króna á síðasta ári. Heildarstærð eigna félagsins er um 57 þúsund fermetrar að meðtöldum bílakjallara sem er undir byggingunum.

Turninn að Katrinartúni, sem haf-

ist var handa við að reisa árið 2007 af byggingarfélaginu Eykt, er nítján hæðir en á meðal þeirra fyrirtækja og stofnana sem eru þar með starfsemi eru Fjármálaeftirlitið, Reiknistofa bankanna, Olís, WOW air, Samherji, Arctic Finance og ýmsar lögmattsstofur.

Stærstu hluthafar FAST-1, hvor um sig með 19,9 prósentu eignarhlut, eru Gildi lífeyrissjóður og Lífeyrissjóður verslunarmanna og þá nemur hlutur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins – bæði A- og B-deild – samtals 18,5 prósentum. Aðrir lífeyrissjóðir eiga undir 10 prósentu hlut og þá á Tryggingamiðstöðin ríflega þrjú prósentu hlut í félaginu.

Fasteignafélagið FAST-1 eignaðist Höfðatorg upphaflega árið 2013 þegar það keypti eignarhaldsfélagið HTO af Íslandsbanka, sem átti þá 72,5 prósentu hlut í félaginu, og Péttri Guðmundssyni og tengdum aðilum sem fóru með 27,5 prósentu hlut. Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka sá einnig um söluferli félagsins á þeim tíma en bankinn hafði tekið yfir Höfðatorg að mestu árið 2011. hordur@frettabladid.is

## Hætt við sölu Öryggismiðstöðvarinnar

Eigendur Öryggismiðstöðvar Íslands, sem eru meðal annars Hjörleifur Þór Jakobsson, fyrrverandi forstjóri Hampiðjunnar og Óliúfélagsins Esso, og Guðmundur Ásgeirsson, oft kenndur við Neskipt, hafa hætt við sölu á fyrirtækinu. Ákvörðun um þetta var tekin fyrr í þessum mánuði en þá höfðu staðið yfir viðræður við þrjá til fjóra hópa fjárfesta um möguleg kaup á öllu hlutfélaginu, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Fyrirtækið var sett í söluferli í lok maímánaðar, eins og greint var frá í Fréttablaðinu á þeim tíma, en það var fyrirtækjaráðgjöf Arctic Finance sem var

» Væntingar eigenda stóðu til þess að geta fengið yfir þrjú milljarða króna fyrir allt hlutfélaginu

ráðgjafi seljenda í ferlinu. Samkvæmt heimildum Markaðarins stóðu væntingar eigenda til þess að geta selt allt hlutfélaginu fyrir rúmlega þrjú milljarða króna. Í stuttu fjárfestingarferlinu kynningu

sem var send á fjárfesta og ýmsa markaðsaðila í tengslum við söluferlið kom meðal annars fram að tekjur félagsins hefðu aukist um líðlega fjórðung á árinu 2016 og numið tæplega 3,7 milljörðum króna. EBITDA-hagnaður – afkoma fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta – batnaði einnig um 130 milljónir á milli ára og nam 421 milljónir í fyrra.

Stærsti eigandi Öryggismiðstöðvarinnar er Unaós ehf. með 90 prósentu hlut. Helstu eigendur þess félags, hvor um sig með ríflega 30 prósentu hlut, eru Guðmundur Ásgeirsson og hjónin Hjörleifur Þór og Hjördis Ásberg. Hjörleifur, sem er jafnframt stjórnarformaður Öryggismiðstöðvarinnar, var um tíma einn nánasti samstarfsmaður Ólafs Ólafssonar, aðaleiganda Samskipa, og stýrði þá fjárfestingarfélaginu Kili sem var stór hluthafi í Kaupþingi og sat í stjórn bankans. – hae

Hjörleifur Jakobsson er stjórnarformaður félagsins.



Við hjálpum þér að fylla í eyðurnar



*Hvort sem þig vantar sérhæfða iðnaðarmenn, málara, rafvirkja, þúsundþjalasmið til lengri tíma eða handlangara til skemmri tíma, þá höfum við hendur í verkið. ELJA útvegar þér þann fjölda starfsmanna sem þú þarft – eins lengi og verkefni þín krefjast. Láttu okkur ráða.*

**elja**

Starfsmannabjónusta

Láttu okkur ráða

Elja starfsmannabjónusta 4 150 140 [elja.is](http://elja.is) [ELJA@ELJA.IS](mailto:ELJA@ELJA.IS)

# Saka lögmann um að hafa í hótunum

Forsvarsmenn Brims hafa kvartað til úrskurðarnefndar lögmannna vegna framgöngu lögmanns eignarhaldsfélagsins Glitnis HoldCo. Þeir saka lögmanninn um að hafa haft í hótunum við fyrrverandi starfsmann Brims. Lögmaðurinn vísar ásökunum á bug.

Kristinn Ingi Jónsson  
kristinningi@frettabladid.is



Forsvarsmenn sjávarútvegsfélagsins Brims hafa kvartað til úrskurðarnefndar lögmannna vegna framgöngu Ólafs Eiríkssonar, lögmanns eignarhaldsfélagsins Glitnis HoldCo, sem var stofnað á grunni eigna slitabús Glitnis banka í lok árs 2015, en þeir saka lögmanninn um að hafa haft í hótunum við fyrrverandi starfsmann Brims sem er tilvonandi vitni í dómsmáli sem Glitnir hefur höfðað á hendur félaginu. Forstjóri Brims segir erlenda vogunarsjóði „svífast einskis í innheimtu krafna“ hér á landi.

Ólafur segist í samtali við Markaðinn hafna umræddum ásökunum sem röngum. Málið sé til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni og telur hann því ekki rétt að ræða efnisatriði þess nánar.

Allir nefndarmenn úrskurðarnefndarinnar lýstu sig vanhæfa til þess að taka kvörtunina fyrir og á eftir að finna varamenn í þeirra stað. Er því óvíst á þessari stundu hvenær úrskurður verður kveðinn upp í málinu.

Hlutverk nefndarinnar er meðal annars að fjalla um kvartanir á hendur lögmonnum vegna háttsemi sem kann að stríða gegn lögum eða siðareglum Lögmannafélags Íslands.

Málið á rætur að rekja til deilna á milli slitastjórnar Glitnis, síðar Glitnis HoldCo, og Brims vegna á fjórða tug afleiðusamninga sem gerðir voru haustið 2008, skömmu fyrir fall bankakerfisins. Slitastjórnin höfðaði mál á hendur Brimi sumarið 2012 og gerði kröfu um greiðslu á tæpum tveimur milljörðum króna ásamt dráttarvöxtum. Málið var hins vegar fellt



Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims

Það er búið að snúa sönnunarbyrðinni við í þessu máli. Þeir þurfa ekki lengur að sanna að samningur hafi verið gerður í málinu. Það erum við sem þurfum að verja okkur.

niður í byrjun síðasta árs þar sem lögmaður Glitnis sótti ekki þing. Í kjölfarið höfðaði Glitnir að nýju mál sem byggt er á sömu kröfu, umræddum tveimur milljörðum, og verður það tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í haust.

Forsvarsmenn Brims hafna öllum kröfum Glitnis, en í nýbirtum ársreikningi félagsins fyrir síðasta ár er tekið fram að ljóst sé „að enginn starfsmaður Brims hafi beðið um eða gert 23 af 31 samningi sem gerð er krafa um að greiða og mynda um níutíu prósent af kröfu Glitnis HoldCo ehf.“

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, segir að í fyrra málinu, sem Glitnir höfðaði árið 2012, hafi slitastjórnin byggt stefnuna á því að tiltekinn starfsmaður Brims hafi gert umrædda afleiðusamninga við bankann haustið 2008. „Það tók okkur fjögur ár að fá símtölin sem áttu sér stað á milli starfsmanna Brims og Glitnis á sínum tíma. Það þurfti úrskurð Hæstaréttar til þess að við fengjum að hlusta á símtölin og þar kom skýrt fram að þessi tiltekni starfsmaður, sem þeir sögðu að hefði gert samningana, var hættur störfum.

## 1.999

milljónir króna er krafa eignarhaldsfélagsins Glitnis HoldCo á hendur Brimi.



Ólafur Eiríksson hæstaréttarlögmaður

Í kjölfarið breyttu þeir stefnunni og höfðuðu nýtt mál þar sem þeir héldu því fram að annar fyrrverandi starfsmaður Brims hefði gert samningana,“ segir Guðmundur.

Því hafi Brim hafnað. Umræddur starfsmaður hafi ekki gert neina samninga og ekki einu sinni haft umboð til þess.

Guðmundur segir lögmann Glitnis HoldCo þá hafa sent starfs-

manninum fyrrverandi bréf. Þar hafi starfsmanninum verið hótáð því að hann yrði gerður persónulega ábyrgur fyrir umræddum samningum vegna þess að hann hafi ekki haft umboð til þess að skrifa undir þá fyrir hönd Brims.

Brim hafi ekki getað sætt sig við slíkar hótanir og því ákveðið að kvarta til úrskurðarnefndar lögmannna. Starfsmaðurinn fyrrverandi, sem er auk þess tilvonandi vitni í dómsmáli Glitnis gegn Brimi, hafi einnig kvartað til nefndarinnar.

Guðmundur segir málið hafa hvílt eins og mara yfir félaginu í á níunda ár. „Það er búið að snúa sönnunarbyrðinni við í þessu máli. Þeir þurfa ekki lengur að sanna að samningur hafi verið gerður í málinu. Það erum við sem þurfum að verja okkur,“ segir Guðmundur. Ljóst sé að erlendir vogunarsjóðir, sem hafi keypt þrotabú gömlu bankanna, svífast einskis við að innheimta kröfur hér á landi. „Við erum bara í rímu við vogunarsjóði.“

Þess má geta að Brimi var á síðasta ári gert af Hæstarétti Íslands að greiða gamla Landsbankanum 756 milljónir króna vegna skiptasamninga. kristinningi@frettabladid.is



Eignarhaldsfélagið Glitnis HoldCo, sem var stofnað á grunni eigna slitabús Glitnis banka í lok árs 2015, hefur höfðað mál á hendur Brimi vegna tveggja milljarða króna kröfu. Málið verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í næsta mánuði. Dómstólar hafa ekki fallist á frávisunarkröfu Brims. FRETATABLADIÐ/VALLI

## Tryggingafélagið Sjóvá keypti 500 milljóna króna hlut í Ölgerðinni

Tryggingafélagið Sjóvá tók þátt í kaupum fjárfesta á 69 prósent hlut í Ölgerðinni Agli Skallagrímsyni fyrir á árinu. Keypti tryggingafélagið 500 milljóna króna hlut í félaginu, en kaupin gengu í gegn í lok aprílmánaðar.

Framtakssjóðirnir Akur fjárfestingar, í stýringu Íslandssjóða, og Horn III, í stýringu Landsbréfa, sem eru að mestu í eigu lífeyrisjóða, keyptu 69 prósent hlutinn ásamt hópi einkafjárfesta og Sjóvá. Kaupverðið nam um fimm milljörðum króna þegar ekki er tekið tillit til skulda og handbærs fjár Ölgerðarinnar.

Októ Einarsson, stjórnarformaður Ölgerðarinnar, og Andri Þór Guðmundsson, forstjóri félagsins, eiga saman 31 prósent hlut í félaginu í gegnum OA eignar-

haldsfélag ehf. Októ var kjörinn stjórnarformaður á aðalfundi Ölgerðarinnar í lok apríl.

Hermann Már Þórisson, framkvæmdastjóri Horns III, fór þá inn í stjórn félagsins ásamt Jóhannesi Haukssyni, framkvæmdastjóra hjá Íslandssjóðum sem reka Akur. Það gerðu einnig þær Rannveig Eir Einarsdóttir, forstöðumaður flugþjónustudeildar Icelandair, og Sýlvía Kristín Ólafsdóttir, starfsmaður Landsvirkjunar.

Eins og Markaðurinn greindi frá um miðjan mars biðu þáverandi og núverandi eigendur Ölgerðarinnar eftir samþykki Samkeppniseftirlitsins fyrir sölunni í rúma fjóra mánuði að óþörfu. Salan var ekki tilkynningarskyld og úrskurðaði stofnunin endanlega um það í byrjun mars. – kj

» Kaupverðið nam um fimm milljörðum króna þegar ekki er tekið tillit til skulda og handbærs fjár.



Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvá.





LÁNSHÆFISMAT FYRIRTÆKJA

# ER ÞITT FYRIRTÆKI BÚIÐ AÐ SKILA ÁRSREIKNINGI?

## Skil ársreiknings hefur áhrif á lánshæfismat fyrirtækja

Því sterkara sem lánshæfismat fyrirtækis er því traustara verður orðspor þess og staða í viðskiptum. Samkvæmt gögnum Creditinfo eru þau fyrirtæki sem skila ekki ársreikningi á tilsettum tíma tvöfalt líklegri til að lenda á vanskilaskrá.

Það að skila ársreikningi fyrir **1. september** hefur jákvæð áhrif á lánshæfismat fyrirtækisins.

**Kynntu þér lánshæfismat Creditinfo á [creditinfo.is](http://creditinfo.is)**

## Lánshæfismat Creditinfo

- Metur líkurnar á vanskilum
- Er reiknað fyrir nær öll íslensk fyrirtæki
- Lágmarkar áhættu í viðskiptum
- Auðveldar upplýstar ákvarðanir





Íslensk laun í erlendum samanburði hafa hækkað verulega undanfarin ár og eru nú á svipuðum stað og þegar hæst stóð í uppsveiflunni árið 2007. Seðlabankinn reiknar með því að raungengið nái sögulegum hæðum á næsta ári. Hann telur að geta innlendra fyrirtækja til þess að taka á sig frekari kostnaðarhækkunar gæti verið komin að endamörkum vegna hækkanandi gengis. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Raungengi launa í sögulegum hæðum

Samtök atvinnulífsins telja að mikil hækkun raungengis launa síðustu ár ögni samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Launakostnaður innlendra fyrirtækja hefur hækkað umtalsvert meira en í helstu samkeppnisríkjum Íslands. Dósent í hagfræði segir enga leið að rökstyðja frekari hækkun raungengisins. Eitthvað verði undan að láta. Óttast er að enn eitt höfrungahlaupið í launahækkunum fari af stað.

Kristinn Ingi Jónsson  
kristinningi@frettabladid.is



Launakostnaður fyrirtækja hér á landi hefur hækkað um fjörutíu prósent meira en í helstu samkeppnisríkjum Íslands á síðustu tveimur árum. Ekkert lát virðist vera á hækkaninni en Seðlabanki Íslands spár því að raungengi launa nái sögulegum hæðum á næsta ári. Hækkunin endurspeglar þverrandi samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs sem leiðir til minni getu fyrirtækja til þess að standa undir launahækkunum, að sögn Halldórs Benjamíns Þorbergssonar, framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins.

Samfara hækkanandi launakostnaði hefur hlutfall launa af landsframleiðslu hér á landi snarhækkað síðustu ár. Var það í fyrra það hæsta á Norðurlöndunum eða 62,4 prósent borið saman við 60 prósent í Svíþjóð og 54,6 prósent í Noregi.

Viðmælendur Markaðarinn óttast að enn eitt höfrungahlaupið í launahækkunum fari af stað í komandi kjaraviðræðum vetrarins. Verkalýðsfélög á almenna markaðinum muni fylgjast vel með því hvaða samningum opinberir kjarahópar ná í haust og krefjast í kjölfarið sömu launahækkana.

Ari Skúlason, hagfræðingur í hagfræðideild Landsbankans, segir ljóst að svigrúm til launahækkana á komandi mánuðum sé ekki mikið. Flestir hafi búast við því að launahækkarnar sem samið var um í kjarasamningum árið 2015 myndu

Það er óboðlegt að hópar opinberra starfsmanna brjóti niður launastefnuna sem almenni markaðurinn hefur mótað.

Halldór Benjamin Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins



hleypta verðbólgunni af stað. Óvenjulegar aðstæður í efnahagslífinu hafi hins vegar gert það að verkum að svo fór ekki. „En ég held það sé alveg ljóst að sá leikur verður ekki endurtekinn.“

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, segir enga leið að rökstyðja það að raungengi launa geti hækkað mikið meira án þess að við fáum það í bakið síðar. Frekari hækkun geti ekki staðist til lengdar.

Hið opinbera ræður för

Fram undan er umfangsmikil samningalota á vinnumarkaði. Fimmtíu kjarasamningar losna á þessu ári, áttatíu á því næsta og 138 á árinu 2019, en á meðal þeirra sem eru nú að hefja viðræður eru átján aðildarfélög BHM, Bandalags háskólamanna, og grunn- og framhaldsskólakennarar.

Ljóst þykir að hið opinbera mun ráða ferðinni og leiða launaþróunina. „Hið opinbera situr í bilstjórasetinu,“ segir viðmælandi Markaðarinn og bendir á að það sé þvert á það sem viðgangist í nágrennaríkjum okkar,

þar sem útflutningsgreinarnar semja fyrst með hliðsjón af efnahagslegum aðstæðum. Aðrir kjarahópar taki síðan mið af því.

Samninganefndir ríkisins og sveitarfélaga hafa skuldbundið sig til þess að halda sig innan Salek-samkomulagsins svonefnda, sem gerir ráð fyrir að hækkan launakostnaðar fari ekki fram úr 32 prósentum frá árslokum 2014 til loka árs 2018, en óttast er að þau fyrirheit fari fyrir lítið. Er þá helst vísað til þess að ákvarðanir kjararáðs um tuga prósentu launahækkunar hafi sett samkomulagið í algjört uppnám.

Ari telur of snemmt að segja til um hvort von sé á enn einu höfrungahlaupinu í vetur. „Auðvitað eru tilhneigingar í þá átt þegar opinberir hópar eru komnir í stellingarnar og farnir að miða við aðra opinbera hópa. Það samræmist ekki því módeli

# HEIMILI

MIDVIKUDAGUR 30. AGÚST 2017

## Heimili



Á Skólavörðustíg í Reykjavík reka sjö keramiklistakonur í sameiningu Kaolin Keramik Gallerí sem var stofnað 2010. Hver og ein þeirra hefur persónuleg einkenni og stíl.

[heimili](#) ➔6



Guðrún Bjarnadóttir hefur helgað líf sitt kennslu í uppáhaldsfögunum sínum; jurtalitun, grasafraði og plöntugreiningu.

# Umbylti lífi sínu og flutti í sveitina

Guðrún Bjarnadóttir náttúrufræðingur heldur úti vinsælum námskeiðum um jurtalitun við Endurmenntunardeild Lbhí á Hvanneyri. Hún kennir jurtalitun sem byggð er á aldagömlum aðferðum með plöntum úr náttúrunni. ➔2

# Útsala Útsala

Opið virka daga kl. 10 til 18 • Laugardag kl. 11 til 16



Útsölulok  
2. september

30-60%  
afsláttur



Bernhard Laxdal  
BERNHARD LAXDAL

## flytur af Laugaveginum

Timamót eru hjá Bernhard Laxdal. Eftir 57 frábær ár á Laugaveginum flytjum við í enn stærra og glæsilegra húsnæði að Skipholti 29b.

Af því tilefni af þessu er hafin

### RISA RÝMINGARSALA

60%-70%-80%

Gerry Weber - Gardeur - Betty Barclay og fl.

Buxur - pils kr. 3980, kjólaúrval.  
Gínur, standar, borð og innréttingar.

ALLT Á AÐ  
SELJAST



Laugavegi 63, Skipholti 29b • S. 551 4422

## SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA



Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA. Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á [www.arcticstar.is](http://www.arcticstar.is)

Arctic Star sæbjúgnahylki Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - [www.arcticstar.is](http://www.arcticstar.is)

Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

## Aftur af stað



Gönguverkefnið Aftur af stað er fyrir halta, stírða og stæðilega. Hentar vel þeim sem eru í yfirþyngd, með stoðkerfisvanda eða hafa ekki hreyft sig reglulega í langan tíma. Lögð er áhersla á léttar og skemmtilegar göngur á höfuðborgarsvæðinu auk styrktarþjálfunar.



Gengið verður á mánudögum og fimmtudögum kl 18:30. Annan hvern laugardagsmorgun verður farið í stuttar fjallgöngur í nágrenni við höfuðborgina.

Kynningarfundur er miðvikudaginn 30. ágúst kl 20:00 í risi FÍ, Mörkinni 6.

Umsjón með verkefningu hafa Bjarney Gunnarsdóttir og Steinunn Leifsdóttir ípróttafræðingar

Elin  
Albertsdóttir  
elin@365.is



Guðrún hefur ekki farið hefðbundna leið í lífinu. Eftir að hafa starfað í fimm ár sem útsendingarstjóri fréttu á Stöð 2 dreif hún sig í nám til Bandaríkjanna og lærði dýrahjúkrun. Þaðan lá leiðin í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri þar sem hún tók BS-próf í búvísindum og síðan masterspróf í náttúrufræði. Áhugi Guðrúnar á jurtalitun vaknaði þegar hún skrifaði mastersritgerð um grasnytjar við Landbúnaðarháskóla Íslands. Hún bar saman nýtingu á villtum gróðri í Noregi og á Bretlandseyjum við Ísland. „Ég vildi vita hvort landnámsmennirnir hefðu komið með þekkinguna með sér hingað til lands eða fundið hana upp hér. Í grúski mínu fann ég heimildir um jurtalitun til forna, setti upp pott og fór að prófa mig áfram eftir þessum gömlu heimildum. Það var talsvert bras í fyrstu en örliðu síðar kom út bók eftir Sigrúnu Helgadóttur og Þorgerði Hlökkversdóttur, Foldarskart í ull og fat – Jurtalitun, sem hefði hálpað mér heilmikið ef hún hefði komið út aðeins fyrr en hún staðfesti þekkinguna sem ég hafði fundið út með Krísuvíkuleiðinni.“

### Leitað til fornaldar

Núna hefur Guðrún öðlast mikla færni í og þekkingu á jurtalitun og námskeiðin hennar hafa verið afar vinsæl hjá Endurmenntunardeild Landbúnaðarháskóla Íslands. Guðrún segir að hún kenni aðferðina við litun frá upphafi til enda. „Við undirbúum bandið, tinum jurtir, litum, litbreytum með efnum, þurrkum og svo er frágangur.“ útskýrir hún. „Þetta er hálf dags námskeið. Við litum alltaf íslenska ull, einband, og notum rabarbarablöð, rabarbararót, lúpínurót, lúpínublóm, litunarskóf og fleiri jurtir til litunar. Einnig notum við kaktuslús sem er erlent skordýr og gefur bleikan lit. Sumar jurtirnar voru notaðar alveg eins við landnám. Við fáum út ýmsa liti, til dæmis notum við mikið gulan lit sem hægt er að breyta með efnafræði. Ef við skolum gult band með kopar og salmiaki verður það grænt. Í gamla daga notuðu menn hland í staðinn fyrir salmiak og koparpotta. Þótt við notum aðferðir frá því í gamla daga þá nýtum við nútíma tækni eins og rafmagn og salmiak. Við þurfum ekki að pissa í skálar en ég hef engu að síður notað kúahland en salmiakið er þó mun þægilegra í notkun.“ segir Guðrún. „Námskeiðið gengur í raun út á að við vinnum saman litunarferlið frá upphafi til enda, spjöllum saman og skemmtum okkur þessa dagstund. Ég læt nemendurna gera allt sjálfa til að fá sem mesta reynslu og tilfinningu fyrir ferlinu. Þessi dagstund er svolitid hraðsoðin og líflæg en tilgangurinn er að komast yfir hraðsluna við að setja í fyrsta pottinn, sýna fram á að þetta er ekki hættulegt og ekki flókið, bara skemmtileg tilraunastarfsemi. Það eru ekki til nein mistök, bara ólíkir litir.“

### Áhugi hjá bóndakönnum

Guðrún segir að mikill áhugi sé meðal kvenna í dreifbýli á að læra jurtalitun. „Þetta eru konur sem eru að vinna með ullina og nýta náttúruna. Það koma líka konur af höfuðborgarsvæðinu en þær eru fleiri úr sveitum. Ég vildi gjarnan sjá fleiri karla á námskeiðunum.“ segir Guðrún en hún tekur einnig á móti hópum heim til sín í stutta fræðslu og spjall og þá koma oft mennirnir með eiginkonunum. „Þeir hafa ekkert síður ánægju af því að læra þetta ferli. Það hafa flestir gaman af þjóðlegum fróðleik“ segir hún. „Áhuginn á námskeiðinu hefur aukist mikið á undanförunum



Vaskar konur á námskeiði í jurtalitun. Þær eru allar nemendur í Myndlistarskóla Reykjavíkur. Það er gaman að sjá hvernig litirnar verða til.



Hér má sjá hvernig litirnir koma fram eftir meðhöndlun á námskeiðinu.

Við litum alltaf íslenska ull, einband, og notum rabarbarablöð, rabarbararót, lúpínurót, lúpínublóm, litunarskóf og fleiri jurtir til litunar. Einnig notum við kaktuslús sem er skordýr og gefur bleikan lit.

árum. Ég var með eitt námskeið í vor, verð með annað á laugardaginn sem er nær uppselt þannig að við settum upp það þriðja 16. september. Síðan er ég með nokkur námskeið á ári heima hjá mér.“ segir Guðrún og bætir við að áhugi á jurtalitun hafi aukist jafnt og þétt eftir bankahrunið 2008.

„Eftir hrúnið fóru margir að nýta hluti betur og horfa í gamlar hefðir. Áhugi á þróunaskap jókst og jurtalitunin er framhald af því. Fyrir hrúnið voru að detta út kynslóðir sem gátu kennt börnum sínum að þróna. Heil kynslóð sem kunnir ekki þetta handverk. Sem betur fer hefur það breyst. Nú hefur sömuleiðis vaknað áhugi fyrir að spinna.“

### Starfar við áhugamálið

Guðrún býr ekki langt frá Hvanneyri og er með sveitina allt í kringum sig þótt hún stundi ekki bústörf. Hún er stundakennari við Landbúnaðarháskólann og kennir meðal annars grasfræði og plöntugreiningu. „Ég er svo heppin að vinna við áhugamálið“ segir hún. „Skemmtilegasta sem ég

geri er að liggja úti í náttúrunni og greina plöntur. Á Íslandi eru bara 500 tegundir af plöntum sem er lítið miðað við Bretlandseyjar þar sem þær eru hátt í sex þúsund.“

Guðrún segist vera alin upp við mikla handverkshefð og hafa mikla unun af þróunum og allri handavinnu. „Móðir mín var handavinnukennari í Reykjavík. Ég hef hins vegar lítinn tíma fyrir handavinnu, það er alltaf svo mikið að gera. Ég hef til dæmis verið að spinna og það er tímafrekt að sitja við rokkinn. Það trúir því kannski enginn í dag en hér áður fyrr var ég mikil miðbæjarrotta, bjó í miðbænum og vann við útsendingar fréttu á Stöð 2 og RÚV alla mína starfsævi áður en ég ákvað að umbylta lífi mínu árið 2001. Núna var ég að klára kennsluréttindanam fyrir framhaldsskóla við Háskólann á Akureyri en ætli ég láti svo ekki gott heita með frekara nám í bili.“ segir Guðrún og hlær.

### Engin leyndarmál

Guðrún býr í gömlu starfsmannahúsi við Andakilsársvirkjun þar sem hún hefur vinnustofu. Þar býr hún með hundinum Tryggv og nokkrum hænum. „Ég kæmist líklega ekki upp með þessa atvinnu ef ég hefði fjölskyldu þar sem þetta er gríðarleg vinna og ég legg undir mig húsið, vinnustofuna og allan sólarhringinn.“

Það er ánægjulegt hve áhuginn er mikill á jurtalitun og ég nýt þess að kenna hana. Ég er oft spurð að því af hverju ég sé að kenna öll „litunarleyndarmálin“, hvort ég sé ekki hrædd um að allir fari að lita sjálfr og bandið mitt hætti að seljast. En ég svara því til að það myndi veita mér mikla gleði ef jurtalitun yrði svo almenn að bandið mitt hætti að seljast. Ég myndi þá bara finna mér eitthvað annað að gera.“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:  
365 miðlar

Ábyrgðarmaður:  
Svanur Valgeirsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Sólumenn: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

# Vörurnar sem þig dreymir um að eignast



## Fatboy Stripesol

Hlíf 350sm  
Borð 76x120sm  
Golfplata 74sm

sóhlíf með borði

Verð **100.858 kr.**

## Fatboy Headdemock hengirúm

Verð **47.886 kr.**

# fatboy®

## Fatboy Original Nælon-púði (60x60x110sm) Verð 23.650 kr.

Einnig til úr 100% steinþvegnum bómul. Verð 23.650 kr.



## Fatboy Junior púði (60x60x72sm)

Verð **17.727 kr.**

20 LITIR

YFIR 30 LITIR

4 LITIR

Metahlowski púði **32.645 kr.**

2 LITIR

Camouflage púði **26.838 kr.**

16 LITIR

Buggle-Up púði **32.645 kr.** (190x140sm)

**Fatboy á Íslandi**  
á horni Ármúla og Grensásvegur  
Facebook.com/fatboyisland  
Sími 588 1955



## The Lamzac Original púði

(200x90sm) Elskar útiveru

Verð **8.694 kr.**

## Edison The medium lampi

Verð **28.838 kr.**

(32x51sm)

## Edison The Petit lampi

Verð **7.580 kr.**

(16x25sm)

## Edison The Grand lampi

Verð **49.929 kr.**

Elskar útiveru (60x90sm)

CopperCappie skermar **1.745 kr.**



## Cappie-On Deluxe-lampi

Verð **10.650 kr.**

## Cappie-On lampi

Verð **7.580 kr.**

Birtu-stíllanlegur, hægt að hlaða og elskar útiveru

CopperCappie skermar **1.745 kr.**

## Doggielounge púði

Stór Nælon **12.833 kr.** (60x60x72sm)

Stór steinþveginn **13.989 kr.**



Lítill nælon **9.331 kr.** (47x47x52sm)

Lítill steinþveginn **10.477 kr.**



# ALLT FYRIR HEIMILIÐ



Síðumúla 30 - Reykjavík  
Hofsbót 4 - Akureyri

**Vogue**  
FYRIR HEIMILIÐ

## Varmadælar & loftkæling



Kælitækni



- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægur slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Hægt að fá WiFi

Verð frá aðeins  
kr. 180.000 m.vsk  
Midea MOB12  
Max 4,92 kW  
2,19 kW við -7° úti og  
20° inni hita (COP 2,44)  
f. íbúð ca 90m<sup>2</sup>.



Erla með loftljósið fina sem hún bjó til úr rekaviði.

# Fjörufundur varð að loftljósi

Erla Svava Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur bjó til borðstofuljós úr rekaviðardrumbi sem hún fann í fjöruferð. Önnur nýleg verkefni eru indíánatjald og 4 kílóa teppi.

Sólveig  
Gísladóttir  
solveig@365.is



Ég hafði gengið með hugmyndin að þessu ljósi í maganum í dálitinn tíma. Hafði meira að segja hoggð niður tré í garðinum sem ég ætlaði að nota en fannst það svo ekki passa. Þegar ég var í fjöruferð með krökkunum mínum rakst ég á þennan fallega rekaviðarbút og sá þá ljósið lifandi fyrir mér," segir Erla Svava sem býr í fallettri íbúð í Keflavík.

Erla er enginn sérfræðingur í rafmagni og snúrum og hafði því áhyggjur af því hvernig best væri að útfæra ljósið. „Ég hafði heyrt að ég gæti mætt með málin á snúrunum í raftækjaverslun og þeir myndu hanna snúrurnar fyrir mig, en það var nú ekki svo gott. Ég þurfti því sjálf að leggja í tengingar á snúrum og perustæðum sem var talsvert skref fyrir mig sem hef ekki komið nær rafmagni en það að skipta um peru.“ lýsir Erla hlæjandi. Hún segist þó hafa fengið góð ráð í versluninni.

„Þetta var mun auðveldara en ég hélt. Þetta vafðist helling fyrir mér áður en ég byrjaði en þegar til kom var þetta ekkert erfitt.“

Perurnar, perustæði og snúrurnar keypti Erla í Glóey. „Ég valdi perurnar af því mér fannst þær fallegar. Ég fór inn í búðina með hugmynd að dropalaga perum en þegar ég sá þessar fannst mér þær flottastar, svona grófar og skyggðar. Svo má líka alltaf skipta um perur síðar.“

Ljósið hangir í dag yfir borðstofuborðinu og af því er notaleg og falleg birta enda dimmer tengdur við það. Erla setti mynd af ljósinu inn á Facebook-síðuna Skreytum hús og fékk heilmikil viðbrögð. „Ég hef fengið fullt af einkaskíla-boðum þar sem verið er að spyrja mig út í ljósið og hvernig ég fór að. Þessar spurningar eru að koma frá fjölmörgum löndum. Þá hefur fólk líka spurt mig hvort ég geri ljós eftir pöntun og ég er bara þínu farin að



Tjaldið var gamall æskudraumur Erlu en það bjó hún til fyrir drenginn sinn.


klóra mér í hausnum með það," segir Erla sem á töluvert af rekaviði í bílskúrnun og er nú þegar með tvö veggljós í bígerð fyrir sjálfa sig

### Fjögur kíló af ull í eitt teppi

Erla hefur gaman af því að gera fint í kringum sig og sér í lagi að búa sjálf til hluti. Hún á til dæmis allsérstætt teppi sem hún þrónaði sjálf. „Garnið pantaði ég á netinu, notaði dýra nýsjálenska ull en það fóru fjögur kíló af garni í þetta teppi," segir Erla sem þrónaði teppið með svokallaðri „arm-knitting" aðferð þar sem notaðar eru hendur í stað þrjóna. „Það var mjög skemmtilegt og ekkert erfitt." Teppið er afar fallegt en mjög þungt og því notar Erla það mest til skrauts.

### Æskudraumur um tjald

Á heimili Erlu er einnig að finna skemmtilegt tjald. „Tjaldið er nú bara gamall æskudraumur sem ég



Teppið er gert úr fjórum kílóum af garni sem hún pantaði á netinu.

„Þetta var mun auðveldara en ég hélt. Þetta vafðist helling fyrir mér áður en ég byrjaði en þegar til kom var þetta ekkert erfitt.“

Erla Svava Sigurðardóttir

fékk aldrei uppfylltan. Þannig að ég bjó það til handa drengnum mínum sem er fimm ára. Hann er mjög ánægður með það og notar það sem slökunarstaðinn sinn," lýsir Erla. Hún segir tjaldið auðvelt í gerð, allt efnið hafi fengist í BYKO og Ál nabæ og síðan hafi tekið við klukkutímalangt fjölskylduverkefni við að setja það upp.

0 kr. fyrsti mánuðurinn!



Verið vel tengd

Símafélagið



## AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR SKODA

- Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Skoda.
- Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.

SKODA



Við leitumst við að vera samstiga því besta í Evrópu.  
Komið, sjáið og sannfærst.

**bilson**  
-VERKSTÆÐIÐ-

Kletthálsi 9 • Sími 568 1090

Kletthálsi 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is

# Endurskoðun & bókhald

MIDVIKUDAGUR 30. ÁGÚST 2017

Kynningar: dk hugbúnaður, Pricewaterhouse Coopers, Fakta



dk er nú flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði við Smáratorg 3 (Deloitte-turninn), á 15. hæð. Fyrirtækið er einnig með starfsstöð á Akureyri. MYND/EYÞÓR

## dk leiðandi í viðskiptahugbúnaði

Vaxandi fyrirtæki flytja sig yfir í dk. dk viðskiptahugbúnaðurinn er alhliða viðskipta- og upplýsingakerfi fyrir allar stærðir fyrirtækja, þróaður á Íslandi fyrir íslenskar aðstæður og í notkun hjá yfir 6.000 fyrirtækjum. →2

Fyrirtækið dk hugbúnaður er leiðandi á sviði viðskiptahugbúnaðar hér á landi fyrir allar stærðir og gerðir fyrirtækja. Starfsemin hefur farið ört vaxandi undanfarin ár og í dag vinna 58 starfsmenn hjá fyrirtækinu, þar af eru sextán í þróunardeildinni, níu í hýsingardeildinni og 26 í almennri þjónustu. dk er nú flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði við Smáratorg 3 (Deloitte-turninn), á 15. hæð.

#### Sveigjanleiki dk

„Takmarkaðir notkunarmöguleikar eru veikleiki margra bókhaldskerfa á íslenska markaðnum og oft er ekki hægt að laga hugbúnaðinn að sérþörfum fyrirtækja. Við hjá dk höfum þróað fjölda sérlausna fyrir íslenskan og erlendan markað, svo sem almenn þjónustufyrirtæki, verslanir og veitingahús, hótél og gististaði, stéttarfélag, sveitarfélag, endurskoðunar- og bókhaldsþjónusta, útgerðir og fiskvinnslur og framleiðslufyrirtæki,“ segir Dagbjartur Pálsson, en hann er framkvæmdastjóri dk hugbúnaðar, ásamt bróður sínum, Magnúsi Pálssyni.

#### Félagasamtök

dk þjónustar á annað hundrað félagasamtök af öllum stærðum og gerðum. Hjá stærstu félögunum eru hátt í 80 þúsund félagsmenn á skrá og færslurnar vel yfir tíu milljónir.

„Okkar lausnir fyrir stéttarfélag eru eftirfarandi: Allt fyrir bókhaldið, laun og viðskiptamenn, launagreiðendur og lánardrottinn. Þessar lausnir innihalda til dæmis greiningar og skýrslur, ársreikninga, sundurliðun ársreiknings og sjóðstreymi. Í viðbót höfum við félagakerfi fyrir félagatalið, sjóðakerfi til að halda utan um sjóðina og skilgreinar og greiðslur í þá og styrkjakerfi fyrir útgreiðslur á styrkjum úr sjóðum og ýmsar tengingar, svo sem við vefsíðu fyrir umsóknir á styrkjum og „minar síður“.“

#### Hótél og gististaðir

„Einnig má nefna lausnirnar okkar fyrir hótél og gististaði. Fyrir minni hótél og gististaði bjóðum við



Starfsemi dk hefur farið ört vaxandi. 58 starfsmenn vinna hjá fyrirtækinu, allt sérfræðingar á sínu sviði. Í Reykjavík starfa 52 og 6 á Akureyri. MYND/EYÞÓR



dk býður upp á lausnir sem hægt er að nálgast samstundis í snjallsímanum. Hér má sjá dk-afgreiðsluapp, dk-verkbókhaldsapp og dk-stjórnendaapp. sjnsdfPansnjalltækjalausnum. dk POS Pantanaappið fyrir iPad hefur notið mikilla vinsælda hjá veitingastöðum síðan það kom út.

dk bókuarkerfið og fyrir miðlungs og stærri hótél og gististaði erum við með Roomer PMS sem er snjallt, þægilegt og öflugt hótélstjórnunarkerfi (PMS). Með kerfinu fylgir fjöldi tóla og tækja sem hjálpa hótélum að hámarka tekjur og nýtingu yfir allt árið, meðal annars bókuarhnappur og markaðstorg (channel manager) með öllum stærstu bókuararrásum,“ segir Dagbjartur.

#### Öflug stjórnendaverkfæri (viðskiptagreið)

Einn helsti kostur dk viðskiptahugbúnaðarins er öflug greiningartól og stjórnendaverkfæri. Greiningarvinnslurnar í dk byggja á rauntíma-gögnum og sýna því stöðuna eins og

hún er hverju sinni. Með stjórnendaverkfærum er mjög auðvelt að fylgjast með „stóru myndinni“ og bora sig niður eftir upplýsingum eftir því sem þörf er á. dk býður upp á mismunandi sýn á gögnin sem svipar til svokallaðra OLAP-teninga. Þannig er hægt að skoða gögnin út frá mismunandi hliðum og skilgreina eigin sýn á þau. „Í sölukerfinu er hægt að skoða sömu sölugögn út frá tímabilum, viðskiptavinum, flokkum viðskiptavina, svæðum, vörum, vöruflokkum, sölumönnum eða deildum. Kosturinn við að hafa þetta innbyggt er að ekki er þörf á neinum hliðarkerfum fyrir þessa sýn og ekki þarf að passa upp á neinar tengingar milli kerfa,“ segir Dagbjartur.

Fyrirtækið dk hugbúnaður er leiðandi á sviði viðskiptahugbúnaðar hér á landi fyrir allar stærðir og gerðir fyrirtækja.

#### Nútíma greiðslulausnir

Hafsteinn Róbertsson, kerfisfræðingur og sérfræðingur í afgreiðslukerfum hjá dk, segir þjónustu við afgreiðslukerfi sífellt verða stærri hluta af starfsemi dk hugbúnaðar. Nú er hægt að setja afgreiðslukerfi í snjallsíma og spjaldtölvur sem byður upp á mikil þægindi og tækifæri fyrir viðskiptavinum. „Mikil þróun hefur verið undanfarið í afgreiðslukerfinu hjá okkur og má helst nefna vildarkerfi og tengingu við alla nýju appgreiðslumiðlana eins og Netgíró, Pei, Aur, SíminnPay og posa frá Dalpay,“ segir Hafsteinn.

#### dk iPOS afgreiðslukerfið

Hafsteinn segir markaðinn hafa kallað eftir snjalltækjalausnum og hafi dk hugbúnaður svarað því kalli. „dk POS pantanaappið fyrir iPad hefur notið mikilla vinsælda hjá veitingastöðum síðan það kom út fyrir þremur árum.“

Nú hefur dk tekið þá lausn lengra og gert að fullgildu afgreiðslukerfi sem við köllum afgreiðslukerfi dk iPOS. Með því er hægt að vera með afgreiðslukassann bókstaflega í vasanum því hægt er að vera með kerfið bæði í iPhone-símum og iPad-spjaldtölvum. Við þessi tæki er síðan hægt að tengja jaðarbúnað á borð við þröðlausa prentara og greiðsluposa frá Dalpay.“

Öll sala í dk iPOS afgreiðslukerfinu og samskipti við dk-bókhaldskerfið fer fram í gegnum skýjaþjónustu, dk vistun. Umsýsla birgða er leikur einn og salan bókast sjálfkrafa í dk fjárhagsbókhaldi. „Einfaldara verður það ekki fyrir viðskiptavinum okkar,“ segir Hafsteinn.

#### Örugg hýsing gagna hjá dk

Brynjar Hermannsson, tölvunarfræðingur og deildarstjóri hýsingar hjá dk, segir hýsingarumhverfið hjá dk þróað í kringum viðskiptavinum sem nota dk viðskiptahugbúnaðinn. Algengt sé að fyrirtæki séu með alhýsingu hjá dk og geti þá einbeitt sér að kjarnastarfsemi fyrirtækisins.

#### Fyrir hverja er skýið?

„Fyrirtæki af ýmsum toga og öllum stærðum nýta skýjaþjónustu hjá dk,“ segir Brynjar. „Allt frá einstaklingum með verktakaþjónustu og upp í stærstu fyrirtækin sem eru með tugi notenda. Hægt er að velja um mismunandi þjónustu. Kerfisleið I er einfaldasti pakkinn, þá hefur viðskiptavinurinn aðgang inn í skýið okkar og dk kerfið, sem hann annaðhvort á eða leigir af okkur. Við tryggjum að öll leyfi séu í lagi og uppfærum kerfin þegar þarf. Í Kerfisleið II fær viðskiptavinurinn þar að auki aðgang að Word og Excel, tölvupósti og fleiru. Stærstu fyrirtækin eru að hýsa aðra hluti, ýmiss konar sérlausnir sem þá eru gerðir sérsamningar um,“ segir Brynjar.

#### Nýjungar í dk

„Á næstu vikum og mánuðum munum við kynna fleiri lausnir í dk í fyrir vefinn og snjalltækin,“ segir Dagbjartur. „Við erum að tala um lausn sem gerir notendum kleift að vinna með söluveikninga, pantanir og tilboð í gegnum spjaldtölvu, snjallsíma og vefinn. Við erum einnig að tala um lausn sem gerir notendum kleift að skrá inn í verk-bókhaldið, stofna viðskiptavinum og vörur og við erum að tala um öflugt stjórnborð fyrir úrvinnslu gagna og miðlun verðmætra upplýsinga til notenda. Notandinn getur auðveldlega breytt sinni sýn, vistað og veitt öðrum aðgang. Viðmótið er einfalt í notkun og hraðvirkt.“



Nánari upplýsingar má finna á www.dk.is.

# Gagnlegt tækifæri erlendis

Magnús Mar Vignisson er einn þeirra Íslendinga sem hafa starfað við endurskoðun erlendis. Hann segir reynsluna gagnlega og mælir hiklaust með henni við aðra endurskoðendur.

Margir starfsmenn íslenskra endurskoðunar-skrifstofa hafa starfað í lengri eða skemmri tíma erlendis enda sumar þeirra alþjóðleg fyrirtæki. Einn þeirra er Magnús Mar Vignisson, senior manager hjá PwC á Íslandi. Tengslanet PwC

býður starfsfólki að ferðast milli landa til að öðlast nýja reynslu og þekkingu í endurskoðun. Það nýtti Magnús sér og starfaði í Stokkhólmi um nokkurra mánaða skeið. „Ég starfaði fyrir deild innan PwC í Stokkhólmi sem sinnir einungis þjónustu fyrir fjármála-

fyrirtæki. Helsta verkefni mitt var að koma að endurskoðun og vera í endurskoðunarteymi hjá stórum norrænum banka. Um er að ræða eitt stærsta verkefni deildarinnar í Svíþjóð þar sem bankinn er með stærri bónum Svíþjóðar og stærri en allir íslensku bankarnir samanlagt.“

Endurskoðunarteymið var mjög stórt og með yfir 20 starfsmenn og verkefnið var í gangi nánast allt árið. „Einnig kom ég að endurskoðun félags sem er dótturfélag risasamstæðu á heimsvísu og sér um fjármögnunar- og rekstrarleigur á bílum í Svíþjóð. Þessi verkefni voru mun stærri en ég er vanur á Íslandi.“

Magnús segir helsta muninn á vinnuumhverfi ytra og heima vera þann að í Svíþjóð sé allt formfastara. „Þar mæta starfsmenn fyrr til vinnu og nánast allir fara saman í hádegismat um kl. 11. Starfstítlar eru teknir mjög alvarlega og sú ábyrgð sem fylgir þeim. Heima erum við óformlegri enda verkefnið smærri og færri koma að þeim. Annar munur er sá að í Svíþjóð starfa kollegar mínir hjá viðskiptavininum sjálfum oft svo vikum skiptir og eru því ekki staðsettir á skrifstofu PwC í langan tíma. Álagið var oft mikið úti og reglulega unnið langt fram eftir kvöldi



Magnús Mar Vignisson vann við endurskoðun í Stokkhólmi um tíma.

marga daga í röð og um helgar.“

Magnús segir dvölina í Svíþjóð hafa verið mjög lærdómsríka þótt löndin tvö séu lík að mörgu leyti. „Ég held að allir græði á því að fara út fyrir þægindarammann og upplifa nýja vinnuvenningu og kynna nýju fólk. Endurskoðun

og aðferðafræði við hana er í grunninn óháð því hversu stórt verkefnið er. Því mæli ég með því fyrir alla sem eru að vinna við endurskoðun og vilja auka reynslu sína og þekkingu og stækka tengslanetið að nýta sér tækifærið til að vinna erlendis ef það gefst.“

## Tökum að okkur

Bókhald - innheimtu - laun - ársreikninga og skattframtöl fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Góð og persónuleg þjónusta.



**RÉTTSKIL**  
Bókhaldsþjónusta

562-7777 | réttskil@simnet.is

Útgefandi:  
365 miðlar

Ábyrgðarmaður:  
Svanur Valgeirsson

Söluamaður auglýsinga:  
Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

Veffang:  
Visir.is



# Ekki bara endurskoðun

PwC á Íslandi er meira en bara endurskoðunarfélag. Þar er jafnframt boðið upp á umfangsmikla þjónustu á sviði fyrirtækja-, skatta- og lögfræðiráðgjafar auk alhliða bókhaldsþjónustu fyrir smærri rekstraraðila sem er veigamikill þáttur í starfsemi fyrirtækisins.

Flestir tengja PwC á Íslandi við endurskoðun og dagsdaglega er talað um endurskoðunarfélagið PwC. „Það er þó aðeins hálfur sannleikurinn því í raun bjóðum við viðskiptavinum okkar upp á umfangsmikið þjónustuframboð á sviði skatta- og lögfræðiráðgjafar auk fyrirtækjaráðgjafar. Viðskiptaþjónustan býður smærri rekstraraðilum þjónustu við færslu bókhalds, launavinnslu, uppgjör og gerð skattframtala. Þessi þjónusta er bæði unnin hér á skrifstofu okkar og hjá viðskiptavinum okkar úti í bæ, allt eftir þeirra þörfum,“ segir Vilborg Jónsdóttir, forstöðumaður Viðskiptaþjónustu PwC.

Vilborg segir að þjónusta við smærri rekstraraðila sé stöðugt vaxandi þáttur í starfsemi PwC. „Til viðbótar við færslu bókhalds, launavinnslu, uppgjörsvinnu og gerð skattframtala felst þjónusta okkar í almennri ráðgjöf við minni rekstraraðila. Málín sem koma upp og þarfnast úrlausnar eru í raun jafn mörg og viðskiptavinir okkar en mestu skiptir að hver og einn fái þjónustu við sitt hæfi. Við gerum okkur mætavel grein fyrir því að þarfir minni rekstraraðila eru oft aðrar en stærri fyrirtækja. Eftir sem



Ljósbrá Baldursdóttir, sviðsstjóri endurskoðunarsviðs, Tryggvi Jónsson, sviðsstjóri Viðskiptaþjónustu PwC, og Vilborg Jónsdóttir, forstöðumaður Viðskiptaþjónustu PwC. MYND/ERNIR

áður leggjum við sömu áherslu á gæði auk þess sem hin persónulegu tengsl eru jafnvel enn mikilvægari heldur en þegar kemur að stærri fyrirtækjum.

Við spyrjum gjarnan viðskiptavini okkar að því hvað séu verðmæti í þeirra huga. Það sem vakir fyrir okkur með spurningunni er að tryggja að samstarfið við PwC skapi

þau verðmæti sem viðkomandi aðili sækist eftir. Markmiðið er að aðstoða viðskiptavini við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur,“ segir Vilborg.

”Til viðbótar við færslu bókhalds, launavinnslu, uppgjörsvinnu og gerð skattframtala felst þjónusta okkar í almennri ráðgjöf við minni rekstraraðila.

## Öflug þjónusta úti á landi

Vilborg segir að sambærileg þjónusta og veitt er hjá Viðskiptaþjónustunni á skrifstofunni í Reykjavík, sé veitt á skrifstofum fyrirtækisins á landsbyggðinni, þ.e. á Akureyri, Húsavík, Selfossi og Hvolsvelli. Um leið er þar veitt öll önnur þjónusta sem PwC býður upp á, það er endurskoðun og könnunarvinna fyrir stærri rekstraraðila auk annars konar ráðgjafar. „Við höfum hug á að bæta þjónustu fyrir minni rekstraraðila og erum með til skoðunar að bæta við starfsstöðvum víðar um landið. Við horfum því björtum augum á framtíðina,“ segir Vilborg.

## Jafnlaunavottun hjá PwC

# Sanngjörn laun fyrir sömu vinnu

Margvíslegur ávinningur hlýst af því að jafna stöðu og kjör kynja fyrir vinnustaði og vinnumarkaðinn í heild. PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun. Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

### Jafnlaunavottun

Aðstoð og ráðgjöf vegna umsókna fyrirtækja og stofnana um Jafnlaunavottun skv. ÍST 85.

### Launastefna og starfaflokkun

Ráðgjöf um launafyrirkomulag og uppbyggingu kaupaukakerfis. Útfærsla á launastefnu og starfaflokkun eftir inntaki starfa.

### Jafnlaunaúttekt og Réttlaunaliðan

Mæling á launamuni karla og kvenna. Frávikagreining á launum innan starfaflokka. Ráðgjöf um launabreytingar.

### Markaðslaunavöktun

Árlegt launaviðmið fyrir markaðslaun á Íslandi. Gögn um 150 tegundir starfa hjá 20.000 launþegum. Launaviðmið eftir atvinnugreinum og sérsniðnum forsendum.



Alda Gyða Úlfarsdóttir og Alda Björk Óskarsdóttir fara yfir tölur. MYND/ERNIR

## Ávallt nýjar áskoranir

Ljósbrá Baldursdóttir, sviðsstjóri endurskoðunarsviðs PwC, segir starf endurskoðenda meira lifandi en margur heldur. Viðskiptavinir koma úr ólíkum áttum sem leiðir af sér fjölbreyttar áskoranir. Mikil áhersla er á gæðaeftirlit og endurmenntun starfsfólks.

### En hvernig er að starfa sem endurskoðandi? Ertu á kafi í tölum allan daginn?

„Við tökumst á við okkar skammt af tölum sem er að mínu mati afskaplega skemmtilegt. Hins vegar snýst starf okkar um miklu meira en það. Það skemmtilegasta við starfið er að fá að vera þátttakandi í starfi viðskiptavina okkar. Ég hitti mjög margt fólk og starfið snýst að miklu leyti um að vinna með öðrum. Ég hef verið einstaklega heppin því bæði er samstarfsfólk mitt frábært og svo hef ég verið heppin með viðskiptavini. Þeir koma úr fjölbreyttu umhverfi og því alltaf nýjar áskoranir að takast á við.“

### Breytt starfsumhverfi

PwC er að sögn Ljósbrá þekkingarfyrirtæki. „Hjá okkur vinnur hópur sérfræðinga með mismunandi sérþekkingu þó að flest okkar starfi við endurskoðun. Það hefur orðið mikil breyting á starfi endurskoðenda undanfarin ár vegna breytinga í lagaumhverfi og svo hefur hrúnið haft mikil áhrif. Við höfum lagt áherslu á að taka þátt í þróun og eflingu á sérfræðisviðum okkar.

Við erum fullgildur aðili að PwC International og höfum því tekið á okkur auknar kvaðir og skuldbindingar um fagleg vinnubrögð sem samræmast reglum og aðferðafræði PwC á alþjóðavísu. Mér finnst nauðsynlegt að vinna í slíku umhverfi því það gerir það að verkum að starfið verður krefjandi og ég er alltaf að læra eitthvað nýtt,“ segir Ljósbrá.



# Mikill vöxtur Reglu – viðskiptahugbúnaðar

Við smíði netbókhaldskerfisins Regla.is var lögð áhersla á þætti sem aukið gætu afköst og gæði bókhaldsvinnu. Kerfið sækir færslur beint af bankareikningum, nýtir öflugan þekkingargrunn og sjálfvirkni til að flýta fyrir bókun. Kerfið er mjög einfalt og þægilegt í notkun.

**F**akta er rótgróið hugbúnaðarfyrtæki sem stofnað var árið 1986. Árið 2007 var tekin ákvörðun um að smíða nýja kynslóð netbókhaldskerfis með þá sýn að auðvelda fyrirtækjum reksturinn, gera hann óháðari staðsetningu og auka afköst við bókhaldsstörf með nútímatækni. Bókhaldskerfi á netinu hafa ýmsa yfirburði yfir eldri kerfi sem krefjast uppsetningar og sérstaks reksturs.

„Við hjá Fakta höfum unnið að þróun nútíma bókhalds- og viðskiptakerfis á netinu, fyrir innlendan og alþjóðlegan markað undir nafninu Regla, frá árinu 2007. Viðtökur notenda hafa verið einstaklega góðar og mikil ánægja ríkt með kerfin. Í dag nota rúmlega þrettán hundruð fyrirtæki Reglu og hefur fjöldi notenda tvöfaldast á síðastliðnum tveimur árum, allt frá einyrkjum til fyrirtækja sem gefa út mörg þúsund reikninga á mánuði,“ segir Kjartan Ólafsson, framkvæmdastjóri Fakta.

## Lærir endurteknar færslur

Regla er af nýrri kynslóð netbókhaldskerfa sem ganga bæði á PC- og Mac-tölvur. Kerfið er samþykkt af RSK og nýtir sér rafræn tengsl við RSK (VSK og staðgreiðsla), bankana (færslur af reikningum og kreditkortum sem og innheimtu-kröfur), lífeyrissjóði og fleira.

„Regla notar þekkingargrunn og getur lært að færa endurteknar færslur og þannig minnkað vinnu og auðveldað bókhaldið verulega. Við leggjum mikið upp úr því að öll samskipti kerfisins við ytri aðila svo sem bankana, RSK, stéttarfélag og lífeyrissjóði séu um nútíma vefþjónustutengingar. Einnig er lögð áhersla á að aðrir hugbúnaðarframleiðendur geti tengst okkar kerfum um öflugar vefþjónustur þannig að kerfi annarra framleiðenda geti kallað á þjónustu kerfisins, til dæmis að gefa út reikning þótt þau kerfi séu staðsett annars staðar í heiminum,“ útskýrir Kjartan.



Kjartan Ólafsson (sem er hér þriðji frá vinstri) segir starfsfólk Fakta sérlega ánægt með mikinn fjölda nýrra notenda sem hafa tekið kerfið í notkun vegna meðmæla þeirra sem þegar nota það. MYND/GVA

**Regla notar þekkingargrunn og getur lært að færa endurteknar færslur og þannig minnkað vinnu og auðveldað bókhaldið verulega.**

Kjartan Ólafsson

## Rafrænir reikningar

Undanfarna mánuði hefur þeim aðilum sem senda og taka á móti rafrænum reikningum í Reglu fjölgað mikið. „Þessi þróun mun halda áfram og valda byltingu í bókhalds-

vinnslu og að sjálfsögðu ætlum við okkur að vera þar áfram í fararbroddi,“ segir Kjartan.

## Enginn stofnkostnaður

Kerfið er hreint netkerfi í skýinu. Það er enginn stofnkostnaður heldur aðeins sanngjarnt áskriftargjald eftir frian þrjátíu daga prufutíma. Kerfið þarfnast engar uppsetningar sem þýðir að það er aðgengilegt hvar og hvenær sem er. Rekstraröryggi kerfisins er mjög gott og eru gögnin vistuð hjá vottuðum hýsingaraðila.

## Samstarf notenda Reglu og bókhaldsstofa lækkar kostnað

Þar sem margir notendur geta unnið í kerfinu samtímis hefur það komið vel út fyrir notendur sem vilja skrifa

sína reikninga og laun sjálfir en bókhaldsstofan fylgist með og sér um bókhaldið að öðru leyti. Að sögn Kjartans eru bókhaldsstofur ánægðar með Reglu og segir hann dæmi um að þær hafi náð að tvöfalda afköst bókhaldsskráningar með notkun á kerfinu.

## Afgreiðslukerfi fyrir verslanir og veitingastaði

Nýjasta viðbótin í Reglu er fullkomið afgreiðslukerfi fyrir verslanir og veitingastaði. Kerfið er þegar komið í notkun hjá yfir 30 viðskiptavinum.

## Margar nýjungar í vinnslu

Sjö manna öflugt þróunarteymi hugbúnaðar- og bókhaldssérfræðinga hefur þróað Reglu jafnt

og þétt. Í kerfinu er nú til staðar fjárhagsbókhald, sölu- og birgðakerfi, afgreiðslukerfi, launakerfi, verkþókhald og áskriftarkerfi.

„Margar nýjungar eru í vinnslu, til dæmis endurbætt aðgengi frá spjaldtölvum, notkun snjallsíma, og enn aukin sjálfvirkni í bókhaldi. Við munum halda áfram öflugum þróunarstarfi til að tryggja að viðskiptavinir okkar séu ávallt í fararbroddi. Við teljum framtíðina bjarta enda fjölgar notendur kerfisins hratt. Við erum sérlega ánægð með að við fáum mikinn fjölda nýrra notenda vegna meðmæla núverandi notenda. Auk tæknilegrar þróunar þá horfum við á nýja markaði, bæði erlendis og meðal stærri fyrirtækja.“ segir Kjartan.



## Bókhaldskerfi í áskrift

Microsoft Dynamics NAV er eitt mest selda bókhaldskerfi landsins og fæst í mánaðarlegri áskrift.

Þú færð fullbúna viðskiptalausn með sérkerfum frá Wise á [navaskrift.is](http://navaskrift.is)

kr. 9.900 pr. mán. án vsk.

Bjóðum einnig Office 365 í áskrift.

Office 365



Wise lausnir ehf. » Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, 600 Akureyri  
sími: 545 3200 » [wise@wise.is](mailto:wise@wise.is) » [wise.is](http://wise.is)



STÓRSVEIT  
REYKJAVÍKUR  
KYNNIR:



# ELLA FITZGERALD 100 ára

Stjórnandi og kynnir:  
Sigurður Flosason

Andrea Gylfadóttir  
Anna Mjöll Ólafsdóttir  
Ágústa Eva Erlendsdóttir  
Ellen Kristjánsdóttir  
Kristjana Stefánsdóttir  
Ragnheiður Gröndal  
Ragnhildur Gísladóttir  
Salka Sól Eyfeld  
Sigríður Thorlacius  
Sérstakur gestur: KK

ELDBORG  
22. SEPTEMBER  
KL. 20:00

## SVEFNVANDI – KVÍÐI – DEPURÐ

MAGNOLIA  
OFFICINALIS

Hefur verið notað við svefnvandamálum, kvíða og depurð í yfir 2000 ár í Asíu



Hrafnhildur Ólafsdóttir starfar við sjálboðavinnu í Rauða Kross búðinni  
„Ég vil alls ekki nota lyfseðilsskyld svefnlyf og ákvað því að prófa Magnolia. Ég tek 2 hylki á kvöldin um klukkustund fyrir svefn og hef ekki sofað betur í mörg ár.“

Bætt heilsa og betri líðan með Natural Health Labs 100% náttúruleg bætiefni



Fást í apótekum, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Heilsuver, Heilsuhornin Blómaval, Heilsulausn.is, Heimkaup og Iceland Engilhjalla.

BALSAM  
balsam.is

Purelife  
Kísill

HREIN SILICA  
FYRIR

HÚÐ  
HÁR  
OG

MAMMAVEITBEST.IS NEGLUR

Fríða Rut Heimisdóttir  
Hárgreiddslumeistari

Veldu með hjartanu 100% vegan hárvörur frá Maria Nila. Head & Hair Heal verndar lit hársins, örvar hárvöxt og vinnur á móti hárlösi, þurrum hársverði og flösu ásamt því að vera bólgyeyðandi. Sjampóið og hárnæringin eru hönnuð til daglegra nota fyrir alla.

Maskan má nota 1-2 í viku. Allar vörurnar í línunni innihalda vegan innihaldsefni, en hvorki súlföt, paraben né aðra ofnæmisvalda.



Regalofagmenn Regalo ehf Iceland

www.regalo.is

REGISTERED WITH  
LEAPING BUNNY | PETA | VEGAN SOCIETY

## ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu



Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum  
App Store Google Play Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ  
... allt sem þú þarft



Kaolin hópurinn f.v.: Inga Elín, Katrín V. Karlsdóttir, Dagný Gylfadóttir, Þórdís Baldursdóttir, Guðný M. Magnúsdóttir, Embla Sigurgeirsdóttir og Svafa Einarsdóttir. MYNDIR/STEFÁN

## Sjö ólíkir stílar

Á Skólavörðustíg reka sjö keramiklistakonur í sameiningu Kaolin Keramik Galleri. Þær skiptast á að afgreiða og því er stemningin á staðnum einstaklega notaleg og þægileg.

Starri Freyr  
Jónsson  
starri@365.is



Listamannafélagið Kaolin var stofnað í nóvember árið 2010 af nokkrum keramikurum sem vildu gera keramik á Íslandi hærra undir höfði og búa til grundvöll til að sýna og selja verk sín á hagkvæman hátt með því að reka Kaolin Keramik Galleri í sameiningu.

Góð hreyfing hefur verið í félaginu undanfarnin ár en í hópnum eru yfirleitt átta til tíu félagar. Margir í framvarðarsveit keramikera landsins hafa haft þar viðkomu í lengri eða styttri tíma en í dag eru meðlimir þær Katrín V. Karlsdóttir, Embla Sigurgeirsdóttir, Þórdís Baldursdóttir, Inga Elín, Svafa Björg Einarsdóttir, Guðný M. Magnúsdóttir og Dagný Gylfadóttir sem er nýjasti meðlimurinn.

Að sögn Katrínar og Þórdísar er Kaolin eina samstarfsgallerið, eftir því sem þær best vita, sem er eingöngu með keramik og um leið eingöngu rekið af konum. „Ísland hefur þá sérstöðu fram yfir flest önnur lönd að hér hafa það verið konur í miklum meirihluta sem mennta sig í leirlist svo þar kemur þverskurðurinn í greininni aftur við sögu. Sérhæfing í keramiki er mjög mikilvæg og er jákvæð á þann hátt að þá koma auðveldlega í ljós persónuleg einkenni og still hvers og eins. Þegar margir vinna með leir sem grunnefni kemur berlega í ljós hversu mikil vidd er í mismunandi formum, tækni og aðferðum.“

## Liflegt félag

Að starfa með þessum hætti undir sama þaki gefur líka listakonunum tækifæri til að starfa sjálfar við afgreiðslu segir Embla, og Inga Elín bætir við; „Þannig geta geta kaupendur hitt listamennina sjálfa og einnig náum við að halda kostnaði í lágmarki til góða fyrir bæði listamennina og viðskiptavinina. Þetta hefur verið lifandi og liflegt félag sem staðið hefur fyrir ýmsum uppákomum og sýningum í gegn um tíðina ásamt því að sýna þverskurð íslenskrar leirlistar.“

Nýlega flutti hópurinn sig um sel og er búinn að koma sér fyrir á Skólavörðustíg 5 í Reykjavík. „Sér-



Fallegar vörur frá Emblu Sigurgeirsdóttur.



Skálar eftir Guðnýju M. Magnúsdóttur sem hún vann síðasta vetur.



Skemmtilegur eyrnabólfi eftir Svöfu Einarsdóttur.

stök einkenni okkar og still koma vel í ljós í stilhreinum hillum sem standa í röð öðrum megin eftir endilöngu galleriinu,” segir Dagný. „Einnig verða útstillingar á öðrum veggjum og í minni hillum þar sem við blöndum saman sérstökum verkum okkar allra,” skýtur Svava inn í og Guðný bætir við: „Glugginn sem snýr út að götu verður vettvangur lítilla listsýninga, bæði einkasýninga og samsýninga.“

Nánari upplýsingar um Kaolin og sérstöðu hvers og eins listamanns má finna á [www.kaolinkeramikgalleri.com](http://www.kaolinkeramikgalleri.com).

## Bílar & Farartæki



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka  
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík  
Sími: 567 6700  
24 tíma þjónusta  
<http://www.vakahf.is>



### KRÓKUR

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur  
Sími: 522 4600  
<http://www.krokur.net>



TOYOTA Corolla. Árgerð 2014, ekinn aðeins 49 þ.KM, bensín, 6 girar. Verð 2.490.000. Rnr.340613.



TOYOTA Avensis sol. Árgerð 2010, ekinn 172 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Rnr.340648.



FORD Galaxy 7 manna. Árgerð 2012, ekinn 167 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. Verð 2.490.000. Rnr.212507.

Nýja bílahöllin  
Eirhöfða 11, 110 Rvk.  
Sími: 567 2277  
[www.nyja.is](http://www.nyja.is)




SUZUMAR gúmmibátar. Uppblásnir slöngubátar með algólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

SUZUKI UMBODIÐ ehf  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 565-1725  
[suzuki@suzuki.is](mailto:suzuki@suzuki.is)  
[suzuki.is](http://suzuki.is) / [suzukisport.is](http://suzukisport.is)

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**  
Má þarfnast lagfæringa.  
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.



## Hjólbarðar



### NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Hreingerningar

### VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 [www.vy.is](http://www.vy.is)

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðafl. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) flytja@flytja.is

## Málarar

### REGNBOGALITIR

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spórtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggtur málameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890

## Húsaviðhald



## Byggingarstjórn.

Getum bætt við okkur verkefnum.

Rúnar S: 663 4844

Hermann S: 896 9819

## FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.  
S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagning og trésmíði. S. 616 1569

## Spádómar

### SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnsúpa. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

### RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggtur Rafverktaki. [straumblik@gmail.com](mailto:straumblik@gmail.com)

## Keypt & Selt

## Til sölu

### FRYSTIKLEFI - FRYSTIKLEFI!

Til sölu frystiklefi 85 m<sup>3</sup>. Mjög hagstætt verð. Upp. í s. 861 6726 eða 862 5940

## Óskast keypt

### KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar [jonogoskar.is](http://jonogoskar.is) s.552-4910

## EIGUM GOTT ÚRVAL AF NÝJUM OG NÝLEGUM BÍLUM Á STAÐNUM.



**AUDI A6 Avant Ultra S-line 2.0 tdi.** Árgerð 2017, ekinn 5 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Rnr.129021.



**BMW 3 318d.** Árgerð 2013, ekinn 125 þ.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.990.000. Rnr.246562.



**MERCEDES-BENZ C 200 D Wag-on.** Árgerð 2015, ekinn 16 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 girar. Verð 4.990.000. Rnr.246469.



**VOLVO XC70 AWD Summum.** Árgerð 2012, ekinn 129 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. Verð 4.590.000. Rnr.246495.



**VOLVO S80 Momentum.** Árgerð 2013, ekinn 29 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. Verð 4.580.000. Rnr.246449.



**TOYOTA Hilux 33" Facelift.** Árgerð 2010, ekinn 118 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 girar. Verð 4.590.000. Rnr.246552.



**SUZUKI Baleno GLX 1.0 Boost-erjet.** Árgerð 2017, bensín, 5 girar. Verð 2.690.000. Rnr.246619



**SUZUKI Baleno GHLX 1.0 Boost-erjet.** Árgerð 2017, bensín, sjálfskiptur 6 girar. Verð 2.990.000. Rnr.246671



**MMC Outlander Instyle Phev 4x4.** Árgerð 2017, bensín og rafmagn, sjálfskiptur. Verð 5.290.000. Rnr.246473.



**NISSAN Note.** Árgerð 2017, dísel, 5 girar. Verð 1.990.000. Rnr.246672.



**HYUNDAI Ioniq Hybrid.** Árgerð 2017, bensín og rafmagn, sjálfskiptur. Verð 3.390.000. Rnr.440165.



Klettháls 2 • 110 Reykjavík  
S. 562 1717 • [www.bilalif.is](http://www.bilalif.is)  
Opnunartími  
Virka daga kl. 10:00 - 18:00

## Til bygginga


**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðaróla. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hj Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

## Heimilið

## Gefins

Er með til gefins svefnsofa. Uppl. s. 620 4464

## Tómstundir &amp; Ferðir

## Fyrir veiðimenn



kr. 19.800

**Avanti Camo jakki**  
Léttur og mjúkur  
góður í alla skotveiði  
Góð hetta  
Stór vasi á baki  
Vatns og vindheldur

Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturröst.is

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.  
Nánari upplýsingar veitir Sværrir í s. 661 7000

## SEATTLE

Meðleigjandi óskast í vetur (e.t.v. lengur). Góð staðsetning, íbúð með öllum búnaði. Sendið inn umsóknir á email: smaar@frettabladid.is

## Sumarbústaðir


**SUMARBÚSTAÐUR 38 FERM.**

3 svefnherb. 2. baðherb, sturta, 1. klukkutíma frá Reykjavík. magnað útsýni, gegjuð lóð, lækur. Eyrarskógur 301. Sendi myndir: verð 8,5 uppl. 820-5181

## Geymsluhúsnæði

## GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARFIRÐI**

Getum bætt við okkur tjaldvögnum og fellihýsum í vetur. S. 899 7012 Sólbakkí.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m<sup>2</sup>. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Bílskúr

Bílskúr óskast til leigu undir dót. Uppl á: hraunverk.is og í s. 699 6762 Tómas

## Hönnun



## VERKFRÆÐITEIKNINGAR

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Atvinna

## Atvinna óskast

## SIGURJÓN PÍPARI EHF.

óskar eftir starfsmanni við vinnu í pípulögnum. Reynsla af pípulögnum æskileg. Frekari upplýsingar fást hjá Arndísi í síma 694-3628 eða á e-mail sigurjonpipari@gmail.com

## SMÍÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

Erum með vana smíði, verkamenn, múrara og pípara sem eru klárir í mikla vinnu HANDAFL EHF s. 777 2 333

**FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS**  
gjofsemgefur.is  
907 2002  
Hjálparstarf kirkjunnar

## Atvinna

Vísir hf óskar eftir að ráða yfirvélstjóra í framtíðarstarf á Kristínu Gk 457. Kristín er línuveiðiskip með beitningarvél.



Nánari upplýsingar gefur skipstjóri í síma 856-5730 eða á heimasíðu Vísir [www.visirhf.is](http://www.visirhf.is)

## SMÍÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMÍÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF S. 777 2 333

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



## Sérfræðingar í ráðningum

FAST ráðningar er öflug ráðninga- og ráðgjafabjónusta sem leggur metnað í að vinna faglega og veita persónulega og góða þjónustu. Vönduð úrvinnsla upplýsinga og góð samskipti við umsækjendur eru lykilatriði. Okkar metnaður er reynsla og menntun, öflugur gagnagrunnur og gott tengslanet.

Við bjóðum uppá:

- Áralanga reynslu
- Öflugan gagnagrunn
- Mjög gott tengslanet
- Þolinmæði og þrautseigju
- Auga fyrir hæfileikum



[lind@fastradningar.is](mailto:lind@fastradningar.is)  
[mjoll@fastradningar.is](mailto:mjoll@fastradningar.is)

**FAST**  
Ráðningar

[www.fastradningar.is](http://www.fastradningar.is)

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

[Umsækjendur, skráið ykkur á](mailto:Umsækjendur, skráið ykkur á)

[www.talentradning.is](http://www.talentradning.is)

[talent@talentrading.is](mailto:talent@talentrading.is)  
[bryndis@talentrading.is](mailto:bryndis@talentrading.is)  
Sími: 552-1600


**TALENT**  
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

## Raungengi launa nálgast sögulegar hæðir



## Launakostnaður á framleidda einingu

Bandaríkin Evrusvæðið OECD-ríki Þýskaland Ísland



sem við erum að reyna að setja upp að norrænni fyrirmynd. En hvort allt fari á fleygiferð aftur er stóra spurningin sem við fáum ekki svar við fyrr en líða fer á haustið.“

Halldór Benjamín segir fráleitt að opinberir starfsmenn séu leiðandi í launapróun í landinu. Það gangi gegn þeirri hugsun að atvinnulífið gefi merki um rými til launabreytinga. „Þetta verður að vera þannig að almenni markaðurinn slær tóninn og hið opinbera fylgir í kjölfarið. Og almenni markaðurinn er búinn að slá tóninn með kjarasamningum Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins. Samninganefndir hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga, verða einfaldlega að taka þeim skilaboðum sem þar eru gefin. Það er óþæglegt að hópar opinberra starfsmanna brjóti niður launastefnuna sem almenni markaðurinn hefur mótað. Það gengur í berhög við skynsamlega nálgun.“

## Launaskrið hjá hinu opinbera

Víðmælendur Markaðarins benda á að mikið launaskrið hafi verið hjá einstökum hópum opinberra starfsmanna síðustu ár. Samkvæmt upplýsingum á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins hækkðu heildarlaun einstakra hópa opinberra starfsmanna um 30 til 35 prósent frá árinu 2014 til loka mars 2017. Innan Læknafélags Íslands nam hækkunin til dæmis 32 prósentum, 34 prósentum innan Kennarasambands Íslands og 31 prósentu hjá þeim sem heyra undir kjararáð. Til samanburðar hækkðu laun innan

Alþýðusambandsins um 18 prósent á sama tíma.

Raungengi launa, sem sýnir hvernig launakostnaður hér á landi þróast í samanburði við önnur ríki í sömu mynt, hefur hækkad verulega síðustu ár og nálgast nú sögulegar hæðir, að sögn Ásgeirs Jónssonar, dósentis í hagfræði við Háskóla Íslands. Hækkunin nemur um 48 prósentum frá byrjun árs 2014 og fjórðungi prósentum frá árinu 2015.

Með öðrum orðum hefur hérlendur launakostnaður hækkad um fjórðungi prósent umfram launakostnað samkeppnisríkja, mælt í sama gjaldmiðli, á síðustu tveimur árum.

Vísitala raungengis launa stóð í 98,4 stigum í lok fyrsta fjórðungs ársins en Seðlabanki Íslands spáir því að vísitalan verði 102,1 stig á þessu ári, 109,0 á næsta ári og 113,7 stig árið 2019. Mest náði hún 106,9 stigum á öðrum fjórðungi árs 2017. Er raungengið nú komið líðlega þriðjungi yfir sögulegt meðaltal sitt.

Sá bankinn ástæðu til að taka það fram í vorhefti Peningamála að geta innlendra fyrirtækja til að taka á sig frekari kostnaðarhækkunir gæti verið „komin að endamörkum“.

## Aldrei minnst á framleiðni

Ásgeir segist ekki fá séð að frekari raungengishækkun geti staðist til lengdar. „Við getum auðvitað ekki hækkad laun meira og hraðar en aðrar þjóðir. Við getum ekki upp á eigið sjálfðæmi ákvarðað laun á þessari eyju. Þau ráðast af samkeppnisstöðunni. Það er undarlegt að í umræðum um kjararáð hér á landi er eiginlega aldrei minnst á framleiðni eða samkeppnisstöðu

## Vill minni miðstýringu í opinbera kerfinu

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, segir að ein skýringin á höfningahlaupinu á milli hins opinbera og almenna vinnumarkaðar sé mikil miðstýring í launasetningu á opinbera markaðinum.

Markaðirnir tveir séu gerólíkir þegar kemur að launasetningu. „Munurinn kemur til að mynda berlega í ljós nú þegar skortur er á kennurum. Hið opinbera getur ekki brugðist við skortinum með því að hækka launin, rétt eins og gerast myndi á almenna markaðinum. Það er mikil miðstýring í launasetningu opinberra starfsmanna sem gerir það mjög erfitt að hækka laun þeirra.

Þegar kjarasamningar opinberra starfsmanna eru gerðir til langs tíma er erfitt að bæta opinberum starfsmönnum það launaskrið sem verður til dæmis á almenna vinnumarkaðinum á samningstímanum. Því sitja þeir eftir og kalla svo eftir

launaleiðréttingum til jafns við hinn almenna vinnumarkað. En á almenna markaðinum gildir mjög víða að greidd eru svokölluð markaðslaun. Þar taka launin mið af framboði og eftirspurn eftir vinnuafli og aðstæðum í efnahagslífinu hverju sinni.“

Gylfi Dalmann segir það hafa verið mikið baráttumál hins almenna vinnumarkaðar að allir launþegar byggju við sömu lífeyrskjör. Það hafi nú náðst.

„En það er launamunur á milli þessara tveggja vinnumarkaða, opinberum starfsmönnum í óhag. Þá er spurning hvort ekki eigi að finna leiðir til að auka sveigjanleika í launasetningu opinberra starfsmanna líkt og þekktist á almenna markaðinum, til dæmis eitthvað í líkingu við markaðslaun. Það hlýtur að koma nú til skoðunar að auka sveigjanleikann á opinbera markaðinum þannig að þessir tveir vinnumarkaðir verði sem líkastir.“

okkar. Það mætti halda að launin væru ótengd verðmætastöðum,“ segir hann.

Ásgeir segir að nú sé ekki í fyrsta sinn sem laun hér á landi taki á rás og hækki umfram nágrannalöndin. „Þetta hefur gerst síendurtekið í íslenskri hagsögu. Leikurinn er alltaf sá sami. Launin hækka gríðarlega í uppsveiflu í krafti mikils vaxtar í einni atvinnugrein. Nú er það ferðaþjónustan, áður var það bankaþjónustan, þar áður tæknibólan og þar áður sjávarútvegurinn. Kaupmáttur vex þá í tugum prósentu á aðeins nokkurra ára bili og langt umfram raunverulega verðmætastöðum. Á endanum fellur gengi krónunnar og verðbólgan fer af stað og étur upp kaupmáttinn.“

Í öðrum ríkjum hækki laun að jafnaði í samræmi við framleiðniaukningu, mögulega um eitt til þrjú prósent á ári þegar vel árar. Það þekktist ekki að kjarahópar taki út tuga prósentu launahækkanir í einu lagi. „Enda er það svo að meðalhækkun kaupmáttar á Íslandi frá 1989 hefur verið 1,7% sem er alveg í línu við önnur lönd. Það sem er sérstakt við Ísland eru þessar miklu hæðir og lægðir í launapróuninni,“ nefnir Ásgeir.

## Vill verja kaupmáttaraukninguna

Það er kunnara en frá þurfi að segja að þær miklu launahækkanir sem samið var um í byrjun árs 2015 hafa ekki skilað sér í aukinni verðbólgu. Almennur kaupmáttur hefur hækkað um yfir tuttugu prósent á tveimur árum.

Halldór Benjamín segir það fáheyrt. Í raun hafi kaupmáttaraukning

Pað er undarlegt að í umræðum um kjararáð hér á landi er eiginlega aldrei minnst á framleiðni eða samkeppnisstöðu okkar. Það mætti halda að launin væru ótengd verðmætastöðum.

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands.



að láta söguna endurtaka sig. Ný og fordæmalaus staða kallar á breytta aðferðafræði sem mun skila öllum betri niðurstöðu til langs tíma.

En ástandið er viðkvæmt. Það er auðvelt að missa þetta úr höndum sér. Það er einfaldlega of mikið í húfi til að við leyfum þeirri atburðarás endurtaka sig. Nú er tími til að standa í lappimar og verja þann árangur sem náðst hefur. Um það eiga kjaraviðræður hausts og vetrar að snúast.“

## Gengur ekki til lengdar

Ásgeir segir nokkrar ástæður fyrir því hve vel hefur gengið að hækka laun á síðustu árum án þess að til verðbólgu-skots hafi komið.

„Ferðaþjónustan hefur sömu áhrif og fjólföldun og stækkar markaðinn, þannig að mörg fyrirtæki í landinu hafa fundið fyrir aukinni eftirspurn og vaxandi tekjum. Þá hefur verðlækkun á hrávörum valdið því að hrávörustöðugir fyrirtækja hefur lækkað.

Þriðji þátturinn er sá að mörg fyrirtæki fóru í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu eftir hrun og eru nú með lægri skuldir og betur fjármögnuð en áður. Þau hafa því efni á meiri launahækkunum en ella. Auk þess má einnig greina breyttan hugsunarhátt þannig að fyrirtæki velja ekki lengur launahækkunum sjálfkrafa út í verðlagið, eins og áður fyrr, heldur reyna að mæta þeim með hagræðingu.

Auk þess lækkuðu raunlaun verulega eftir að gengið hrundi árið 2008. Það var því töluvert svigrúm fyrir launahækkanir.“

Ásgeir segist vona að innstæða hafi verið fyrir þessari miklu hækkun kaupmáttar síðustu ár. „Ég er ekki endilega á þeirri skoðun að þessar hækkunir muni ganga til baka síðar meir. Þrátt fyrir að umræðan sé oft á tíðum neikvæð hefur mjög margt gengið vel hjá okkur og ytri aðstæður hafa einnig reynst okkur hagfelldar. Ég vona því að kaupmáttaraukning síðustu ára sé varanleg. En það er hins vegar engin leið að rökstyðja það að raungengið geti hækkad mikið meira og að vísitalan geti farið upp fyrir 100 stigin án þess að við fáum það í baki síðar.“

Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2

## VIÐ ERUM AÐ TALA UM FRÉTTIR

Úrvals fréttateymið okkar tekur á málum líðandi stundar öll kvöld á Stöð 2. Vertu með okkur í haust, það er einfaldlega skemmtilegra með Stöð 2.



MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is

365

## Bæta upp- lýsingagjöf

Við viljum efla alla okkar upplýsingagjöf til markaðarins og þetta er eitt skref í því," segir Helgi Bjarnason, forstjóri tryggingafélagsins VÍS, í tilfni þess að félagið hefur ákveðið að birta reglulega upplýsingar um samsett hlutfall og greiddar tjónabætur.

Upplýsingarnar verða birtar mánaðarlega. Um miðjan næsta september verða til dæmis birtar upplýsingar um samsett hlutfall og greiddar tjónabætur hjá félaginu í ágústmánuði.

„Við teljum einfaldlega að það sé til bóta að markaðurinn sé betur upplýstur um gang mála og sjáum ekki af hverju við ættum að halda þessum upplýsingum leyndum,“ útskýrir Helgi. Hann bætir við að þetta geri stjórnendum kleift að byrja fyrr að vinna með þessar upplýsingar ásamt starfsfólki, því hingað til hafa þær verið skilgreindar sem innherjaupplýsingar.

VÍS er fyrsta tryggingafélagið hér á landi sem hefur tekið ákvörðun um að birta slíkar upplýsingar. Til samanburðar má nefnda að Icelandair Group birtir mánaðarlega flutningstölur félagsins. – kj



Helgi Bjarnason  
forstjóri VÍS

# Félagsvera sem fær ekki að stjórna tónlistinni í partíum

## Svipmynd

Puríður Björg Guðnadóttir

Puríður Björg Guðnadóttir var í vikunni ráðin framkvæmdastjóri einstaklingssviðs Nova en hún hefur starfað samfleytt hjá fjarskiptafyrirtækinu í tíu ár. Puríður er með BS-gráðu í rekstrarverkfræði frá Háskólanum í Reykjavík og hefur auk þess lokið námi í stjórnendamarkþjálfun frá Opna Háskólanum í HR. Hún situr hér fyrir svörum í Svipmynd Markaðarins.

*Hvað hefur komið þér mest á óvart það sem afer ári?*

Mér finnst skemmtilegt að engan skorti umræðuefni með tilkomu Costco, H&M, Trumps og Despacito. Í nærumhverfi mínu fagna ég litlum og óvæntum sigrum. Það sem stendur upp úr er að loksins erum við Darri búin að festa dag þar sem við ætlum að gifta okkur en við erum búin að vera saman í 12 ár.

*Hvaða app notarðu mest?*

Ég starfa í bransa þar sem tækniþróunir eru hraðar og samstarfsfélagar mínir eru svo sannarlega með puttann á púlsinum um hvað er í tísku hverju sinni. Ég reyni að tileinka mér nýjustu tækni en í sannleika sagt þá er ég þessi týpa sem hringi eða hitti fólk frekar en að tala við það á Facebook. Appið sem er mest notað í mínum síma



Puríður Björg Guðnadóttir er framkvæmdastjóri einstaklingssviðs Nova.

er sennilega Snapchat. Hins vegar vildi ég að ég gæti nefnt daglega notkun á forritum eins og Strava. Uppáhaldsappið mitt er samt auðvitað Nova-appið.

*Hvað gerir þú í frístundum þínum?*

Í frístundum nýti ég tímann með fjölskyldu minni. Ég á þrjú litil börn, frá eins árs til sjö ára, og því nóg að gera í frítímanum. Stuttir hjólatúrar, sundferðir, hesthúsið

eða njóta okkar í bústaðnum er efst á lista. Ég er líka mikil félagsvera og passa að rækta venskapinn við allt dýrmæta fólkið í kringum mig, hvort sem það er að fara á deit með mannum mínum, saumaklúbbar með vinkonunum, matarboð, gönguferðir eða trylltur dans.

*Hvernig heldur þú þér í formi?*

Ég er mjög aktiv manneskja. Ég stekki oft út að hlaupa og hjóla þar

sem það tekur ekki of langan tíma frá börnunum eftir vinnudaginn. Ég er líka einstaklega heppin að eiga samstarfskonu sem rifur mig með sér í hvers kyns vitleysu en hún Margrét Tryggvadóttir er dugleg að hvetja mig til að fara út fyrir þægindarammann, til dæmis með því að hjóla á Þingvelli eða ganga á Snæfellsjökul. Stundum erum við líka bara eðlilegar og skellum okkur á námskeið í Hreyfingu á morgnana. Ég tel þó að mikilvægast við að halda sér í formi sé andleg vellíðan og að vera sátt í eigin skinni.

*Hvernig tónlist hlustar þú á?*

Ég er því miður ekki manneskjan sem fær að stjórna tónlistinni í partíum og reyndar er ég þekkt fyrir afar slæman tónlistarsmekk. Tónlist með góðu tempói, teknó eða rapp er það sem ég vel mér á fóninn þegar ég er ein eða með börnunum – annars fá aðrir að ráða ferðinni.

*Ertu í þínu draumastarfi?*

Ég lít svo á að það sé undir mér komið að skapa mitt draumastarf hverju sinni. Ég tel að um draumastarf sé að ræða þegar maður starfar með frábæru fólki og verkefni eru krefjandi en skemmtileg. Störf mín hjá Nova hafa ávallt uppfyllt þessar kröfur. Ég er svo sannarlega þakklát fyrir reynsluna sem ég hef fengið hér, og nú nýjan vettvang með öflugum teymi. Að mínu mati er það teymið og vinnustaðurinn sem skapa draumastarfið.



ÖRFÁ RÝMI LAUS

300–1.700 m<sup>2</sup>

fyrirspurn@heild.is

sími: 568 6787

www.heild.is



# Ísland – ekki eyland á fjármálamarkaði



**Friðrik Þór Snorrason**  
forstjóri RB

**A**næstu fimm árum mun fjármálaþjónusta á Íslandi, og þá sérstaklega starfsemi viðskiptabanka, taka stakkaskiptum með tilkomu nýrra fjártæknilausna, nýrra viðskiptamóðela í fjármálaþjónustu og nýrra samevrópskra laga um fjármálaþjónustu. Þessar breytingar munu leiða til þess að þátttakendum á íslenskum fjármálamarkaði mun fjölga. Auk núverandi fjármálafyrirtækja mun íslenskum fyrirtækjum og neytendum standa til boða að nýta sér þjónustu nýrra innlendra þjónustuaðila en einnig í auknum mæli fjármálaþjónustu erlendra fyrirtækja. Gera má ráð fyrir því að þjónustuframboðið verði mun fjölbreyttara en það er í dag og að samkeppni á fjármálamarkaði muni aukast.

## Byltingarkenndar breytingar

Frá undirritun Lissabon-sáttmálans árið 2000 hefur framkvæmdastjórn ESB unnið að því að búa til einn samevrópskan markað fyrir greiðsluþjónustu. Stærstu skrefin voru tekin í nóvember 2009 þegar aðildarríki ESB innleiddu fyrstu útgáfuna af lögum um greiðsluþjónustu (e. PSD1), en markmið tilskipunarinnar

var að skapa heildstætt og nútímalegt regluverk um rafræna greiðsluþjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Tilskipunin var innleidd í íslensk lög árið 2011.

Meginástæða þess að ESB ákvað að innleiða ný lög um greiðsluþjónustu (PSD2) var sú að fyrri lagarammi náði ekki utan um gjörbreytt landslag í smágreiðslumiðlun vegna örrar þróunar í stafrænni tækni. Yfirlýst markmið ESB með PSD2 tilskipuninni er að auka samkeppni í greiðsluþjónustu, styðja við nýsköpun, bæta neytendavernd og eignarhald neytenda á gögnum samhliða því að búa til einn samevrópskan markað fyrir greiðsluþjónustu innan EES.

Þó að PSD2 tilskipunin fjalli um greiðsluþjónustu er ljóst við lestur laganna að þeim er ætlað að hafa mun vðtækari áhrif, einkum þegar kemur að starfsemi viðskiptabanka. Í raun er verið að móta framtíð fjármálaþjónustu með gríðarlegri opnun fjármálamarkaða og mögulegri innkomu nýrra þjónustuaðila.

## Nýir þátttakendur

Stærstu breytingarnar felast í því að PSD2 tilskipunin opnar fyrir aðgengi þriðja aðila að innlána-reikningum fjármálastofnana. Þannig skilgreinir tilskipunin tvö ný þjónustuhlutverk tengd þessum breytingum:

- Greiðsluvirkjandi er aðili sem má með samþykki viðskiptavina framkvæma greiðslur beint af innlána-reikningi yfir á annan reikning.



- Upplýsingaþjónustuveitandi er aðili sem má með samþykki viðskiptavina safna saman fjárhagsupplýsingum um viðkomandi viðskiptavin.

Um er að ræða byltingarkenndar breytingar fyrir þær sakir að viðskiptabankar verða að veita nýju þjónustuveitendum óhindrað aðgengi að innlána-reikningum án þess að samningur sé til staðar á milli bankans og þjónustuveitandans. Þjónustuveitandanum dugur að hafa samþykki eiganda reikningsins til að opna aðgengi að innlána-reikningnum sem geymdur er hjá viðkomandi banka. Það sem meira er, er að bankinn getur hvorki innheimt viðbótargjald af þjónustuveitandanum né af viðskiptavininum.

Loks nægir fyrir greiðsluvirkjanda eða upplýsingaþjónustuveitanda að fá samþykki fjármálaeftirlits eins ríkis innan EES til að veita þjónustu hvar sem er innan EES. Þar sem mun minni kvaðir eru lagðar á nýju þjónustuveitendurna heldur en viðskiptabankana er líklegt að þátttakendum á markaði muni fjölga til muna á næstunni.

Í ljósi þessara breytinga á samkeppnisumhverfi á fjármálamarkaði þurfa bankar að huga að eftirfarandi þáttum, en um er að ræða spurningar sem gætu kallað á endurskoðun á hlutverki, framtíðarsýn og kjarnastefnu viðskiptabanka:

- Hvaða áhrif mun ný tækni hafa á viðskiptamódel, þjónustuferla, þjónustuframboð og samkeppnisumhverfi bankanna?

**Auk núverandi fjármálafyrirtækja mun íslenskum fyrirtækjum og neytendum standa til boða að nýta sér þjónustu nýrra innlendra þjónustuaðila en einnig í auknum mæli erlendra fyrirtækja.**

- Hvaða áhrif munu ný lög um greiðsluþjónustu og persónuvernd hafa á fjármálamarkaðinn?

- Hvaða þekkingu þurfa bankarnir að hafa til að takast á við þessar breytingar og hver eru líkleg áhrif á starfshætti og starfsmannafjölda?

- Er tækni-umhverfi bankanna tilbúið til að takast á við breytingarnar? Eru þau nægjanlega sveigjanleg og hagkvæm í rekstri til að geta þróað hratt nýjar hagkvæmar tæknilausnir?

Það er ljóst að PSD2 tilskipunin mun hafa mikil áhrif á viðskiptamódel bankanna og eðli fjármálaþjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í næsta pistli verður fjallað um hvernig PSD2 löggjöfin muni breyta markaðinum fyrir greiðsluþjónustu.



## Hreyfing og heilsa á nýjum stað

Höfðinn er ný og glæsileg miðstöð verslunar og þjónustu að Bíldshöfða 9. Hér eru nú til húsa heilsugæsla, heilsuræktarstöð, apótek, stoðkerfisráðgjafar, röntgenstofa og golfverslun. Enn eru örfá rými laus í stærðum frá 300-1.700 m<sup>2</sup>.

### Fyrirtækin í húsinu:

**Apótekarinn** er framsækið verslunar- og þjónustufyrirtæki sem býður upp á lyf og aðrar heilsutengdar vörur.

**Flexor** býður upp á göngugreiningu, lausnir við stoðkerfisvandamálum, stuðningshlífur og skó við hæfi.

**Heilsuborg** brúar bilið milli líkamsræktar og heilbrigðisþjónustu með því að flétta saman hreyfingu, fræðslu og meðferð.

**Heilsugæslan Höfða** leggur áherslu á gott aðgengi, stuttan biðtíma og skráningu á ákveðinn heimilislækni.

**Röntgen Domus** opnar í Höfðanum í haust og mun bjóða upp á röntgenrannsóknir auk tölvusneiðmynda og ómskoðunar.

**Örninn Golfverslun** er sú stærsta sinnar tegundar á landinu og býður upp á mikið úrval af hágæða golfvörum.

Yfir 2.000 viðskiptavinir sækja húsið á hverjum degi.

Bíldshöfðinn liggur sérstaklega vel að helstu samgönguæðum. Samkvæmt vinningstillögu að rammaskipulagi rís íbúðabyggð fyrir 10–15.000 manns á Ártúnshöfða á næstu árum og liggur Bíldshöfði við fyrirhugað byggingarsvæði.



HEILD  
fasteignafélag

## Skotsilfur



## Réttir úr kútnum

Óhætt er að segja að gengi Skeljungs hafi valdið vonbrigðum frá því að félagið var skráð á markað í desember. Staða forstjórans, **Valgeirs Baldurssonar**, hefur af þeim sökum ekki verið sterk en fyrir opnun markaða í gær, þriðjudag, stóð hlutabréfaverð félagsins í 5,24 krónum á hlut og hafði lækkað um nærri fjórðung frá skráningu. Fjárfestar tóku hins vegar afar vel í uppgjör félagsins á fyrri árshelmingi, þar sem hagnaður jókst um 10 prósent milli ára, og hækkaði gengi bréfanna um heil 13 prósent í viðskiptum í gær. Þótt hluthafar fagni þessum tíðindum þá er markaðsvirði Skeljungs enn um tveimur milljörðum lægra en þegar það fór á markað í árslok 2016.



## Nýr eigandi

Félagið Saffron Holding, í eigu **Sigurðar Arngrímssonar** fjárfestis, hefur eignast að fullu Hringbraut, sem rekur samnefnda sjónvarpsstöð, útvarp og vefmiðil. Áður átti félagið nitján prósent hlut í Hringbraut. Guðmundur Örn Jóhannsson var fyrir viðskiptin stærsti eigandi fjölmiðilsins með 65 prósent hlut en hann heldur eftir aðeins 0,66 prósentum. Þá hefur Rakel Sveinsdóttir, sem hætti störfum hjá Hringbraut í vor, auk þess selt sextán prósent hlut sinn. Hringbraut hefur skilað tapi frá stofnun í febrúar árið 2015. Tapið nam 65,5 milljónum króna árið 2015 en fjölmiðillinn hefur ekki skilað ársreikningi fyrir síðasta ár.



## Sterkt uppgjör

Stóru tíðindin í nýbirtum uppgjörum skráðu tryggjafélaganna er afkoma VÍS. Þrátt fyrir að félagið, en **Helgi Bjarnason** er forstjóri þess, hafi upplýst markaðinn í sumar um að von væri á sterku uppgjöri kom það fjárfestum engu að síður á óvart. Til marks um það hækkuðu bréfin um 5,2% eftir að uppgjörið var birt. Hagfræðideild Landsbankans bendir á að bréf VÍS séu samkvæmt kennitölum um 10 til 15 prósentum ódýrari en bréf Sjóvár og TM. Arðsemi eigin fjárfélaganna hafi hingað til réttlætt muninn en það kunni hins vegar að vera að breytast.



## Möguleg bólu myndun í Kína



Skýrar vísbendingar eru um bólu myndun á kínverskum fasteignamarkaði að mati greinenda. Er óttast að bólan kunni að springa með hveli ef illa fer. Mikill hagvöxtur í landinu hefur valdið efnahagslegri spennu og jafnvel offjárfestingu í sumum greinum atvinnulífsins, svo sem byggingariðnaði. Sérfræðingur Goldman Sachs segir að mikil skuldaféttun í Kína ógni fjármálastöðugleika og auki hættuna á fjármálakreppu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Traust á fjármálakerfinu



Lilja Alfreðsdóttir  
alþingismaður

Áskoranir íslenskrar hagstjórnar eru margvíslegar og hverfa ekki þótt vel ári. Það er erfitt að hafa áhrif á ýmsa þætti hagstjórnar hér á landi, til að mynda hversu smátt hagkerfið okkar er eða að útflutningurinn er að mestu byggður á náttúruauðlindum og því sveiflukennari en ella. Hins vegar eru ákveðin verkefni sem stefnumótandi aðilar hafa á sínu valdi sem mikilvægt er að ráðast í til að styrkja umgjörð hagkerfisins og viðnámsþrótt þess. Annars vegar að efla traust á fjármálakerfinu og hins vegar endurskoðun peningastefnunnar. Til að stefnumótunin sé farsæl, þá þarf að tvinna þessa tvo þræði saman.

Um áratug fyrir hina alþjóðlegu fjármálakreppu var starfsemi fjármálaeftirlits og seðlabanka aðskilin í mörgum ríkjum, m.a. vegna þess að skynsamlegt þótti

að aðskilja eftirlit með öryggi innstæðueigenda og fjármálastöðugleika. Bankaeftirlitið var aðskilið Seðlabanka Íslands árið 1999 og Fjármálaeftirlitið stofnað. Í fjármálakreppunni komu fram miklir vankantar á þessari útfærslu, þar sem heildarsýn á áhættuþætti fjármálakerfisins skorti hjá Seðlabankanum sem lánveitanda til þrautavara. Fram hafa komið sterk rök hjá sérfræðingum á þessu sviði í þá veru að bankaftirlit eigi heima hjá seðlabönkum. Þróunin hefur verið sú hjá þeim ríkjum sem lentu í miklum erfiðleikum í fjármálakreppunni að þau hafa verið að veita seðlabönkum auknar heimildir á sviði þjóðhagsvarúðar og má nefna Holland og Írland. Sum ríki, líkt og Bretland, hafa sameinað eftirlit með fjárhagsstöðu lánastofnana á nýjan leik innan Englandsbanka. Það er brýnt að fara gaumgæfilega ofan í saumana á því hver ávinningurinn af sameinuðu fjármálaeftirliti á Íslandi sé.

## Skortir skýrt umboð

Mikil umræða hefur lengi verið á Íslandi um gjaldmiðlamál og tilfinningalegt samband þjóðarinnar við krónuna er oft lævi blandið. Stundum mætti halda að

Það gefur auga leið að það er meiri áskorun í litlu opnu hagkerfi, en ef samspil peningastefnu og ríkisfjármála er rétt og regluverk á fjármálamarkaði skilvirkt, þá er hægt að ná árangri.

hún væri upphaf og endir alls. Það er hins vegar ekki svo, því gjaldmiðillinn er fremur eins og hita-mælir hagkerfisins. Ef hagstjórnin er styrk og framsýn, þá má draga úr sveiflum á gjaldeyrismarkaði. Það gefur augaleið að það er meiri áskorun í litlu opnu hagkerfi, en ef samspil peningastefnu og ríkisfjármála er rétt og regluverk á fjármálamarkaði skilvirkt, þá er hægt að ná árangri. Til að auka traust og trúverðugleika, þá þarf að halda áfram að styrkja umgjörð peningastefnunnar. Ráðist hefur verið í margar aðgerðir á undanförunum misserum. Meðal annars að innleiða stýritæki til að tempra

fjármagnsinnstreymi og breyta reglum um laust fé og gjaldeyrissjöfnuð bankanna. Hins vegar þarf að horfa til fleiri hagstjórnartækja en stýrivaxta ef árangur á að nást í peningastefnunni og fyrirbyggja þarf að kerfisáhætta byggist upp í fjármálakerfinu. Til auka líkurnar á því að markmið um efnahagslegan stöðugleika náist, þá verður að leggja meiri áherslu á að samtvinnna framkvæmd peninga- og þjóðhagsvarúðarstefnu. Þetta er best gert með því að sameina fjármálaeftirlit á Íslandi til að hámarka styrk af kerfinu.

Stefnumótandi aðilar á Íslandi verða að skilja að þetta gerist í samvinnu Alþingis og lykilstofnana. Ef ekki er farið af stað í slíka vegferð með því hugarfari, þá skortir vegferðina umboð. Endurskoðun peningastefnunnar á að einblína á þessa þætti og bind ég miklar vonir við þá vinnu sem nú stendur yfir. Hins vegar er mjög bagalegt þegar forystumenn ríkisstjórnarinnar eru stöðugt að senda misvísandi skilaboð um umboð nefndarinnar og verkefni. Þetta verklag er ekki líklegt til að skila tilætluðum árangri og dregur úr trausti á getu stjórnvalda til að sigla í höfn þjóðfélagslega mikilvægum verkefnum.

## Raddstýrða stríðið



Hin hliðin  
Björn Berg Gunnarsson  
fræðslustjóri  
Íslandsbanka

Smásölumarkaðurinn vestanhafs var heldur betur í sviðsljósinu í síðustu viku. Hluthafar Whole Foods samþykktu formlega að selja verslanakeðjuna til Amazon á ríflega 1.500 milljarða króna og nýju eigendurnir ætla strax að

lækka vöruverð. Samdægurs bárust áhugaverð tíðindi frá Google. Frá og með síðari hluta september geta notendur snjallhátalarans Google Home keypt vörur frá stærsta smásala heims, Wal-Mart, með raddskipunum.

## Amazon með forystu

Flestum ber saman um að samstarf Google og Wal-Mart sé svar við auknum umsvifum Amazon. Jeff Bezos og félagar hafa lagt ríka áherslu á þróun og sölu Amazon Echo snjallhátalara að undanförunni og nifaldaðist salan á síðasta ári.

Echo hefur í dag tæplega þrisvar sinnum fleiri virka notendur en Google Home.

Markmiðið er þó ekki eingöngu að selja sem flesta hátalara heldur að hagnast á notkuninni. Ljóst er að Amazon og Google telja raddstýrð innkaup spennandi markað og þó Amazon hafi hingað til verið mun meira áberandi í smásölu á vefnum er samstarfið við Wal-Mart afar stórt skref fyrir Google og markaðstorg þeirra, Google Express. Vörur Costco, Target, Walgreens, Toys R Us og fleiri rísa hafa reyndar verið í boði á markaðstorginu (meira

áð segja Whole Foods) og frá því í febrúar hefur verið hægt að panta vörur með raddstýringu en með tilkomu Wal-Mart færast samkeppnin á annað plan.

## Næsta skref í vefverslun

Það getur verið erfitt að átta sig á áhrifum aukinnar samkeppni en stundum er hægt að sjá vísbendingar í verðlagningu hlutabréfa. Þegar tilkynnt var um fyrirhuguð kaup Amazon á Whole Foods í byrjun sumars féllu hlutabréf Costco um 3% og um önnur 5% á miðvikudaginn þegar Amazon greindi frá verðlækkunum.

Það er því ljóst að markaðurinn litur svo á að taka þurfi vefverslun alvarlega.

Ekkert er þó ennþá í boði hér heima. Google heyrir vissulega íslensku og getur skrifað niður talað mál, en gervigreind Google Assistant býður ekki enn upp á samskipti á tungumálinu frekar en Alexa (gervigreind Amazon), Cortana (Microsoft) og Siri (Apple). Íslenskir neytendur munu þó væntanlega ekki láta bjóða sér það til lengdar og munu nota þær lausnir sem í boði verða, hvort sem raddstýring tækja, verslunar, tónlistar og fleira verður á íslensku eða ensku.

# SÓLEY RÓS

RÆSTITÆKNIR

TJARNARBÍÓ



R.E. Pressan.is



S.J. Fréttablaðið

„Saga sem bætir heiminn.“

J.S.J. Kvinnablaðið

„Sólveig túlkar sársauka Sóleyjar Rósar af sterkri innlifun sem lætur engan ósnortinn.“

S.B.H. MBL

„Bráðfyndið leikrit sem hittir beint í hjartað, fullkomlega íslenskt en á sama tíma sammanlegt og líka skerandi sárt. ... Sterkur efniviður sem unnið er úr af virðingu, hnitmiðaður leiktexti, hárbeitt leikstjórn Maríu Reyndal og stjórnuleikur Sólveigar og Sveins Ólafs“.

D.S. Starfugl

Sýningin sem sló í gegn á síðasta leikári snýr aftur!



GRÍMAN

ÍSLENSKU SVÍÐSLISTAVERÐLAUNIN

Leikrit ársins 2017

Leikkona ársins í aðalhlutverki

Menningarverðlaun DV

## Sýningar

Sun. 17. sept. kl. 20.30

Lau. 23.sept. kl. 20.30

Lau. 30.sept. kl. 20.30

Fös. 6. okt. kl. 20.30

Miðasala á [tix.is](http://tix.is)

## Stjórnar- maðurinn



@stjornarmadur

## Afhjúpanði

Nú er ekkert nýtt að löggjafinn og framkvæmdarvaldið sýni fjölmíðlum lítinn skilning. Undanfarið hefur harðnað á dalnum hjá ýmsum í þessum geira. Lögð hefur verið fram gjaldþrotabeidi á DV, og aðrir, s.s. Kjarninn, hafa lýst því opinberlega að reksturinn sé í járnum. Ein af stóru ástæðunum fyrir þessu er sú meðgjöf sem löggjafinn veitir RÚV á ári hverju, en auk þess að fá að seilast í vasa hvers einasta landsmanns gegnum nefskattinn, þá fær ríkisfjölmiðillinn óárettur að starfa á auglýsingamarkaði. Tekjur RÚV af sölu auglýsinga 2016 námu riflega tveimur milljörðum.

Vart þarf að taka fram að viðast hvar þekkt það ekki að ríkisfjölmiðill taki þátt á auglýsingamarkaði með viðlíka hætti. Hliðarverkanin er líka sú að ríkisfjölmiðill sem þarf að sækja í auglýsingatekjur þarf að sýna efni sem auglýsendum þóknast. Þetta veldur því að RÚV tekur þátt á markaði um efniskaup á alþjóðlegu sjónvarpsefni með mun harkalegri hætti en annars staðar tíðkast.

Með öðrum orðum. Tilvist RÚV veldur því ekki einungis að einkamiðlarnir verða af tekjum, heldur veldur hún einnig verðbólgu í verði á alþjóðlegu sjónvarpsefni með tilheyrandi kostnaðarauka fyrir þá sem á markaðnum starfa.

Meðgjöf RÚV er ekki hið eina sem er ábótavant í stefnu stjórnvalda gagnvart fjölmíðlum. Um árabíl hafa þeir sem starfa á sjónvarpsmarkaði kvartað undan því að ekki sé nóg að gert þegar kemur að ólöglegu niðurrhali, en áætlað er að innlendir rétthafar verði af meira en milljarði á ári vegna þessa. Skilningsleysi stjórnvalda hefur verið algert.

Því þurfti ef til vill ekki að koma á óvart að sjá sjálfan formann allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur, auglýsa á samfélagsmiðlum eftir ólöglegu streymi að stórbardaga Conors MacGregor og Floyd Mayweather, en réttinn að bardaganum höfðu innlendir sjónvarpsstöðvar keypt dýrum dómum.

Tekið skal fram að málefni rétthafa heyra undir menntamálaráðherra og eru því beinlínis á sviði sem varðar nefndina sem Áslaug Arna veitir forstöðu. Haft er á orði að ekkert atvik á síðari árum hafi verið meira lýsandi fyrir viðhorf stjórnvalda í garð fjölmíðla í landinu. Varla getur nefndarformaðurinn setið áfram.

## Tekjurnar gætu lækkað um 600 milljónir

Heildsölutekjur fjarskiptafélagsins Símans gætu dregist saman um allt að 600 milljónir króna á ársgrundvelli í kjölfar fyrirhugaðs samruna Vodafone og 365, helstu keppinauta félagsins. Þetta kom fram í máli Orra Haukssonar, forstjóra Símans, á kynningarfundum með fjárfestum í síðustu viku.

Hann sagðist búast við að eftirlitsstofnanir samþykktu samruna Vodafone og 365, en þó með



Orri Hauksson

stífum skilyrðum. Áhrifa samrunans myndi gæta víða í starfsemi Símans, en félagið myndi meðal annars missa heildsölutekjur til hins sameinaða félags, þá að því tilskildu að allir viðskiptavinir 365 færðu sig yfir til Vodafone. Gæti upphæðin orðið allt að 600 milljónir króna á ársgrundvelli. Er upphæðin um 7,6 prósent af tekjum Símans í fyrra, sem námu alls 7.945 milljónum króna. – kj

27.08.2017

Ég álit að það eigi að vera algjört gagnsæi um fjárfestingar lífeyrissjóðanna, til dæmis í hverju þeir fjárfesta, hvernig þeir beita sér, með hvaða stjórnarmanni þeir greiða atkvæði á hluthafafundum og hvaða tillögur þeir leggja fram.

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar



### Þægilegri verðbréfavíðskipti í netbankanum

Við erum búin að uppfæra verðbréfavíðmótið í netbankanum. Nú er hægt að kaupa og selja hlutabréf sem skráð eru í Kauphöll á þægilegri hátt en áður, stofna áskrift að sjóðum, skoða vörslureikning og fylgjast með ávöxtun eigna.

Kynntu þér málið í netbankanum.

**Arion banki**  
- fyrir framtíðina

STAGA	ÁVÖXTUN	HREYFINGAR	HLUTABRÉF	SJÓÐIR	Tilboðing	Verð	Kostnaður
KAUFA	SELJA	Gengi	Óvæð	Kaup	Sala	Þjá	Væla
KAUFA	SELJA	12,80	0,00%	12,70	12,85	0	57,0%
KAUFA	SELJA	332,00	0,00%	331,00	334,50	0	0,0
KAUFA	SELJA	85,70	0,00%	85,30	84,00	0	13,0%
KAUFA	SELJA	53,30	0,00%	54,12	54,20	0	6,0
KAUFA	SELJA	14,05	0,00%	14,25	14,20	0	0,0
KAUFA	SELJA	382,00	-2,6%	380,00	380,00	0	0,0
KAUFA	SELJA	109,50	0,00%	109,00	109,00	0	11,0%
KAUFA	SELJA	32,95	0,00%	32,90	32,90	0	0,0
KAUFA	SELJA	405,00	-1,37%	400,00	400,00	0	0,0
KAUFA	SELJA	29,60	-2,3%	29,50	29,20	0	0,0
KAUFA	SELJA	106,50	0,00%	106,00	106,00	0	19,0%
KAUFA	SELJA	4,20	0,00%	4,20	4,20	0	0,0
KAUFA	SELJA	19,00	-1,04%	18,80	18,80	0	0,0
KAUFA	SELJA	8,37	0,00%	8,35	8,35	0	0,0
KAUFA	SELJA	35,30	0,00%	35,30	35,30	0	0,0
KAUFA	SELJA	11,33	0,00%	11,34	11,34	0	0,0
KAUFA	SELJA	61,60	0,00%	61,60	61,60	0	0,0



# ÚTSALA

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MP3 SPILARAR MAGNARAR ÚTVÖRP BÍLTÆKI  
HÁTALARAR SJÓNVÖRP PRÁÐLAUSIR SÍMAR MYNDAVÉLAR  
DVD SPILARAR BÍLHÁTALARAR HEYRNARTÓL  
HLJÓMBORÐ REIKNIVÉLAR

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI  
**ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR**  
**LOKADAGAR - LOKADAGAR**

UPPPVOTTAVÉLAR ELDVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR  
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL  
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR PVOTTAVÉLAR  
KAFFIVÉLAR BLANDARAR PURRKARAR  
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN  
RYKSUGUR

7 VERSLANIR UM ALLT LAND

Sjónvörp frá Philips, Panasonic og LG á frábærum verðum  
Whirlpool spansuðu helluborð frá 34.995  
65" LG 4K snjallsjónvörp frá 149.995  
Örbylgjuofnar frá 6.990, allt að 30% afsláttur  
Vestfrost þvottavélar með íslensku stjórnborði frá 29.995  
Whirlpool bakaraofnar með blæstri frá 29.995  
Philips kaffivélar sem sjóða vatnið með 25% afslætti  
Barkalausir þurrkarar frá 34.995  
Pottar, pönnur og búsáhöld með 30-50% afslætti  
Panasonic þjófavarna- og myndavélakerfi með 40% afslætti  
Soundbar heimabíó í miklu úrvali frá Philips,  
LG og Panasonic. Verð frá 14.995  
Whirlpool stál uppvottavélar frá 49.995  
Philips ryksugur frá 12.995 - allt að 35% afsláttur

**TAKMARKAÐ  
MAGN**

*Fyrstur kemur  
- fyrstur fær!*

Sjá allt úrvalið  
á [ht.is](http://ht.is)

**Opið alla helgina!**

OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT VIRKA DAGA  
FRÁ 10-18, LAUGARDAGA 11-16 OG SUNNUDAG 13-17.

 **Heimilistæki**  
[www.ht.is](http://www.ht.is)


SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic  
wilfa Melissa -friete elna VESTFRÖST exDO MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Vestlæg átt 3-8 í dag, skýjað og lítils háttar súld við vesturströndina en bjartvirði austanlands. Hiti 8 til 17 stig, hlýjast sunnanlands.



## Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
11° ↗7	9° ↗15	11° ↗10	12° ↑6	11° ↗15	14° ↗13
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
12° ↘2	10° ↗6	6° ↑11	17° →6	15° ↗3	8° ↑10

## LÉTT

4	2			9		
1	3	8		4	7	2
	7			1		4
6	4	1			3	
		2				
8			2	5		1
7	8			1		9
			9			8
9		4	8		2	7

## MIDLUNGS

		9		8		2	1
	2		7		4	3	
	3		5				9
9	4			2			
		7	3	4			
	6						
6			1	7		5	
4							1
	5					9	

## PUNG

						3	4
7		6				5	1
					1		7
							1
	5	9	4			6	
				9	3		
	2						
				9		7	4
			5		6	9	
3			8		7		

## Krossgáta

- LÁRÉTT**  
 2. skrambi  
 6. hvort  
 8. kostur  
 9. fugl  
 11. tala  
 12. goðsagnavera  
 14. gimsteinn  
 16. snæddi  
 17. svelgur  
 18. reik  
 20. strit  
 21. flatmur

- LÓDRÉTT**  
 1. dylja  
 3. átt  
 4. samhliða  
 5. angan  
 7. pedali  
 10. fóstura  
 13. ái  
 15. ferðast  
 16. púka  
 19. tveir eins

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT: 2. ansi, 6. et, 8. val, 9. lóa, 11. mm, 12. lóðrétt, 14. sátt, 16. átt, 17. íða, 18. tíð, 20. at, 21. agða. LÓDRÉTT: 1. fela, 3. nu, 4. samslóa, 5. ilm, 7. fósting, 10. ala, 13. afti, 15. rata, 16. ára, 19. óð.

## Skák Gunnar Björnsson

Bajovic átti leik gegn Inkov í Plovdiv í Búlgaríu árið 1982.

### Svartur á leik

1... Dxb2+! 2. Kxb2 Rg4+

3. Kh1 Hh3+! 4. Bxb3 Hh2#

0-1. Fjórir skákmenn eru efstir og jafnir á Meistaramóti Hugins að loknum tveimur umferðum.



www.skak.is: Meistarmót Hugins


2 4 1 5	3 1 1 9	6 1 7 8	3 1 9 2	7 1 1 4	8 1 6 5	4 1 5 1	6 1 7 9	2 1 8 3
9 1 6 7	2 4 8	1 3 5	7 1 8 4	6 1 5 2	9 1 1 3	6 1 2 3	8 1 1 4	7 1 9 5
8 1 1 3	6 1 5 7	9 1 2 4	1 1 5 6	8 1 9 3	7 1 4 2	7 1 8 9	5 1 2 3	1 1 6 4
6 1 7 9	1 1 8 2	5 1 4 3	2 1 3 8	9 1 4 6	5 1 7 1	3 1 6 7	4 1 9 2	5 1 1 8
1 1 8 2	4 1 3 5	7 1 6 9	9 1 6 1	2 1 7 5	3 1 8 4	8 1 4 2	1 1 5 6	3 1 7 9
3 1 5 4	7 1 9 6	8 1 1 2	4 1 7 5	1 1 3 8	6 1 2 9	9 1 1 5	3 1 8 7	4 1 2 6
4 1 9 1	5 1 6 3	2 1 8 7	8 1 1 7	3 1 2 9	4 1 5 6	1 1 3 4	7 1 6 8	9 1 5 2
7 1 3 8	9 1 2 1	4 1 5 6	5 1 2 3	4 1 6 7	1 1 9 8	5 1 9 6	2 1 3 1	8 1 4 7
5 1 2 6	8 1 7 4	3 1 9 1	6 1 4 9	5 1 8 1	2 1 3 7	2 1 7 8	9 1 4 5	6 1 3 1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



## Gelgjan



## Barnalán



Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2

# VIÐ ERUM AÐ TALA UM ÞIG

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is 365

**LAUGARÁS BÍÓ** **mid.is**

**EMOJI MYNDIN**  
SÝND KL. 6

**LOGAN LUCKY**  
SÝND KL. 5.30, 8, 10.30

**SHOT CALLER**  
SÝND KL. 8, 10.30

**ATOMIC BLONDE**  
SÝND KL. 8, 10.25

**AULINN EG 3**  
ÍSL. 2D KL. 6

**SAMBÍÓIN SAMbio.is** **KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU**

**THE HITMAN'S BODYGUARD**  
Ryan Reynolds, Samuel L. Jackson, Gary Oldman, Salma Hayek  
Grín-spennumynd ársins!

**EVERYTHING, EVERYTHING**  
AMANDLA STENBERG, NICK ROBINSON  
Byggð á metsölubókinni 'Allt eða Ekkert'

**DUNKIRK**  
Frá leikstjóra The Dark Knight þríleiksins, Inception og Interstellar

**ANNABELLE CREATION**  
THE NEXT CHAPTER IN THE CONJURING UNIVERSE

ÁLFABAKKA	EGILSHÖLL	KRINGLUNNI	NÚMERÚÐ SÆTI
EVERYTHING, EVERYTHING kl. 8 - 10:30	EVERYTHING, EVERYTHING kl. 5:50 - 8 - 10:20	EVERYTHING, EVERYTHING kl. 5:50 - 8 - 10:10	
HITMAN'S BODYGUARD kl. 6:30 - 8 - 9 - 10:30	HITMAN'S BODYGUARD kl. 5:30 - 8 - 10:30	HITMAN'S BODYGUARD kl. 5:30 - 8 - 10:30	
HITMAN'S BODYGUARD VIP kl. 5:30 - 8 - 10:30	ANNABELLE: CREATION kl. 8 - 10:10	ANNABELLE: CREATION kl. 10:40	
ANNABELLE: CREATION kl. 8 - 10:20	DUNKIRK kl. 5:40 - 8 - 10:20	DUNKIRK kl. 6 - 8:20	
DUNKIRK kl. 10			
KEFLAVÍK	AKUREYRI		
FUN MOM DINNER kl. 8	EVERYTHING, EVERYTHING kl. 8	EVERYTHING, EVERYTHING kl. 5:50 - 8	
STORKURINN RIKKI ÍSL. TAL kl. 6	HITMAN'S BODYGUARD kl. 8 - 10:30	HITMAN'S BODYGUARD kl. 8 - 10:30	
AULINN EG 3 ÍSL. TAL 2D kl. 6	ANNABELLE: CREATION kl. 10:30	ANNABELLE: CREATION kl. 10:30	
BILAR 3 ÍSL. TAL 2D kl. 5:50		STORKURINN RIKKI ÍSL. TAL kl. 6	
PIRATES 2D kl. 5:20			

**Hvað? Hvenær? Hvar?**  
Miðvikudagur  
hvar@frettabladid.is

**30. ÁGÚST 2017**

**Tónlist**

**Hvað?** Schola cantorum  
**Hvenær?** 12.00  
**Hvar?** Hallgrímskirkja  
Nú er komið að elleftu og síð-ustu tónleikum Schola cantorum í sumar og flytur kórinn fagar, íslenskar kórperlur í bland við uppáhaldsverk af verkefnaskrá kórsins, eins og t.d. hið hrifandi Lux Aeterna: „O Nata Lux“ eftir Morten Lauridsen af geislaþötu sinni Meditatio, sem hlotið hefur frábærar viðtökur um allan heim.

**Hvað?** Þorgrímur Jónsson – Nordic House Concert Series  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Norræna húsið  
Þorgrímur Jónsson bassaleikari spilar í Norræna húsinu í kvöld. Miðaverð 2.000 krónur.

**Hvað?** Árni Vil  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Hlemmur Square, Laugavegi  
Árni Vil tekur lagið.

**Hvað?** DJ draumórar  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Hverfisgata 12

**Viðburðir**

**Hvað?** Drag-Súgur Presents: DRAG LAB 3  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu

**Hvað?** Choreo-Talks - Reykjavík Dance Festival  
**Hvenær?** 20.30  
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu  
Choreo-Talks á Reykjavík Dance Festival í Mengi miðvikudagskvöldið 30. ágúst klukkan 20.30. Fram koma: Anna Kolfinna Kuran, Guðrún Selma Sigurjónsdóttir, Saga Sigurðardóttir, Sóley Frostadóttir og Ragnheiður Sigurðardóttir Bjarnason. Aðgangur ókeypis og öll velkomin.

**Hvað?** Byrjendakvöld – Opin æfing  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Klifurhúsið, Ármúla  
Opin æfing með leiðbeinanda sem er hugsuð fyrir þau sem eru að taka sín fyrstu spor í sportinu. Farið



Vigdís Finnbogadóttir fékk gefins höggmynd eftir Picasso og er þessi höggmynd nú til sýnis í Listasafni Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

verður yfir uppbyggingu æfinga og æfingasalurinn kynntur.

**Hvað?** Hillingar – frumsýning  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu  
Hillingar frumsýna miðvikudagskvöldið 30. ágúst á skemmtistaðnum Húrra.

**Sýningar**

**Hvað?** Louisa Matthíasdóttir: Kyrrð  
**Hvenær?** 10.00  
**Hvar?** Kjarvalsstaðir

**Hvað?** Ragnar Kjartansson: Guð, hvað mér líður illa  
**Hvenær?** 10.00  
**Hvar?** Hafnarhúsinu

**Hvað?** Ásmundur Sveinsson: List fyrir fólkið  
**Hvenær?** 10.00  
**Hvar?** Ásmundarsafn, Sigtúni

**Hvað?** Kjarval – lykilverk  
**Hvenær?** 10.00  
**Hvar?** Kjarvalsstaðir

**Hvað?** Comparative Vandalism  
**Hvenær?** 10.00  
**Hvar?** Listasafn Íslands  
Í lok árs 1950 hóf hinn fjölhæfi listamaður Asger Jorn (1914–1973, Danmörku) að vinna að annars konar listasögu: sinni eigin „Skandinavísku samburðarstofnun um vandalisma“ (e. Scandinavian Institute of Comparative Vandalism). Jorn ætlaði sér það verkefni að skapa alfræðirit í 32 bindum, sem fjalla skyldi um norræna alþýðulist, en tugþúsundir ljósmynda hans fyrir

verkefnið enduðu ónotadar í gríðarlega stóru skjalasafni. Sýningin Comparative Vandalism byggir á þessum ljósmyndum.

**Hvað?** Pablo Picasso í safneign Listasafns Íslands; Jacqueline með gulan borða  
**Hvenær?** 10.00  
**Hvar?** Listasafn Íslands

Listasafn Íslands býður gestum að upplifa verk Pablos Picasso, þekktasta listamanns 20. aldarinnar, um leið og veitt er innsýn í list meistarans spænska og sögu verksins, með textum og viðtölum. Jacqueline Roque Picasso, ekkja listamannsins, gaf frú Vigdís Finnbogadóttur höggmyndina af sjálfri sér. Sem forseti Íslands kaus frú Vigdís að lita á rausnarskapinn sem gjöf handa þjóðinni. Í framhaldi af þessari einstæðu ákvörðun kvennanna beggja var stytta afhent Listasafni Íslands til varðveislu árið 1988. Síðan þá hefur höggmyndin oftast verið sýnd erlendis en hér heima enda talin með sérstæðustu portrettum listamannsins. Hún er því afar eftirsótt í hinum alþjóðlega listheimi.

**Góða skemmtun í bíó**

**HL STÖÐIN**  
Starfsemi HL stöðvarinnar í Reykjavík hefst samkvæmt stundaskrá mánudaginn **4. september**.  
Vinsamlega staðfestið þátttöku í síma **561 8002** eða á **hlstodin@simnet.is**.  
**HL STÖÐIN**  
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga  
Hátúni 14 - 105 Reykjavík - Sími 561 8002

**RISA ÚTSALAN**  
**÷ 32%**  
**COMO HÆGINDASTÓLL**  
Fullt verð 43.500 kr.  
**NÚ 29.580 kr.**  
**rekkjan**  
HEILSURÚM

**BIO PARADIS** **HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19**

The Other Side Of Hope	18:00
Manchester By The Sea	17:15
Mýrin	18:00
Out Of Thin Air	20:00
The Greasy Strangler	20:00
Hjartasteinn	20:00
BPM (120 Beats Per Minute)	22:00
Frantz	22:00
Ég Man Þig	22:30

**120 BEATS PER MINUTE**  
A FILM BY ROBERTO CANALIO

## DAGSKRÁ

## Miðvikudagur

# jamie oliver

## 15-Minute Meals



Stórskemmtilegir og hressandi matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa girnilega máltíð á aðeins 15 mínútum.

## MAGNAÐ MIÐVIKUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á **365.is**

**365**



### THE BOLD TYPE

Þær eru flottar og með tiskuna algerlega á hreinu enda vinna þær hjá glanstímaritinu Scarlet. Allar vilja þær hafa áhrif á líf annarra kvenna en einnig finna ástina sjálfum sér til handa.



### THE NIGHT SHIFT

Spennandi læknaþættir sem gerast á bráðamóttökunni í San Antonio og fjalla um ástir og örlög læknanna.



### NASHVILLE

Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



### ORANGE IS THE NEW BLACK

Frábærir verðlaunþættir um Piper Chapman og samfanga hennar í Litchfield-fangelsinu í New York.



### WIZARD OF LIES

Myndin fjallar um fjármálamögúlinn Bernard Madoff sem var sakfelldur fyrir stórfellt fjármálamisferli sem hefur verið kallað eitt stærsta píramíðasvindil sögunnar.



Vönduð  
Kvikmynd frá  
**HBO**



### COLD CASE

Lily Rush er rannsóknarkona hjá lögreglunni í Filadelfíu sem hefur þarft verk að vinna. Hún rannsakar gömul mál sem hafa aldrei verið leyst.



### STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons  
**07.25** Heiða  
**07.50** The Middle  
**08.15** Mindy Project  
**08.35** Ellen  
**09.15** Bold and the Beautiful  
**09.35** The Doctors  
**10.20** Bomban  
**11.10** Heilsugengið  
**11.30** Olive Kitteridge  
**12.35** Nágrannar  
**13.00** Á uppleið  
**13.35** The Night Shift  
**14.20** Major Crimes  
**15.05** Hart of Dixie  
**15.50** Schitt's Creek  
**16.15** Hollywood Hillbillies  
**16.40** The Simpsons  
**17.00** Bold and the Beautiful  
**17.25** Nágrannar  
**17.50** Ellen Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi. Þættirnir eru með þeim vinælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum og nær að skapa einstakt andrúmsloft í salnum sem skilar sér beint til áhorfenda sem sitja heima í stofu.  
**18.30** Fréttir Stöðvar 2  
**18.55** Sportpakinn  
**19.05** Ísland í sumar  
**19.25** Víkingalottó  
**19.30** Jamie's 15 Minute Meals Frábærir matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa glæsta og gömsæta máltíð á aðeins 15 mínútum.  
**19.55** The Middle  
**20.20** The Bold Type  
**21.05** The Night Shift Fjórdá syra þessara spennandi læknaþátta sem gerast á bráðamóttökunni í San Antonio og fjalla um ástir og örlög læknanna.  
**21.50** Nashville 4  
**22.35** Orange Is the New Black  
**23.35** Insecure  
**00.05** NCIS  
**00.50** Animal Kingdom  
**01.40** Training Day Spennuþættir um tvo afar ólíka rannsóknarlögreglumenn sem gerast 15 árum á eftir samnefndri mynd. Nýliðinn og hugsjónamaðurinn Kyle Craig er ráðinn til að vinna með reynsluhundinum Frank Rourke en aðferðir hans eru æði óvenjulegar og oftast en ekki fer hann ekki eftir bókinni í rannsókn mála. Þetta gerir það að verkum að samstarf þeirra verður á tímum afar erfitt og þá sér í lagi þegar siðferðisleg álitamál koma upp.  
**02.25** Notorious  
**03.05** Notorious  
**03.50** Covert Affairs  
**04.35** Olive Kitteridge  
**05.30** The Middle

### STÖÐ 2 SPORT

**07.20** Leiknir R. - Þróttur  
**09.00** Bor. Dortmund - Hertha Berlin  
**10.40** Þýsku mörkin  
**11.10** Stjarnan - FH  
**12.55** Pepsi-mörkin  
**14.25** Premier League Review  
**15.20** Formúla 1 - Keppni  
**17.50** Grindavík - Valur  
**20.00** NFL Hard Knocks  
**20.55** Real Madrid - Manchester United  
**22.50** Þór - Keflavík  
**00.30** Formúla E

### ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió  
FM 89,5 Retro  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan  
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
FM 99,4 Útvarp Saga  
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

### STÖÐ 3

**17.20** New Girl  
**17.45** Mike & Molly  
**18.05** The Big Bang Theory  
**18.30** Modern Family  
**18.55** Curb Your Enthusiasm  
**19.30** Dulda Ísland  
**20.25** Lóa Pind: Battlað í borginni  
**21.10** Man Seeking Woman  
**21.35** Cold Case  
**22.20** Supernatural  
**23.05** Luck  
**00.00** Banshee  
**01.00** Modern Family  
**01.25** Dulda Ísland  
**02.15** Lóa Pind: Battlað í borginni  
**03.00** Man Seeking Woman  
**03.25** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Áfram Diego, áfram!  
**07.24** Svampur Sveinsson  
**07.49** Lalli  
**07.55** Rasmus Klumpur  
**08.00** Lína langsokkur  
**08.25** Hvellur keppnisbill  
**08.37** Ævintýraferðin  
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir  
**09.00** Víkingurinn Viggó  
**09.11** Zigby  
**09.25** Stóri og Litli  
**09.38** Skógardýrið Húgó  
**10.00** Dóra könnuður  
**10.24** Mörgæsirnar  
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór  
**11.00** Áfram Diego, áfram!  
**11.24** Svampur Sveinsson  
**11.49** Lalli  
**11.55** Rasmus Klumpur  
**12.00** Lína langsokkur  
**12.25** Hvellur keppnisbill  
**12.37** Ævintýraferðin  
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir  
**13.00** Víkingurinn Viggó  
**13.11** Zigby  
**13.25** Stóri og Litli  
**13.38** Skógardýrið Húgó  
**14.00** Dóra könnuður  
**14.24** Mörgæsirnar  
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór  
**15.00** Áfram Diego, áfram!  
**15.24** Svampur Sveinsson  
**15.49** Lalli  
**15.55** Rasmus Klumpur  
**16.00** Lína langsokkur  
**16.25** Hvellur keppnisbill  
**16.37** Ævintýraferðin  
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir  
**17.00** Víkingurinn Viggó  
**17.11** Zigby  
**17.25** Stóri og Litli  
**17.38** Skógardýrið Húgó  
**18.00** Dóra könnuður  
**18.24** Mörgæsirnar  
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór  
**19.00** Hneturánið



Mörgæsirnar  
kl. 10.24,  
14.24 og  
18.24

### STÖÐ 2 BÍÓ

**11.25** Dying of the Light  
**13.00** Spotlight  
**15.05** My Big Fat Greek Wedding 2  
**16.40** Dying of the Light  
**18.15** Spotlight  
**20.25** My Big Fat Greek Wedding 2  
**22.00** Wizard Of Lies Stórmynd frá HBO með Robert De Niro og Michelle Pfeiffer í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um fjármálamögúlinn Bernard Madoff sem var sakfelldur fyrir stórfellt fjármálamisferli sem hefur verið kallað eitt stærsta píramíðasvindil sögunnar. Með blekkingum náði Madoff gríðarlegum fjárhæðum af fórnarlömbum sínum og skildi þau eftir gjaldþrota. Fjölskylda hans dróst einnig miskunnarlaust inn í hringiðu fjölmiðlafarsins sem skapaðist í kjölfar þess að svikamylla Madoffs hrundi og þá um leið viðskiptaveldi hans.  
**00.15** Sicario  
**02.15** Miss You Already  
**04.05** Wizard Of Lies

### RÚV

**17.25** Úr gullkistu RÚV: Út og suður  
**17.50** Táknafréttir  
**18.00** KrakkaRÚV  
**18.01** Vinabær Danna tigurs  
**18.13** Klaufabárðarnir  
**18.21** Sanjay og Craig  
**18.45** Chaplin  
**18.54** Víkingalottó  
**19.00** Fréttir  
**19.25** Íþróttir  
**19.30** Veður  
**19.35** Kastljós og Menningin  
**20.05** Vatnajökull – Eldhjarta Íslands  
**20.35** Gone  
**20.55** Lukka  
**22.00** Tíufréttir  
**22.15** Veðurfréttir  
**22.20** Diana  
**23.55** Kastljós og Menningin  
**00.15** Dagskrárlök

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.15** Siminn + Spotify  
**08.00** Everybody Loves Raymond  
**08.22** Dr. Phil  
**09.06** Life Unexpected  
**09.47** Psych  
**10.35** Siminn + Spotify  
**13.15** Dr. Phil  
**13.58** The Great Indoors  
**14.22** Crazy Ex-Girlfriend  
**15.11** Making History  
**15.36** Kitchen Nightmares  
**16.27** King of Queens  
**16.51** Man With a Plan  
**17.13** How I Met Your Mother  
**17.36** Dr. Phil  
**18.20** The Tonight Show starring Jimmy Fallon  
**19.06** The Late Late Show with James Corden  
**00.20** Deadwood  
**01.05** Chicago Med  
**01.50** How To Get Away With Murder  
**02.35** The Catch  
**03.20** Dice  
**03.50** Chicago Justice  
**04.35** The Handmaid's Tale  
**05.20** Sex & Drugs & Rock & Roll  
**05.50** Siminn + Spotify

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is




 **Stilling**

# Varahlutir í bílinn

Verksmiðjuábyrgð á þínum bíl er tryggð með vottuðum varahlutum frá Stillingu



**Rafgeymar**



**Kúplingar**




**Smursiur**



*Kerti, háspennukefli, kveikjuþráðasett, súrefnisskynjarar og loftflæðiskynjarar*



*Demparar, gormar og stýrisendar*



*Tímareimar og vatnsdælur*



**Hemlahlutir**



 **Stilling**  
*Allt fyrir bílinn*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | [www.stilling.is](http://www.stilling.is) | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)



Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2

VIÐ ERUM AÐ TALA UM



MARGFALT SKEMMTILEGRI



SPORT

Krakkar




3

MARAPON NOW

Tónlist

Vild



# ÍSLENSKA DAGSKRÁ

Calvin Klein  
homeBOSS  
HUGO BOSSKENZO  
MAISON

## RÚMFÖT, BAÐSLOPPAR OG HANDKLÆÐI

Vorum að taka upp nýja sendingu af spennandi vörum frá Calvin Klein, Boss og Kenzo.

**KOMDU OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!**



FAXAFENI 5  
Reykjavík  
588 8477

DALSBRAUT 1  
Akureyri  
588 1100

SKEIÐI 1  
Ísafirði  
456 4566

**Betra  
BAK**



### ÁSKRIFTIN FYLGIÐ PÉR

Með sjónvarpsáskrift hjá 365 getur þú horft á upphaldssjónvarpsefnið þitt, hvar og hvenær sem er – því áskriftin fylgir þér

**365**  
ÁSKRIFT.IS



Júlía hefur undanfarin ár einbeitt sér að því að minnka matarsóun á heimilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Síðasti sölundagur er ekki heilagur sannleikur

Matarsóun er Júlíu Sif Ragnarsdóttur hugleikin og það gleður hana að sjá að fleira fólk er á sömu nótum. Hún lumar á nokkrum góðum ráðum fyrir þá sem vilja minnka matarsóunina á heimilinu.

Júlía Sif Ragnarsdóttir byrjaði að hugsa um matarsóun og áhrif hennar þegar hún flutti fyrst að heiman fyrir um tveimur árum. „Okkur kærastanum mínum fannst báðum ótrúlega leiðinlegt þegar matur fór í ruslið. En við komumst fljótt upp á lagið með að nýta mat heimilisins vel,“ segir Júlía Sif.

Það gleður hana að sífellt fleira fólk er nú farið að spá í matarsóun, sérstaklega á undanfögnu ári. „Matarsóun hefur verið mikið í umræðunni undanfarið og margar búðir og veitingastaðir eru til dæmis farin að gera mikið til að minnka það sem fer í ruslið hjá sér, það finnst mér frábært.“

Júlía Sif heldur úti blogginu Veg-anistur.is ásamt systur sinni, Helgu Maríu, og þær taka eftir að lesendur þeirra hafa mikinn áhuga á að draga út matarsóun á sínu heimili. „Fólk er orðið meðvitað um þetta og þegar við systur höfum skrifað um eitthvað tengt matarsóun eða minni rusl-fram-

### FJÖGUR RÁÐ TIL AÐ DRAGA ÚR MATARSÓUN

1. Nýttu frystinn. Júlía Sif notar frystinn á heimilinu óspart til að lengja líftíma matar sem er alveg að renna út. „Svo er hægt að gera góð kaup á mat úti í búð sem er að nálgast síðasta sölundag og frysta.“
2. Hafðu góða yfirsýn. Júlía segir mikilvægt að fólk fylgist vel með því sem til er í eldhúsinu, sérstaklega ávöxtum og grænmeti. Banana sem eru orðnir gamlir nýtir hún gjarnan í banana-muffins og grænmeti nýtir hún í súpur.
3. Smakkaðu og þefaðu. Síðasti sölundagur er ekki heilagur sannleikur að sögn Júlíu. „Margt sem komið er fram yfir síðasta sölundag er allt í lagi að nýta,“ segir Júlía og tekur hrisgrjón, linsubaunir og krydd sem dæmi. Galdurinn hér er að þefa og smakka.
4. Skipulag. Gott skipulag er lykillinn. Sjálf gerir Júlía matseðil á hverjum sunnudegi og kaupir inn í takt við hann.



Júlía notar brúna banana í bakstur.

**ÉG NOTA ÞURMAT  
ALVEG ÞÓTT HANN SÉ  
ÚTRUNNINN EN ÉG VEIT AÐ  
MARGA KLÍGJAR VIÐ ÞEIRRI  
TILHUGSUN.**

versla eftir honum. Ég reyni að kíkja í skápa og skúffur til að sjá hvað er til og elda eftir því. Ég reyni líka að fylgjast vel með grænmetinu og ávöxtum um því það er oftast það sem skemmist hraðast án þess að maður taki eftir því einhvern veginn,“ segir Júlía sem gerir gjarnan súpur úr því grænmeti sem er nálægt því að skemmast.

Júlía verður vör við að fólk sé hrætt við að nýta matvæli sem eru komin fram yfir síðasta sölundag. „Margt fólk hendir óspart í ruslið því sem er kannski nýrunnið út eða er alveg að renna út. Ég nota þurrmat alveg þótt hann sé útrunninn en ég veit að marga klígjjar við þeirri tilhugsun,“ segir hún og hlær. „Ég hef lagt það í vana minn að þefa og smakka mat og gúgla hvort það sé í lagi að nota ákveðnar matvörur þótt þær séu komnar fram yfir síðasta sölundag.“


Allt sem hver og einn gerir til að minnka matarsóun hjá sér skiptir máli, sama hversu lítið það er.“

gudnyhronn@365.is

leiðslu hefur því alltaf verið tekið fagnandi.“

Meðfylgjandi eru nokkur ráð frá Júlíu sem lesendur sem vilja draga úr sóun geta nýtt sér. Hún mælir t.d. með að fólk skipuleggi sig vel fyrir innkaupaferðir og hætti að líta á síðasta sölundag sem heilagan sannleik.

Hvernig skipuleggur þú þig fyrir innkaupaferðir? „Ég geri matseðil fyrir vikuna á hverjum sunnudegi og fer og



theater  
mogul

kynnir

Bæjarbíó  
Hafnarfirði

Gamla Bíó  
Reykjavík



# HALLISBÚINN

Leikari: Jól Sæmundsson

Leikstjórn: Emma Peirson



MÍÐASALA Á MIÐI.IS



# VIÐ SJÁUM UM

VIÐHALD OG VIÐGERÐIR  
Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM



Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík  
Sími: 517 0900 / 777 1901  
www.kaelivirkni.is



Bros auglýsingavörur með þínu merki

Skoðaðu litríkt úrval á [bros.is](http://bros.is)

Bros auglýsingavörur,  
Norðlingabraut 14.



## Ágluggar og hurðir



CE - merkt framleiðsla

- Íslensk framleiðsla, framleitt af IDEX ágluggum ehf.
- Hágæða álprófilkerfi frá Schüco
- Schüco tryggir lausnir og gæði
- Þekking og þjónusta
- Áralöng reyngsla

Fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga

**IDEX**

idex.is - sími 412 1700

framl. - sölu- og þjónustuaðili Schüco á Íslandi

**SCHÜCO**

- þegar gæðin skipta máli

Þarftu að ráða?  
Iðnaðarmann  
Bílstjóra  
Bifvélavirkja  
Þjónustufólk  
Öryggisvörð  
Lagerstarfsmann  
Matreiðslumann

**elja**  
Starfsmannþjónusta

Láttu okkur ráða

Elja starfsmannþjónusta 4 150 140 [elja.is](http://elja.is) [ELJA@ELJA.IS](mailto:ELJA@ELJA.IS)

# Hildur dúndrar í haustslagara

Hildur sendir í dag frá sér glænýtt lag sem hún vann með StopWaitGo og nefnist Næsta sumar. Lagið fjallar um að stoppa ekki fjörið þó að sumrinu sé að ljúka og því er kannski við hæfi að tala um að þetta sé haustslagari.

Lagið heitir Næsta sumar. Ég vann þetta lag með StopWaitGo – þetta er fyrsta lagið sem ég hef gert með þeim, þannig að þetta lag er poppslagari eins og þeir eru svo frægir fyrir að gera. Þetta finnst mér svolítið forvitnileg samvinna. Næsta sumar var samið í sumar og ég var svolítið innblásin af því hversu uppteknir Íslendingar eru af því að hafa ógeðslega gaman á sumrin og að þeim finnst allt best á þeim árstíma – lagið fjallar svolítið um það að stoppa ekki fjörið þó að sumarið sé búið heldur halda því áfram fram að næsta sumri," segir Hildur um nýjasta lagið sem hún sendir frá sér í dag. Og það kemur heldur betur í tæka tíð enda er ágúst um það bil að klárast og haustið fer að taka við.

„Já, þetta kemur á réttum tíma, sumarið alveg að verða búið og haustið handan við hornið. Núna getum við haldið áfram að hafa gaman fram á næsta sumar.“ Þannig að það má segja að hér sé fæddur poppslagari vetrarins?

„Ég er að spá í hvort þetta geti heitið haustslagari eða eitthvað. Þetta er svolítið myndið – það er eins og fólk geti bara gert slagara á sumrin og það er ekkert viðurkennt orð yfir haust- og vetrarslagara. Ég er vonandi að breyta því," segir Hildur hlæjandi. Laginu fylgir að sjálfsgöðu myndband – um er að ræða textamyndband sem Andrea Björk Andrésdóttir sá um að hræra

Hafdis segir alla keppendur hafa



Hildur hefur engan áhuga á að hætta fjörið þótt sumarið sé búið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

í, en hún sá einnig um myndböndin við lögin Bammbaramm og Would You Change? fyrir Hildi.

„Hún býr úti í Berlín þannig að þetta er svona samstarf sem fer í gegnum Skype og internetið, alveg ótrúlegt. Ég er mjög ánægð með það sem hún gerir enda er hún rosalega klár þannig að við ákváðum að henda í eitt textamyndband af því að það er svolítið inn núna. Það er fint að geta sungið með án þess að þurfa að finna karókiútgáfu.“

Hildur segist aðspurð ekkert vera að stefna neitt sérstaklega á nýja plötu og þetta lag sé einfaldlega bara að koma út vegna þess að hana langaði til að gefa út nýtt lag. Það er ekki svo langt síðan hún gaf út EP-plötuna sína Heart to Heart, en hún kom út í vor.

„Þetta er svolítið nýr tónn. Ég er ekkert búin að ákveða hvort þetta verður á plötu eða ekki. Eins og svo margir tónlistarmenn þessa dagana

þá er ég þínu bara að hugsa í lögum frekar en plötum.“

Það sem er helst annað að fréttastar Hildi er að hún hefur verið að semja slatta fyrir aðra og er að fara í sérstakar lagasmíðabúðir.

„Ég er að fara til Þýskalands í lagasmíðabúðir í september. Ég fór í tvennar þannig í sumar. Þetta er geðveikt gaman – ég fer þarna sem lagahöfundur og er að semja fyrir aðra. Maður hittir artista frá ýmsum stöðum sem eru kannski að leita að ... kántríballöðu, eða eitthvað, og þá bara semur maður það. Ég er líka að fá í heimsókn núna á föstudaginn fólk frá Finnlandi sem ég samdi lag fyrir í svona smíðju í sumar – þau eru að koma til landsins til að taka lagið upp. Maður veit aldrei hvað gerist með þessi lög en þetta er allavega að fara að verða að einhverju," segir Hildur að lokum. Lagið og myndbandið má finna á [visir.is](http://visir.is). [stefanthor@frettabladid.is](mailto:stefanthor@frettabladid.is)

## Allar höfðu jafn mikla möguleika á sigri

Ungfrú Ísland-keppnin fór fram á laugardaginn og í kjölfar hennar spratt upp umræða um útlitstaðla keppninnar. Fyrirsætan og þyrflugmaðurinn Ásdís Rán Gunnarsdóttir greindi til að mynda frá sinni skoðun á Snapchat og sagði keppendur í yfirþyngd ekki eiga möguleika á að sigra vegna staðla sem Miss World-keppnin setur. En Hafdis Jónsdóttir, einn eigenda Ungfrú Ísland, segir umræðuna á villigötum. „Það er ekkert í samningum Miss World við Ungfrú Ísland um hæð eða þyngd," segir Hafdis. „Eina kvöðin er að sú stúlka sem tekur þátt fyrir hönd Íslands í Miss World verður að hafa hlotið titilinn Ungfrú Ísland og við þurfum að greiða þátttökugjald ásamt því að koma stúlkunni út til Kína," útskýrir Hafdis.

Hafdis segir alla keppendur hafa



Hafdis Jónsdóttir segir ekkert um hæð eða þyngd koma fram í samningum Miss World við Ungfrú Ísland. MYND/SIGURJÓN

haft jafna möguleika á laugardaginn. „Það eru fimm titlar í boði og þeir eru mjög ólíkir og allar eiga jafn mikla möguleika," útskýrir Hafdis en titlarnir sem um ræðir eru íþróttastúlkan, vinsælasta stelpan, hæfileikastúlkan og módelstúlkan til viðbótar við Ungfrú Ísland.

Hafdis segir keppnina á laugardaginn hafa gengið eins og í sögu og áhugi landsmanna leyni sér ekki. „Um 400 manns höfðu á þessar fráberu stelpur koma fram í fyrsta sinn á sviði og þær stóðu sig eins og módel sem hafa það að fullri atvinnu að koma fram á svona sýningum. Fyrir utan 400 manns sem voru á staðnum þá voru um 30.000 IP-tölur sem fylgdust með í gegnum Facebook-streymið sem þýðir tveir til þrjár á bak við hverja IP tölu og jafnvel meira svo áhuginn er mikill." – gha

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson [svanur@365.is](mailto:svanur@365.is) ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason [gustaf@365.is](mailto:gustaf@365.is), Hafsteinn Hafsteinsson [hafsteinn@365.is](mailto:hafsteinn@365.is), Hjördís Zoëga Hjördís [hjordis@365.is](mailto:hjordis@365.is), Sígfrús Órn Einarsson [sigfus@365.is](mailto:sigfus@365.is), Órn Geirsson [orn.geirsson@365.is](mailto:orn.geirsson@365.is) FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann [atli.bergmann@365.is](mailto:atli.bergmann@365.is), Jóhann Waage [johannwaage@365.is](mailto:johannwaage@365.is), Jón Ivar Vilhelmsson [jonivar@365.is](mailto:jonivar@365.is), Ólafur H. Hákonarson [olafurh@365.is](mailto:olafurh@365.is), FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir [solveig@365.is](mailto:solveig@365.is) og Vera Einarsdóttir [vera@365.is](mailto:vera@365.is) RADAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrónnar Helgason [hroonnar@365.is](mailto:hroonnar@365.is), Viðar Ingi Pétursson [vidar@365.is](mailto:vidar@365.is) ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir [arnarut@365.is](mailto:arnarut@365.is), Sigrún Helga Guðmundsdóttir [sigrunh@365.is](mailto:sigrunh@365.is)

**BÝR LÍTILL**  
*dansari*  
**Á ÞÍNU HEIMILI?**



**Dansnám er gott  
veganesti út í lífið.**

Samkvæmisdansar eru  
skapandi hreyfing sem eykur  
líkamlegt úthald og fimi, auk þess  
að æfa framkomu og efla þannig  
sjálfstraust og félagsfærni.

Inni á **barnadansar.is** finnur þú rétta  
dansnámskeiðið fyrir barnið þitt.

**barnadansar.is**





## BAKÞANKAR

Kristínar Ólafsdóttur



## Loforð (og lygar) að hausti

Það er komið að því. Sumarið hefur formlega runnið sitt skeið. Fólk snýr heim úr fríi, stráhattar eru komnir á útsölu og rútinan byrjar að púsla saman raunveruleikanum. Það er haust.

Það sem markar þó allra helst upphaf haustsins, árstíðarinnar þar sem trefill er enn fashion-statement og ekki ill nauðsyn, er skólinn. Dyr menntastofnana eru opnaðar á ný, að því gefnu að kennararnir séu ekki heima með niðurgang eftir neyslu á óhreinu salati frá Ítalíu, og fróðleiksbýrstir nemendur setjast á skólabekk. Stundum jafnvel fullir tilhlökkunar.

Skólabyrjun er nefnilega ekki bara til marks um árstíðaskil heldur er hún einhvern veginn táknmynd nýs upphafs. Fjarvistir síðasta skólaárs skipta ekki lengur máli. Allt sem einu sinni miður fór er máð út og skjöldurinn er hreinn – upphafið er nýtt og fyrirheitin eru fögur. Mantran „læra jafnt og þétt yfir veturinn“ er greypt logandi tengiskrift í heilann á manni.

Ég ætla að lesa fyrir hvern einasta tíma, segir maður kannski við sjálfa sig. Ég lofa. Og ég ætla að byrja á öllum heimaverkefnum með þægilegum fyrirvara, segir maður kannski líka. Ég lofa. Og ég ætla sko alls ekki að senda kennaranum örlitla hvíta lygi í tölvupósti vegna þess að ég drakk óvart svolitíð marga bjóra á þriðjudaginn og ritgerðin er enn bara inngangur og fjórðipartur af meginmáli. Ég lofa.

Maður man nefnilega enn svo vel hvernig þetta gerðist allt síðasta skólaár. Og öll hin þar á undan. Og svo man maður að loforðin eru auðvitað enn þau sömu. En í þetta skiptið verður þetta samt, sko, öðruvísi. Ég lofa.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ



Iceland

Allt í barnaafmælin



Finndu okkur á

**PARTYBÚÐIN**

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

# Fore!

## GOLFSETTIÐ FYLGIR MEÐ

### ALICANTE frá

# 7.999 kr.\*

Tímabil: sept.–nóv.

Fljúgðu með WOW air til Alicante og taktu teighöggið í spænskrí sól. Sólríkar strendur, svalandi drykkir og glæsilegir golfvöllir. Farangursheimild fyrir eitt golfsett er innifalín í flugverði og bætist sjálfkrafa við í bókunarferli ef flugið er bókað fyrir kl. 23:59, 1. september 2017.

**BÓKAÐU NÚNA Á WOWAIR.IS**

**WOW**  
air